

## EFNISYFIRLIT

ÁVARP REKTORS .....	3
1. INNGANGUR .....	4
2. STEFNA OG MARKMIÐ .....	5
3. STJÓRNENDASKÓLI HR .....	7
4. ALMANAK 2002 - 2003 .....	8
5. LAGAEILD .....	11
5.1. Stefna og markmið lagadeildar .....	11
5.2. Námsleiðir .....	12
5.3. Fyrsta námsár .....	13
5.6. Rannsóknarstofnanir á vegum lagadeildar HR .....	22
5.7. Um námsmat og einkunnagjöf .....	22
5.8. Framvindureglur í lagaeild .....	22
5.9. Reglur um mat á fyrra námi vegna grunnnáms í lagaeild .....	23
5.10. Forsetalisti .....	24
6. TÖLVUNARFRÆÐIDEILD .....	26
6.1. Stefna og markmið tölvunarfræðideildar .....	27
6.2. Uppbygging námsins .....	27
6.3. Námsleiðir og kjörsvið í BS námi .....	28
6.4. Námskeið .....	30
6.5. Fyrsta námsár .....	31
6.6. Annað námsár .....	38
6.7. Þriðja námsár .....	47
6.8. Fjarnám .....	56
6.9. Háskólanám með vinnu (HMV) .....	58
6.10. Meistaránám .....	59
6.11. Framvindureglur í tölvunarfræðideild .....	60
6.12. Forsetalisti .....	61
6.13. Nefndir og ráð .....	62
7. VIÐSKIPTAEILD .....	64
7.1. Skipulag deildarinnar – nefndir og ráð .....	65
7.2. BS- og diplománám - nám á fyrsta háskólastigi .....	68
7.3. Námskeiðslýsingar .....	72
7.4. Framvindureglur viðskiptadeildar HR .....	92
7.5. Mat á fyrra námi á háskólastigi .....	94
7.6. Forsetalisti .....	94
8. REGLUR .....	96
8.1. Almennar námsreglur .....	96
8.2. Reglur um próf og einkunnir .....	97
8.3. Siðareglur Háskólans í Reykjavík .....	100

8.4. Umgengni .....	103
9. ÞJÓNUSTA .....	104
9.1. Rannsóknir .....	104
9.2. Stúdentaskipti .....	104
9.3. Bókasafn og upplýsingaþjónusta .....	105
9.4. Námsráðgjöf .....	106
9.5. Þjónustu- og rekstarsvið .....	106
9.6. Umsóknir og innritun .....	107
9.7. Vefur Háskólans í Reykjavík .....	108
10. VISKA, STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK .....	109
11. RU ALUMNI .....	109
12. STARFSFÓLK .....	110

*Kæru stúdentar Háskólans í Reykjavík*

Skólaárið 2003-2004 er hið sjötta í viðburðarikri sögu Háskólans í Reykjavík (HR). Hlutverk HR er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með nýsköpun, tækniþróun og alþjóðavæðingu að leiðarljósi. Við HR starfa nú þrjár deildir, lagadeild, tölvunarfræðideild og viðskiptadeild, auk Stjórnendaskóla HR sem býður upp á fjölbreytt nám fyrir stjórnendur og sérfræðinga úr íslensku atvinnulífi. Skólinn hefur þróast ört og þrátt fyrir ungan aldur státar hann af viðtæku samstarfi við erlenda skóla og íslenskt atvinnulíf. Fjöldi stúdenta við HR hefur riflega fjórfaldast frá stofnun skólans, árið 1998 hófu um 300 stúdentar nám við hann en í ár verða stúdentar í HR um 1400 talsins.

Á fyrstu setningarhátið HR árið 1998 hétum við því að opna nýjan skóla á hverju ári og fylgjast vel með því sem best er gert á sviði háskólamenntunar. Stofnun lagadeildar HR á síðasta skólaári var stór stund og í raun sögulegur viðburður í íslensku samfélagi. Ég trúi því að starfsemi deildarinnar verði Háskólanum í Reykjavík og íslensku samfélagi til heilla. Tölvunarfræðideild býður upp á krefjandi BS-nám, fjarnám og háskólanám með vinnu (HMV) auk þess sem rannsóknartengt meistaranám í tölvunarfræði verður í boði í fyrsta sinn haustið 2003. Auk BS-náms og HMV í viðskiptadeild verður boðið upp á meistara- og MBA-nám eins og undanfarin ár. Þar geta stúdentar nú valið um áhersluþætti á sviði mannauðsstjórnunar, rafrænna viðskipta og í fyrsta sinn á sviði fjármála.

Með stuðningi frá fyrirtækjum landsins, Bandamönnum skólans og erlendum og innlendum sjóðum, auk þátttöku menntamálaráðuneytis, hefur rannsóknarstarfsemi HR eflst mikið á síðustu misserum. Starfsmenn skólans taka þátt í samstarfi við erlenda fræðimenn og skóla víða um heim. Nú starfa þrjár rannsóknarstofnanir við skólann og áætlað er að þeim fjölgi í náinni framtíð.

Starfsemi HR einkennist af metnaði, krafti, uppbyggilegum anda, samvinnu og umfram allt krefjandi námi. Allir stúdentar í HR eiga þess kost að læra að búa til fyrirtæki. Nýsköpun í atvinnulífi er ekki einungis fyrsta leiðarljós HR heldur líka skyldufag í viðskiptadeild og lagadeild. Stúdentum í tölvunarfræðideild er einnig boðið að læra um atvinnusköpun. Stúdentar HR eiga að verða öflugir greinendur og gagnrýnendur, auk þess sem við leggjum mikið upp úr að þeir verði gerendur sem óhikað takast á við vandasöm og krefjandi verkefni. Það er með stolti og tilhlökkun sem ég geng til leiks á þessu sjötta starfsári skólans - fullviss um að samstarfið við stúdenta verði jafn árangursríkt og ánægjulegt og það hefur verið hingað til. Gerið ávallt ykkar besta!

*Guðfinna S. Bjarnadóttir*  
*rektor*

## 1. INNGANGUR

Sjötta kennsluskrá Háskólans í Reykjavík (HR) lítur hér með dagsins ljós. Hún gildir fyrir skólaárið 2003-2004.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Markmið skólans eru birt í kennsluskránni.

Við háskólann starfa þrjár deildir: lagadeild, tölvunarfræðideild og viðskiptadeild. Einnig starfrækir HR þjónustu við atvinnulífið, Stjórnendaskóla HR, sem hefur það hlutverk að bjóða fyrirtækjum og stofnunum atvinnulífsins sérsniðna fræðslu-þjónustu.

Við **lagadeild** HR er boðið uppá þriggja ára grunnám í lögfræði til BA gráðu (90 ein.) og tveggja ára (60 ein.) framhaldsnám til meistarafráðu, ML í lögfræði. Þeir nemendur sem ljúka bæði grunn- og framhaldsnámi hafa þar með lokið heildstæðu fullnaðarnámi í lögfræði.

Í **tölvunarfræðideild** er boðið upp á þriggja ára BS nám í tölvunarfræði, alls 90 einingar. Þar er kappkostað að byggja upp jöfnum höndum sterkan fræðilegan grunn og hagnýta þekkingu. Auk hefðbundins BS - prófs í tölvunarfræði er boðin sú leið að ljúka BS - prófi í tölvunarfræði með viðskiptafræðivali eða raunvísindavali. Þar að auki býðst nemendum að útskrifast eftir tvö ár með prófgráðuna kerfisfræðingur-HR. Tölvunarfræðideild HR býður námsefni fyrstu tveggja ára í fjarnámi og háskólanámi með vinnu (HMV). Fjarnám deildarinnar fer fram í sérhönnuðu fjarnámsumhverfi sem verið hefur í þróun á undanförunum árum og byggir nær eingöngu á samskiptum á netinu. Á haustönn 2003 verður í fyrsta sinn boðið upp á meistaranám (MS) við tölvunarfræðideild HR. Um er að ræða tveggja ára (60 eininga) nám með rannsóknaráherslu, 30 einingar í námskeiðum á fyrra árinu og 30 einingar í rannsóknarverkefni á síðara árinu.

**Viðskiptadeild** býður upp á BS nám í viðskiptafræði (90 ein) sem hægt er að taka sem sex anna nám í dagskóla (3 ár) eða sem 9-10 anna nám í *Háskólanámi með vinnu* (3,5 ár þar sem einnig er kennt á sumrin). Diplomanám í viðskiptafræðum (45 ein) er fyrir þá sem vilja leggja stund á styttra háskólanám.

Eftirfarandi framhaldsnám er í boði: MBA-nám sem gefur m.a. kost á sérhæfingu í mannauðsstjórnun, fjármálum eða á rafrænum viðskiptum sem er námsleið í samvinnu við tíu alþjóðlega háskóla (GeM). MSc nám í fjármálum og mannauðsstjórnun er í boði sem viðbót við MBA-nám með viðkomandi sérhæfingu. PhD-nám í samvinnu við Copenhagen Business School. Viðskiptadeild býður einnig upp á *Rannsóknarþjónustu* og rannsóknarsamstarf með ýmsum innlendum og erlendum fyrirtækjum og stofnunum.

Í þessari kennsluskrá er gerð grein fyrir hlutverki, stefnu og markmiðum Háskólans í Reykjavík. Helstu viðburðir skólaársins eru tíundaðir ásamt dagsetningum þeirra og í skránni er að finna lista með nöfnum starfsfólks. Gerð er grein fyrir þjónustu og aðstöðu og helstu reglur skólans eru reifaðar. En fyrst og fremst er skránni ætlað að kynna nám á 1. háskólastigi, jafnt skipulag þess sem og inntak einstakra námskeiða til þess að auðvelda nemendum að skipuleggja nám sitt í samræmi við sín markmið.

## 2. STEFNA OG MARKMIÐ

Háskólinn í Reykjavík er þjónustufyrirtæki sem stuðlar að þekkingarmiðlun og þekkingaröflun í nánnum tengslum við atvinnulífið. Skólinn á að þjóna nemendum, starfsfólki, atvinnulífinu og íslensku samfélagi. Stefnt er að markvissu og árangursríku skólastarfi í samræmi við hlutverk og markmið skólans.

Hlutverk skólans er:

*Að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.*

Framtíðarsýn skólans er að hann njóti viðurkenningar hérlendis og erlendis fyrir þekkingarmiðlun og rannsóknir. Starfsemi hans hefur að leiðarljósi:

1. Nýsköpun
2. Tölvu- og tækniþróun
3. Alþjóðavæðing

Markmið skólans eru að:

- *útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi fagmenn sem eru eftirsóttir í atvinnulífinu og eiga greiðan aðgang að erlendum háskólum*
- *nemendur séu búnir undir að axla ábyrgð í atvinnulífinu og í samfélaginu*
- *námið sé samþætt og stuðli að vísýni nemenda*
- *námið sé hagnýtt og í tengslum við atvinnulífið*
- *námið verði í stöðugri þróun í sibreytilegu umhverfi*

Skilgreining á markmiðum HR:

**1. Útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi fagmenn sem eru eftirsóttir í atvinnulífinu og eigi greiðan aðgang að erlendum háskólum.**

Lögð er áhersla á að nýta vel þann tíma sem nemendur verja í Háskólanum í Reykjavík. Skólinn býður krefjandi nám sem býr nemendur undir atvinnuþátttöku á kröfuhörðum markaði. Einnig er stefnt að góðum undirbúningi fyrir þá nemendur sem kjósa að halda áfram námi eftir útskrift frá HR.

**2. Nemendur séu búnir undir að axla ábyrgð í atvinnulífinu og í samfélaginu.**

Nemendur eru þjálfaðir markvisst í ýmsum þáttum sem auka getu þeirra til að axla

ábyrgð í íslensku atvinnulífi og í samfélaginu. Meðal annars er lögð áhersla á hópvinna, framsögn, vönduð vinnubrögð og virðingu í samskiptum.

### **3. Námið sé samþætt og stuðli að víðsýni nemenda.**

Háskólinn í Reykjavík býður samþætt nám í þremur meginreinum viðskiptalífs: lögfræði, tölvunarfræði og viðskiptafræði. Námið er byggt upp til að tryggja þverfaglega þekkingu og víðsýni nemenda. Námsframboð er endurskoðað reglulega.

### **4. Námið sé hagnýtt og í tengslum við atvinnulífið.**

Stefnt er að því að nemendur vinni raunhæf, hagnýt verkefni í tengslum við atvinnulífið. Verkefni þyngjast stig af stigi með hverju námsári. Nemendum tölvunarfræðideildar er ætlað að geta unnið við öll stig hugbúnaðargerðar og skipulagt og séð um tölvuvæðingu hjá fyrirtækjum. Val á verkefnum nemenda tölvunarfræðideildar miðast við ofangreint markmið. Í viðskiptadeild er nemendum ætlað að geta stofnað og rekið sitt eigið fyrirtæki, auk þess að verða viðurkenndir og eftirsóttir fagmenn í viðskiptalífinu. Á fyrsta ári þurfa nemendur t.d. að vinna verkefni sem felst í stofnun fyrirtækis þar sem námsgreinar fyrsta ársins eru samþættar á raunhæfan hátt. Á öðru ári er unnið raunhæft stefnumótunarverkefni í samvinnu við fyrirtæki. Skólinn starfrækir einnig þjónustu fyrir atvinnulífið, Stjórnendaskóla HR, sem býður bæði sérhönnuð og almenn námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir atvinnulífsins.

### **5. Námið verði í stöðugri þróun í síbreytilegu umhverfi.**

Skólinn mun þróast til að mæta hlutverki sínu, þ.e. að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Skólinn á að vera leiðandi í nýjungum á viðskipta- og tæknisviði. Stuðst er við þróun í völdum viðmiðunarháskólum erlendis og reynt að koma til móts við þarfir viðskiptalífsins í framtíðinni. Gert er ráð fyrir örrí þróun á sviði tækni, upplýsinga og viðskipta á komandi árum og skólinn stefnir að því að taka þátt í þeirri þróun.

### **Mat á skólastarfinu er þríþætt:**

- námsmat
- kennslumat
- árangursmat

#### **Námsmat**

Námsmat byggist á áfangaprófum, einstaklingsverkefnum, hópverkefnum og loka-prófum. Einnig verður mat á fyrirlestrum og framsögu nemenda.

#### **Kennslumat**

Nemendur meta kennara og kennslu á hverri önn. Kennslumatið er viðhorfskönnun meðal nemenda þar sem m.a. er spurt um tengingu námskeiðsins við raunveruleikann, áhuga nemenda, áhuga kennara, undirbúning kennara, gæði námsefnis og fleira.

## **Árangursmat**

Við mat á árangri Háskólans í Reykjavík verða nýttir mælikvarðar sem tengjast stefnu og markmiðum hans. Meðal mælikvarða er velgengni nemenda að loknu námi, þ.e. hlutfall nemenda í vinnu, meðaltekjur, viðfangsefni nemenda, frammistaða á inntökuprófum í aðra háskóla og velgengni í öðrum háskólum. Aðrir mælikvarðar, sem verða nýttir, eru viðhorf atvinnulífs til skólans og útskrifaðra nemenda, viðhorf nemenda, mat á starfi skólans og samanburður við aðra skóla.

## **3. STJÓRNENDASKÓLI HR**

Hlutverk Stjórnendaskóla HR er að sinna þörfum atvinnulífsins fyrir þekkingarmiðlun og símenntun stjórnenda og sérfræðinga. Í því skyni heldur Stjórnendaskólinn fjölda opinna námskeiða þar sem einstaklingum gefst kostur á að afla sér haldgóðrar þekkingar á flestum sviðum viðskipta og stjórnunar. Tækniakadémía Stjórnendaskólans býður að auki sérstök námskeið á sviði upplýsingatækni og rafrænna viðskiptahátta. Aðaláherslan í starfi Stjórnendaskólans liggur þó í sérsniðnum lausnum fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Þar liggur að baki skilningur sérfræðinga skólans á því að hvert fyrirtæki er einstakt. Þess vegna skilar nám, sem sérsniðið er að einkennum og þörfum hvers fyrirtækis, hámarksárangri.

Viðskipta- og rekstrarumhverfi hefur breyst gífurlega á síðastliðnum áratug og allt bendir til að breytingar verði enn meiri og hraðari á komandi árum. Alþjóðavæðingin, tæknibyltingin, Internetið, hlutfjármarkaðir og breytt neyslumynstur hafa haft hvað mest áhrif á þessa þróun. Í þessum síbreytilega heimi er mikilvægara en nokkru sinni fyrir að auka þekkingu og viðhalda henni. Þau fram-sæknu fyrirtæki, sem fjárfesta í símenntun stjórnenda og lykilstarfsfólks, verða betur í stakk búin til að takast á við framtíðina og munu þess vegna skara fram úr. Stjórnendaskóli HR getur aðstoðað fyrirtæki við að takast á við þær miklu breytingar sem framundan eru og gert þeim kleift að nýta þau tækifæri sem framtíðin býður.

Frekari upplýsingar um námskeið og sérsniðnar þekkingarlausnir eru að finna á vefsíðu Stjórnendaskóla HR: **[www.stjornendaskoli.is](http://www.stjornendaskoli.is)**.

## 4. ALMANAK 2002 - 2003

### **Haustönn 2003**

Pri. 5. ágúst	Eindagi skólagjalda haustannar
Pri. 5. ágúst – fim. 21. ágúst	Undirbúningsnámskeið í stærðfræði H MV VD
Mán. 11. ágúst – fös. 22. ágúst	Undirbúningsnámskeið í stærðfræði í hefðbundnu námi VD
Fim. 21. ágúst	Setning kl. 14
Fim. 21. ágúst	Kennsla hefst í MBA-HRM
Fös. 22. ágúst	Kynningardagur
Lau. 23. ágúst	Kynning MBA
Mán. 25. ágúst	Kennsla hefst á haustönn
Mán. 25. ágúst – fös. 5. sept.	Nemendur geta breytt skráningu námskeiða
Fim. 28. ágúst	Kennsla hefst í MBA
Mið. 1. okt.	Próftafla birt
Fös. 24. okt.	Síðasti dagur til að skrá sig úr námskeiðum haustannar
Mán. 27. okt. – fös. 31. okt.	Kennslumat á haustönn í TD
Mán. 3. nóv. – fös. 7. nóv.	Kennslumat á haustönn í VD og LD
Mán. 20. okt. – 3. nóv.	Skráning vorannar
Fös. 14. nóv.	Síðasti kennsludagur í bóklegum námskeiðum í TD
Mán. 17. nóv. - mán. 24. nóv.	Próf í TD
Fös. 21. nóv.	Síðasti kennsludagur í VD
Mán. 24. nóv. - mán. 8. des.	Próf í VD
Mið. 26. nóv.	Verkleg námskeið og sérhæfð námskeið í TD hefjast
Fös. 28. nóv.	Síðasti kennsludagur í LD
Lau. 29. nóv.	Síðasti kennsludagur í MBA-HRM
Mán. 1. des. - þri. 9. des.	Próf í LD
Mán. 8. des.	Birting einkunna í bóklegum námskeiðum í TD
Mán. 8. – mið. 10. des.	Skráning í sjúkra- og endurtektarpróf í TD
Þri. 16. des.	Skil á verkefnum í verklegum námskeiðum í TD. Síðasti kennsludagur í sérhæfðum námskeiðum
Þri. 16. des.	Skil á BS ritgerðum VD
Fim. 18. des. – fös. 19. des.	Próf í verklegum og sérhæfðum námskeiðum í TD
Fös. 19. des.	Birting einkunna í VD og LD
Fös. 19. des – mán. 22. des.	Skráning í sjúkra- og endurtektarpróf í VD og LD
Fös. 2. jan. – þri. 6. jan.	Sjúkra- og endurtektarpróf í TD, VD og LD
Mán. 19. jan.	Birting einkunna sjúkra- og endurtektarprófa í TD, VD og LD
Mið. 21. jan.	Forsetalisti birtur

### **Vorönn 2004**

Janúar	Fundur rektors með stúdentum
Mán. 5. jan.	Eindagi skólagjalda í MBA-HRM
Mið. 7. jan.	Kennsla hefst á vorönn
Mið. 7. jan. – fim. 22. jan.	Nemendur geta breytt skráningu námskeiða



Fim. 8. jan.	Kennsla hefst í MBA-HRM og MBA
Fös. 9. jan.	Skil á tillögu að BS-verkefni í VD til leiðbeinenda
Fim. 15. jan.	Eindagi skólagjalda
Mán. 9. feb. – þri. 9. mars	Skráning í útskrift
Fös. 13. feb.	Skráning í námskeið sumarannar 2003 hefst
Fös. 20. feb.	Síðasti dagur til að skrá sig í námskeið sumarannar
Mán. 23. feb. – fös. 27. feb.	Kennslumat á vorönn í VD
Fös. 5. mars.	Síðasti dagur til að skrá sig úr námskeiðum vorannar
Mán. 8. mars – fös. 12. mars	Kennslumat á vorönn í TD og LD
Mán. 22. mars	Skráning í námskeið haustannar 2004 hefst
Fös. 26. mars	Skiladagur á lokaverkefni í MBA-HRM
Mið. 31. mars	Síðasti kennsludagur í bóklegum greinum í TD, VD og LD
Fim. 1. apr. – þri. 20. apr.	Próf í bóklegum greinum í TD, VD og LD
Mið. 7. apríl - mán. 12. apríl	Páskafrí
Mið. 21. apríl	Verkleg námskeið hefjast á 1. ári í TD og LD og 1. og 2. ári í VD
Mið. 21. apríl	Sérhæfð námskeið hefjast í TD
Fös. 23. apríl	Skil á lokadrögum BS-verkefna
Fös. 30. apríl.	Síðasti kennsludagur MBA
Mán. 3. maí	Skráningu í námskeið haustannar 2004 lýkur
Fim. 6. maí	Birting einkunna í TD, VD og LD
Fim. 6. – fös. 7. maí.	Skráning í sjúkra- og endurtektarpróf
Mán. 10. maí	Skil lokaverkefna í TD
Mið. 12. maí	Seinasti kennsludagur í verklegum og sérhæfðum námskeiðum
Fös. 21. maí	Skil á BS-ritgerðum í VD
Fim. 13. maí – fös. 14. maí	Próf í verklegum námskeiðum á 1. ári í TD og LD og á 1. og 2. ári í VD
Mán. 17. maí - mið. 19. maí	Kynning á lokaverkefnum nemenda á 2. ári í TD
Mið. 19. maí	Skil á BS-ritgerðum í TD
Mið. 19. – lau. 22. maí	Sjúkra- og endurtektarpróf í TD, VD og LD
Fös. 28. maí	Birting einkunna í verklegum og sérhæfðum námskeiðum TD, VD og LD
Fim. 3. júní	Birting einkunna sjúkra- og endurtektarprófa
Lau. 5. júní	Brautskráning
Fös. 11. júní	Forsetalisti birtur
Júní	Útskrift í MBA-HRM

### **Sumarönn 2004**

Mán. 5. apríl	Eindagi skólagjalda fyrir sumarönn
Mið. 21. apríl	Sumarönn HMV TD hefst
Mið. 21. apríl – fim. 24. júní	1. og 2. námskeið sumarannar HMV VD
Fös. 7. maí	Síðasti dagur til að skrá sig úr 1. námskeiði sumarannar HMV VD
Fös. 28. maí	Síðasti dagur til að skrá sig úr 2. námskeiði sumarannar HMV VD

Mið. 9. júní	Kennslumat fyrri hluta sumarannar VD
Mán. 28. júní – mán. 26. júlí	Sumarfrí HMV VD
Fim. 1. júlí	Sumarönn TD lýkur
Þri. 27. júlí – lau. 21. ágúst	3. námskeið sumarannar HMV VD
Fim. 5. ágúst	Síðasti dagur til að segja sig úr 3. námskeiði sumarannar HMV VD
Mið. 11. ágúst	Kennslumat seinni hluta sumarannar
Fös. 20. ágúst	Skil á BS-ritgerðum VD
Mán. 30. ágúst – fös. 3. sept.	Sjúkra- og endurtektarpróf sumarannar HMV VD

## 5. LAGAEILD

### Forseti

Þórður S. Gunnarsson 510 6241 thordurg@ru.is

### Kennarar

Aðalsteinn E. Jónasson, lektor 510 6281 adalsteinn@ru.is  
 Einar Páll Tamimi, lektor 510 6290 einar@ru.is  
 Jón Steinar Gunnlaugsson, prófessor 510 6279 jonsteinar@ru.is  
 Ragnhildur Helgadóttir, lektor 510 6282 ragnhildurh@ru.is

### Rannsóknarstaða

Guðrún Gauksdóttir, sérfræðingur 510 6291 gudrungauks@ru.is

### Stundakennarar

Halldór Jónsson 590 2600 halldorj@ru.is  
 Jóna Björk Helgadóttir jona@ru.is  
 Kristinn Freyr Kristinsson 550 5300 kristinnkr@ru.is  
 Jóhannes R. Jóhannsson 562 6969 johannesj@ru.is  
 Ólafur Finnogi Haraldsson 590 2600 olafur@ru.is  
 Matthías G. Pálsson, Ph.D 545 9900 matthias@ru.is  
 Þórólfur Jónsson 540 0300 thorolfur@ru.is

## Ráð og nefndir á vegum lagaeildar HR

### Rannsóknarráð

Ragnhildur Helgadóttir, lektor, formaður

### Námspróunarráð

Einar Páll Tamimi, lektor, formaður

## 5.1. Stefna og markmið lagaeildar

Markmið lagaeildar HR er að bjóða metnaðarfullt og nútímalegt laganám sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar sem skipi sér í fremstu röð á sínu sviði. Til að svo megi verða þarf deildin á hverjum tíma að hafa innan sinna vébanda bestu lagakennara sem völ er á . Námið og kennsluaðferðir þurfa að vera í sífelldri endurskoðun og mótun, með hliðsjón af því besta sem þekktist á sviði lagamenntunar. Gera verður mikla kröfur til nemenda um ástundun og virka þátttöku á námi.

Markmið lagaeildar HR er að efla rannsóknir á sviði lögvísinda. Til að svo megi verða þarf deildin að skapa kennurum og nemendum fyrsta flokks aðstöðu til rannsóknarvinnu m.a. á vettvangi þeirra rannsóknarstofnana sem starfa á vegum deildarinnar.

### **Við lagadeild HR er sérstök áhersla lögð á:**

- að undirbúa nemendur til starfa sem dómarmar og málflytjendur
- grunngreinar lögfræðinnar og þær greinar aðrar sem hafa raunhæfa þýðingu fyrir atvinnurekstur
- alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs og aukna þátttöku íslenskra lögfræðinga í þeirri þróun
- notkun rafrænna miðla í námi og starfi lögfræðinga
- að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð
- úrlausn raunhæfra viðfangsefna

## **5.2. Námsleiðir**

Við lagadeild HR er boðið uppá þriggja ára grunnnám í lögfræði til BA gráðu (90 ein.) og tveggja ára (60 ein.) framhaldsnám til meistara­gráðu, ML í lögfræði. Þeir nemendur sem ljúka bæði grunn- og framhaldsnámi hafa þar með lokið heildstæðu fullnaðarnámi í lögfræði.

### **Þriggja ára grunnnám**

Innan grunnnámsins er kennsla í öllum megin- eða grunn­greinum lögfræðinnar auk námskeiða í bókhaldi og greiningu ársreikninga og lögfræðilegri upplýsingaleit. Á vorönn á 1. og 2. ári er stúdentum gert að vinna að sérstökum verkefnum undir umsjón leiðbeinenda þar sem reynir á sjálfstæði í vinnubrögðum og skilning á náms­efni. Á vorönn á 3. ári gefst nemendum kostur á aukinni sérhæfingu innan lögfræðinnar með valnámskeiðum. Ennfremur gefst þeim kostur á að velja greinar innan viðskiptafræði og/eða tölvunarfræði og jafnvel utan þessara sviða. Stúdentum gefst kostur á að ljúka hluta náms við erlendar menntastofnanir og aðrar innlendar mennta­stofnanir.

### **Meistaránám**

Í boði verður meistaránám á eftirgreindum sviðum:

- Alþjóðasviði með áherslu á alþjóðalög og alþjóðaviðskipti.
- Viðskiptalögfræðisviði með áherslu á þau svið lögfræðinnar sem einkum reynir á í tengslum við atvinnurekstur, t.d. félagarétt, skattarétt, samkeppnisrétt og kauphallarétt og samþættar greinar á sviði viðskiptafræði og lögfræði.
- Málflutnings- og dómssviði með áherslu á þær greinar lögfræðinnar sem einkum reynir á í störfum lög­manna og dómara.

BA-próf í lögfræði eða sambærilegt háskólapróf í lögfræði verður almennt skilyrði fyrir inngöngu í meistaránám á málflutnings- og dómssviði en heimilt verður að veita nemendum með háskólapróf í öðrum greinum en lögfræði aðgang að meistaránámi á öðrum sviðum. Gert er ráð fyrir að meistaránám byggi að verulegu leyti á sjálfstæðri

vinnu nemenda undir handleiðslu leiðbeinenda (rannsóknartengt). Í upphafi námsins er gert ráð fyrir að allir nemendur ljúki námskeiði í vísindalegri aðferðafræði og vísindaheimspeki og fjórum valgreinum að auki, samtals 15 einingum. Meistaránámi lýkur með framlagningu og kynningu á meistaraverkefni sem vegur 45 einingar.

### 5.3. Fyrsta námsár

#### *Námskeið á haustönn:*

**L-101-ADFE Aðferðafræði** 4 ein. [ECTS:8]  
**(lagakenningar, réttarheimildir og lögskýringar)**

**Kennarar:** Þórður S. Gunnarsson, dósent og  
Jón Steinar Gunnlaugsson, prófessor.

**Námsmat:** Verkefni (einstaklings- og hópverkefni) 50%, munnlegt lokapróf (50%). Frammistaða nemenda í tímum verður metin sérstaklega við lokaekinnun og mun góð frammistaða leiða til hækkunar á lokaekinnun. Lágmarkseinnun á þessu námskeiði er 6 og gildir hún fyrir alla prófþætti, þ.e. bæði verkefni og lokapróf.

**Lesefni:** Sigurður Líndal, *Um lög og lögfræði* (2002);  
Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (1996).  
Viðbótarlesefni verður dreift í ljósriti.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar í viku og tveir verkefnatimar aðra hverja viku frá og með 7. viku.

#### **Markmið námskeiðsins er:**

- að nemendur þekki meginéinkenni íslenska réttarkerfisins
- að nemendur þekki og skilji einstakar tegundir réttarheimilida, vægi þeirra og samspil við úrlausn raunhæfra viðfangsefna.
- þekki þau gögn sem beitt er við lögskýringar.
- þekki þær lögskýringaraðferðir og sjónarmið sem beitt er við skýringu laga.

#### **Lýsing:**

Á námskeiðinu verður fjallað ítarlega um réttarheimildir og beitingu þeirra við úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna. Veruleg áhersla verður lögð á að nemendur öðlist skilning á eðli og þýðingu einstakra heimilda, samspili þeirra og vægi þegar leitast er við að komast að lögfræðilegum niðurstöðum í einstökum álitamálum. Í kennslu verður stuðst við dóma eftir því sem unnt er til skýringa á einstökum atriðum og megináhersla lögð á að þjálfa með nemandanum sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð þegar réttarheimildir og beiting þeirra er annars vegar.

Nátengt efni þessa námskeiðs er námsefni undir námskeiði L-105 þar sem nemendur

læra m.a. að leita þeirra réttarheimilda sem við eiga hverju sinni, m.a. í rafrænum miðlum. Námskeiðinu er ætlað að leggja grunn að frekara námi og rannsóknum á sviði lögfræðilegrar aðferðafræði.

## L-102 STJÓ Stjórnskipunarréttur

4 ein. (ECTS:8)

**Kennarar:** Ragnhildur Helgadóttir, lektor.

**Námsmat:** Þátttaka í umræðum og verkefnavinna (20%) og lokapróf (60%).

**Lesefni:** Fyrst og fremst verður byggt á ritunum: Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur* (1999) Helset og Stordrange, *Norsk statsforfatningsrett* (1998) Að svo stöddu er miðað við að nokkur eintök af Norsk statsforfatningsrett verði til afnota fyrir nema á bókasafninu og að nemendur þurfi því ekki að kaupa hana. Annað ítar- og hliðsjónarefni verður kynnt eða lagt fram síðar.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og einn umræðu- eða verkefnatími á viku.

### Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur:

- skilji grundvallarhugmyndir í stjórnskipunarrétti og áhrif þeirra
- þekki einkenni og sögu íslenskrar stjórnskipunar
- kunnir skil á helstu reglum um mannréttindi og vernd þeirra
- þekki helstu reglur um hlutverk, skipulag og starfsemi einstakra handhafa ríkisvaldsins, og þeirra alþjóðastofnana sem koma við sögu

### Lýsing:

Í námskeiðinu verður varpað fram grundvallarspurningum í stjórnskipunarrétti, eins og á hverju ríkisvaldið sé byggt, hvernig staða borgaranna verði best tryggð gagnvart því og til hvers stjórnarskrár séu og hvað eigi að fjalla um í þeim.

Grundvallarhugtök í stjórnskipunarrétti og meginskipulag íslenska ríkisins verða kynnt. Þannig verður fjallað um þrjúgreiningu ríkisvaldsins, lýðræði, þingræði og mannréttindi samkvæmt stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum og hvernig er staðið að vernd þeirra og hvernig skuli standa að þjóðréttarsamningum sem íslenska ríkið gerir.

Einnig verður fjallað um túlkun stjórnarskrár og um áhrif hennar og alþjóðasamninga á túlkun almennra laga. Gerð verður grein fyrir grundvallarskipulagi íslenska ríkisins, handhöfum ríkisvaldsins, hlutverki þeirra og stöðu.

**L-103 KRÖF Kröfuréttur**

4 ein (ECTS:8)

- Kennarar:** Aðalsteinn E. Jónasson, lektor  
Þórólfur Jónsson, stundakennari.
- Námsmat:** Frammistaða í tímum og raunhæf verkefni (15%), miðvetrarpróf (15%), skriflegt lokapróf (70%).
- Lesefni:** Þorgeir Örlygsson, *Kröfuréttur I, II, III og IV*. Lög og frumvörp til laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 og um fasteignakaup nr. 40/2002. Valdir kaflar úr bókunum *Obligationsrett 1, 2 og 3* eftir Bernhard Gomard. Ýmsar tímaritsgreinar, dómar og verkefni sem fjallað er um í kennslutímum.
- Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- öðlist skilning á því hvað felst í hugtakinu kröfuréttur og átti sig á þýðingu þess í réttarkerfinu fyrir hin mismunandi réttarsviði.
- þekki allar grundvallarreglur kröfuréttar.
- þekki helstu dóma sem hafa þýðingu á þessu réttarsviði.
- fái þjálfun í því að leysa raunhæf verkefni þar sem reynir á þær grundvallarreglur sem fjallað verður um.
- fái þjálfun í því að tjá sig munnlega og skriflega um viðfangsefni kröfuréttar.

**Lýsing:**

Fjallað verður meðal annars um þær reglur sem gilda um:

- stofnun kröfuréttinda
- mismunandi tegundir kröfuréttinda (almennar kröfur og viðskiptabréfakröfur)
- afmörkun kröfuréttinda gagnvart ýmsum öðrum réttindum;
- efndir kröfuréttinda
- vanefndir og vanefndaheimildir
- lögvernd kröfuréttinda
- aðilaskipti að kröfuréttindum (skuldara- og kröfuhafaskipti á bæði almennum kröfum og viðskiptabréfakröfum)
- lok kröfuréttinda.

Viðfangsefnið er yfirgripsmikið. Mun því verða leitast við að setja námsefnið fram í rauhæfum búningi, með tilvísun til dómaframkvæmdar og raunhæfra álitaefna svo nemendur skilji betur þær grundvallarreglur sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Gerð verður krafa um að nemendur séu búnir að undirbúa sig vel fyrir tíma og séu reiðubúnir til að tjá sig munnlega um dóma og efni sem sett er fyrir hverju sinni.

**L-104 BÓKH Bókhald og greining ársreikninga**

2 ein. ECTS:4)

**Kennarar:** Kristinn Freyr Kristinsson, stundakennari.  
**Námsmat:** Skilaverkefni 20%, áfangapróf 20% og lokapróf 60%.  
**Lesefni:** Edmonds/McNair/Milan/Olds.  
*Fundamental Financial Accounting Concepts*  
Lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og valdar greinar um virðisaukaskatt.  
Lög nr. 144/1994 um ársreikninga.  
Reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga.  
Annað dreifiefni sem einkum lýtur að íslenska ársreikningnum og greiningu ársreikninga.

**Kennslustundir:** Þrjú fyrirlestrar á viku og þrjú verkefnatímar í mánuði.

**Markmið námskeiðsins eru að nemendur:**

- öðlist skilning á grundvallaratriðum reikningssskila og skilji mikilvægi áreiðanlegra reikningssskila
- öðlist grundvallarskilning á lögum um virðisaukaskatt
- öðlist skilning á lögum og reglum sem gilda um ársreikninga íslenskra fyrirtækja
- öðlist skilning á helstu hugtökum og kennitölum sem birtast í íslenska ársreikningnum
- séu færir um að að greina og túlka ársreikninga.

**Lýsing:**

Kynning á undirstöðuatriðum reikningssskila, þ.m.t. færslu á tvíhliða bókhaldi og áhrifum einstakra viðskipta á rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi.

Kynning á helstu reglum sem reikningshaldið byggir á og hvernig þær tengjast mati og framsetningu á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum, s.s. innlausn tekna og gjalda, viðskiptakröfum, birgðum, varanlegum rekstrarfjármunum, langtímaskuldum og eigin fé.

Kynning á grundvallaratriðum í lögum um virðisaukaskatt og hvernig skilum á honum er háttáð með hliðsjón af reglum reikningshaldsins.

Kynning á lögum um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald þeirra.

Kynning á helstu kennitölum í ársreikningum, s.s. veltufjárhlutfalli, eiginfjárhlutfalli, veltuhraða birgða, biðtíma útistandandi krafna, V/H hlutfalli, V/I hlutfalli (Q-gildi), innra virði, arðsemi eigin fjár og hvernig þær tengjast greiningu og túlkun á ársreikningum íslenskra fyrirtækja. Ársreikningi íslensks fyrirtækis verður dreift og farið ítarlega í greiningu og túlkun á honum a.t.t.t. laga sem um hann gilda.



**L-105 UPPL Upplýsingatækni og lögfræðiupplýsingar á rafrænum miðlum** 1 ein. [ECTS:2]

<b>Umsjón:</b>	Guðrún Tryggvadóttir, forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu HR
<b>Kennarar:</b>	Guðný Ragnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Upplýsingaþjónustu Alþingis og Ragnhildur Konráðsdóttir, lektor.
<b>Lesefni:</b>	Leslisti verður lagður fram í upphafi námskeiðs
<b>Námsmat:</b>	Þrjú verkefni (85%) og eitt áfangapróf (15%)
<b>Kennslustundir:</b>	Þrjár fyrirlestrar og tveir verkefnatímar á viku

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- þekki helstu tegundir lögfræðiupplýsinga á rafrænu formi
- viti hvar rafrænar lögfræðiupplýsingar er að finna og geti leitað þeirra með markvissum hætti
- temji sér öguð vinnubrögð við öflun og meðferð upplýsinga
- geti framkvæmt hagnýtar aðgerðir í forritunum Excel, Word og Outlook
- þekki rafrænt bókasafn HR og geti notað það með markvissum hætti í námi.

Námskeiðið stendur í 6 vikur. Því er ætlað að leggja hagnýtan grunn að náminu og tengist m.a. námskeiði L-101 á raunhæfan hátt.

**Lýsing:**

Fjallað verður almennt um notkun rafrænna upplýsingamiðla í lögfræði og miðar umfjöllunin að því að nemendur fái yfirlit yfir sviðið. Nemendur læra undirstöðuatriði leitartækni. Farið verður í hagnýtar aðgerðir í völdum forritum. Lögð verður áhersla á aðgerðir sem henta lögfræðingum sérstaklega.

Sérstaklega verður fjallað um íslenskar lögfræðiupplýsingar á rafrænu formi og nemendum m.a. kynntir vefir Alþingis, Hæstaréttar og Stjórnarráðsins. Til hliðsjónar verður kynnt hvernig leitað er að lagagögnum í prentuðum útgáfum Alþingis- og Stjórnartíðinda. Nemendur kynnast Vefbókasafni HR og ýmsum upplýsingagrunnum sem HR kaupir áskrift að, s.s. Safni Hæstaréttardóma á Réttarríkinu og laga- og greinasafninu Karnov/UfR.

## Námskeið á vorönn

### L-201-SAMN Samningaréttur

4 ein. [ECTS:8]

- Kennarar:** Einar Páll Tamimi, lektor  
Dr. Matthías Pálsson, stundakennari.
- Námsmat:** Lokapróf (60%), verkefni (30%), þátttaka í tímum (10%).
- Lesefni:** Páll Sigurðsson, *Samningaréttur* (1987).  
Fjölrit samantekið af kennurum.
- Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku

#### Markmið námskeiðsins eru:

- að nemendur geri sér grein fyrir helstu kenningum um eðli samninga og skuldbindingargildi þeirra
- að gera nemendum kleift að veita lagalega ráðgjöf við samningsgerð og að ganga frá samningstexta
- að nemendur öðlist færni í að greina efni samninga er þeir fá til umfjöllunar
- að nemendur skilji tilurð samninga og endalok þeirra.

#### Lýsing:

Námskeiðið hefst á umfjöllun um hugtakið samning, fræðigreininna samningarétt og tengsl greinarinnar við önnur réttarsvið. M.a. verður fjallað um skuldbindingargildi samninga og réttarvernd þeirra. Þá verður vikið að íslensku samningalögunum, hugmyndafræðinni sem þau byggja á og tengslum þeirra við önnur norræn samningalög, sem og evrópskan samningarétt (þ.m.t. EES-samninginn.). Loks verður fjallað um skilgreiningar og inntak lykilhugtaka samningaréttarinnar.

Fjallað verður ítarlega um stofnun gilds samnings. Skoðuð verða álitæfni, s.s. hverjir geti gert samninga, kröfur um form, skyldu til samningsgerðar og svokallaða þriðja manns löggerninga. Atriði á borð við tímafresti, höfnun og gagntilboð verða skoðuð ítarlega. Þá verður fjallað um sérsjónarmið varðandi rafræna samninga í þessu samhengi. Loks verða ógildir samningar teknir sérstaklega til umfjöllunar.

Á námskeiðinu verður fjallað um efndir og vanefndir samninga, hvers konar milli-göngu við samningsgerð og túlkun samninga. Skoðuð verða refsiviðurlög er tengjast samningum og endalokum samninga gefinn sérstakur gaumur (ógildanleiki, uppsögn, riftun, tímabundnir samningar o.s.frv.). Námskeiðinu lýkur síðan á umfjöllun um sérsjónarmið um tilteknar gerðir samninga.

Kennsla mun byggja á samspili nemenda og kennara, þar sem vænst er virkrar þátttöku þeirra fyrrnefndu. Stuðst verður við dóma þar sem við á og 'abstract' hugtökum gefið líf með því að tengja þau raunhæfum dæmum, raunverulegum og uppspunnum.

Nálgun við viðfangsefnið verður að grunnstefnu óríkisbundin. Þannig verður fjallað um einstök álitæfni frá sjónarhóli ólíkra samningstegunda, t.a.m. samninga sem eru alfarið 'íslenskir', alþjóðlegra viðskiptasamninga o.s.frv.

## **L-202-FELA Félagaréttur**

4 ein. [ECTS:8]

- Umsjón:** Aðalsteinn E. Jónasson, lektor.
- Kennarar:** Halldór Jónsson, Jóhannes Rúnar Jóhannsson og Þórólfur Jónsson, stundakennarar.
- Námsmat:** Frammistaða í tímum, raunhæf verkefni og skriflegt eða munnlegt lokapróf.
- Lesefni:** Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög og einkahlutafélög*, útg. Hið íslenska bókmenntafélag 1995. Áslaug Björgvinsdóttir, *Félagaréttur*, útg. Bókaútgáfa Orators 1999. Noe Munck, Lars Hedegaard Kristensen og Jörgen Nørgaard, *Selskabsformerne, lærebog i selskabsret*, útg. Jurist- og Ökonomforbundets Forlag, 4. útgáfa.
- Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku.

### **Markmið og lýsing:**

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á grunnreglum félagaréttar og kynnist mismunandi félagaformum. Mikil áhersla er lögð á reglur um hlutafélög og einkahlutafélög en jafnframt verður fjallað sérstaklega um reglur um sameignarfélög, sjálfseignarstofnanir og önnur félagaform. Kennsla fer fram með fyrirlestrum og verður gerð krafa um þátttöku nemenda í umræðum í tímum. Lögð verður áhersla á raunhæf verkefni.

## **L-203-EIGN Eignaréttur**

4 ein. [ECTS:8]

- Kennarar:** Guðrún Gauksdóttir sérfræðingur, Halldór Jónsson, stundakennari og Ólafur Haraldsson, stundakennari.
- Námsmat:** Þátttaka og framlag í tímum 10%, verkefnavinna 20%, lokapróf 70%.
- Lesefni:** Gaukur Jörundsson: *Eignaréttur I og Eignaréttur II*, Rvk 1982-1983 (fjölrit), Þorgeir Örlygsson: *Kaflar úr eignarétti I*, Rvk 1998 (fjölrit), Þinglýsingar, Rvk. 1993, *Veðréttur*, Rvk. 2002. Annað lesefni (greinar og dómar) verður kynnt síðar.
- Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku.

**Markmið:** Að nemendur læri grundvallarreglur eignaréttar.

**Lýsing:**

Á námskeiðinu er farið yfir grundvallarreglur eignarréttar. Fræðigreinin eignarréttur er hluti fjármunaréttar, sem nær m.a. einnig yfir kröfurétt, samninga- og kauparétt og skaðabótarétt. Eignarréttindi hafa verið greind í hlutaréttindi, kröfuréttindi og hugverka- og auðkennaréttindi. Á þessu námskeiði verður einkum fjallað um hlutaréttindi, þ.e. þær grundvallarreglur sem gilda um réttindi yfir fasteignum og lausafé. Áhersla er lögð á fasteignaréttindi.

Fræðigreinin eignarréttur tekur bæði til eignarréttar og takmarkaðra eignarréttinda, t.d. afnotaréttinda, ítaksréttinda og veðréttinda. Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um hugtakið fasteign, flokkun fasteigna, mörk fasteigna og um eignarráð og takmörkun þeirra.

Fjallað verður um vissa stofnunarhætti og brottfall eignarréttar, t.d. hefð og eignarnám. Farið verður sérstaklega yfir hugtakið veðréttindi og grunnreglur um stofnun veðréttinda, með aðaláherslu á stofnun sammingsveðs og inntak þeirra réttarreglna sem um það gilda. Þá verður fjallað um þinglýsingareglur sem gilda um opinbera skráningu eignarréttinda og þau réttaráhrif sem tengjast slíkri skráningu.

**L-204-VERK Stofnun og rekstur**

3 ein. [ECTS:6]

- Kennarar:** Halla Tómasdóttir, lektor og Þórunn Jónsdóttir, lektor.  
**Námsmat:** Verkefni (60%), þátttaka (25%), þjálfarar (15%)  
**Lesefni:** Tilkynnt síðar.  
**Kennslustundir:** Tveir fyrirlestrar á viku og vinna við lokaverkefni í 3 vikur til viðbótar.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- skilji mikilvægi liðs í stofnun fyrirtækja
- öðlist aukinn skilning á liðshegðun
- læri að finna góðar viðskiptahugmyndir
- geti beitt viðskiptalegri dómgreind og haft frumkvæði
- geti gert framúrskarandi viðskiptaáætlun
- viti hvað þarf til að stofna fyrirtæki.

**Lýsing:**

Námskeiðið skiptist í fjóra meginþætti:

- (i) viðskiptatækifæri og uppsprettur þeirra - viðskiptahugmyndin,
- (ii) undirbúningur viðskiptaáætlunar - veruleikaprófið,
- (iii) framkvæmd viðskiptaáætlunar og fyrstu skrefin og
- (iv) gerð viðskiptaáætlana.

Kennt er í tólf vikur. Í lok fyrsta og annars hluta skila nemendur áfangaskýrslum til

Þjálfara að undangengnu viðtali við kennara. Síðari hlutarnir tveir koma einkum inn á þá þætti sem nemendur þurfa að hafa í huga við gerð lokaverkefnisins, en meginvinnan við lokaverkefnið fer fram að lokinni kennslu í 13. til 16. viku. Námskeiðinu lýkur með því að nemendur kynna verkefnið, sýna heimasíðu fyrirtækisins og skila viðskiptaáætlun.

Í upphafi námskeiðs verður nemendum skipt í lið með aðstoð svokallaðs Belbin-prófs. Hvert lið fær utanaðkomandi þjálfara og kemur sá aðili úr atvinnulífinu. Liðin eiga að hitta þjálfara sinn a.m.k. tvisvar sinnum á tímabilinu og skila honum áfanga-skýrslum. Þjálfarinn gefur einkunn fyrir skýrslurnar í samráði við kennara.

## **5.4. Annað námsár**

### **Haustönn**

- Réttarfar
- Skaðabótaréttur
- Samkeppnisréttur
- Höfunda- og auðkennaréttur, einkaleyfi og hönnunarvernd

### **Vorönn**

- Stjórnsýsluréttur
- Refsiréttur
- Evrópuréttur
- Raunhæft verkefni

## **5.5. Þriðja námsár**

### **Haustönn**

- Kauphallaréttur
- Skattaréttur
- Vinnumarkaðsréttur
- Tölvulögfræði

### **Vorönn**

5 valgreinar:

- Alþjóðlegur einkamálaréttur
- Bandarískt lagmál og réttarkerfi
- Eignaréttur II
- Evrópuréttur II
- Fasteignakauparéttur

- Fjölskyldu- og erfðaréttur
- Refsiréttur
- Réttarfar II
- Samningaréttur II
- Þjóðaréttur
- Umhverfisiréttur
- Vátryggingaréttur
- Tollaréttur
- BA verkefni getur komið í stað 2ja eða fleir valgreina.

Nánari upplýsingar á vefsíðu lagadeildar, [www.ru.is/ld](http://www.ru.is/ld)

## 5.6. Rannsóknarstofnanir á vegum lagadeildar HR

Innan lagadeildar er starfandi Rannsóknarstofnun á sviði Evrópuréttar og er hlutverk hennar m.a. að efla kennslu og rannsóknir innan lagadeildar á sviði Evrópuréttar. Rannsóknarstofnun á sviði upplýsingatækniréttar og tölvulögfræði tekur til starfa á vorönn 2003 og verður hlutverk hennar m.a. að efla kennslu og rannsóknir á sviði upplýsingatækniréttar innan lagadeildar. Nemendum í meistaranámi gefst kostur á að starfa við þessar stofnanir í tengslum við meistaraverkefni og nemendum í grunnámi að sérstökum verkefnum. Í undirbúningi er stofnun fleiri rannsóknarstofnana innan lagadeildar.

## 5.7. Um námsmat og einkunnagjöf

Um námsmat og einkunnagjöf í lagadeild fer samkvæmt reglum HR um próf og einkunnir.

Á deildarfundi í lagadeild 14. febrúar 2003 var ákveðið að lágmarkseinkunn í aðferðafræði (námskeið L-101) skyldi vera 6, sbr. 7. gr. framangreindra reglna.

## 5.8. Framvindureglur í lagadeild

### Almennt um framvindu náms í BA-námi

BA-nám í lögfræði er samtals 90 einingar og skiptist það á þrjú ár (fyrsta, annað og þriðja námsár). Almennt er gert ráð fyrir að nemandi ljúki 15 einingum á önn eða 30 á ári, miðað við eðlilega námsframvindu. Nemanda er heimilt að innritast á annað námsár í lagadeild, hafi hann lokið a.m.k. 24 einingum af námsefni fyrsta árs með meðaleinkunn 6 eða hærrí. Til að hefja nám á þriðja ári þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. 48 einingum á fyrsta og öðru námsári, með meðaleinkunn 6 eða hærrí.

Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 45 einingum í síðasta lagi tveimur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 63 einingum þremur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi skal hafa lokið BA-prófi í síðasta lagi fjórum árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár.

### **Endurinnritun**

Ljúki nemandi einingum við lagadeild en uppfylli ekki framangreind lágmarks-skilyrði um námsframvindu, fellur réttur hans til frekara náms við deildina niður. Nemandi getur þó sótt um endurinnritun í deildina. Sé honum veitt slík heimild heldur hann, óski hann þess, þeim námskeiðum / einingum sem hann hefur lokið með einkunn 6 eða hærrí. Þessi réttur fyrnist á 6 árum frá lokum þeirrar annar sem námskeiðið var tekið á.

### **Hlutanám**

Nemandi sem hyggst ekki stunda fullt nám við lagadeild, getur sótt um að vera skráður í hlutanám við deildina. Umsókn um hlutanám þarf að berast lagadeild a.m.k. þrem vikum fyrir upphaf skólaárs. Heimild til hlutanáms er háð því að gildar ástæður séu fyrir umsókninni og að veigamikil rök séu fyrir því að veita slíka undanþágu frá almennum framvindureglum. Heimild til hlutanáms má aðeins veita í eitt ár í senn eða til skemmri tíma. Heimild til hlutanáms má veita með skilyrðum, m.a. um námsframvindu.

### **Námshlé**

Nemandi getur sótt um til lagadeildar að gera hlé á námi sínu. Beiðnin skal studd fullnægjandi gögnum er sýni að gildar ástæður séu fyrir beiðninni. Meðal þeirra ástæðna sem réttlætt geta námshlé eru t.d. barnsburður eða veikindi. Leyfi til náms-hlés má veita með skilyrðum.

### **Undanþágur**

Lagadeild getur veitt frekari undanþágur frá framvindureglum ef ríkar ástæður eru til að mati deildarinnar.

## **5.9. Reglur um mat á fyrra námi vegna grunnnáms í lagadeild**

- Nemandi sem óskar mats á fyrra námi vegna námskeiðs eða námskeiða í lagadeild þarf að sækja um slíkt mat áður en námskeið hefst. Umsókn skal vera skrifleg og studd fullnægjandi gögnum um það nám sem óskast metið, þ.e. nákvæmri námslýsingu og staðfestu prófskírteini.
- Til að nám fáiast metið þarf það að inntaki og umfangi að standast fyllilega samanburð við það námskeið sem óskað er mats á. Eingöngu

nám á háskólastigi kemur til álita í þessum efnum.

- Það er almennt skilyrði þess að námskeið í lagadeild fáið metið að ekki séu liðin meira en fimm ár frá lokum þess náms sem óskað er mats á og umsækjandi hafi staðist þær lágmarksröfur sem gerðar voru til einkunnar í því námi enda séu þær ekki minni en einkunnaröfur við lagadeild HR.
- Mat á fyrra námi getur aldrei numið meira en 45 einingum samtals.
- Ákvörðun um hvort fyrra nám skuli metið er í höndum námsmatsnefndar sem deildarfundur skipar. Niðurstöður nefndarinnar má bera undir deildarfund.

## 5.10. Forsetalisti

Þeir nemendur sem bestum árangri ná á hverju próftímabili eiga kost á að komast á forsetalista lagadeildar og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld.

Til þess að vera gjaldgengir á forsetalista þurfa nemendur í dagskóla að ljúka að minnsta kosti 15 einingum. Eingöngu námskeið sem nemendur ljúka á hefðbundnu próftímabili, eða fyrir þann tíma, eru gjaldgeng á forsetalista.

Miðað er við að um 5% nemenda komist á forsetalista hverju sinni.





## 6. TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

### Forseti

Hrafn Loftsson

510-6227 hrafn@ru.is

### Deildarfulltrúi

Katrín Jónsdóttir

510-6286 katrin@ru.is

### Kennarar

Ágúst Valgeirsson, lektor

510-6223 agust@ru.is

Ásrún Matthíasdóttir, lektor

510-6272 asrun@ru.is

Björk Ragnarsdóttir, lektor

510-6225 bjork@ru.is

Björn Þór Jónsson, dósent

510-6240 bjorn@ru.is

Gisli Hjálmtýsson, prófessor

820-6283 gisli@ru.is

Halldór Halldórsson, dósent

510-6224 halldor@ru.is

Hallgrímur Arnalds, lektor

510-6243 hallgrimur@ru.is

Heimir Þór Sverrisson, lektor

510-6228 heimir@ru.is

Jón Freyr Jóhannsson, lektor

510-6265 jonfreyr@ru.is

Kári Harðarson, aðjúnt

510-6215 karih@ru.is

Marta Kristín Lárusdóttir, lektor

510-6264 marta@ru.is

Ólafur Andri Ragnarsson, aðjúnt

510-6206 andri@ru.is

Ragnhildur B. Konráðsdóttir, lektor

510-6242 ragnhild@ru.is

Sigurjón B. Hákonarson, aðjúnt

510-6287 sigurjon@ru.is

### Sérfræðingar

Björn Brynjúlfsson

510-6247 bjorninn@ru.is

Ólafur Ragnar Helgason

510-6246 olafurr@ru.is

### Stundakennarar

Arnaldur Gylfason

arnaldur@ru.is

Bergur Jónsson

bergur@ru.is

Bjarki Brynjarsson

bab@ru.is

Daníel Brandur Sigurgeirsson

dabs@ru.is

Davíð Arnar Þórsson

daat@ru.is

Erlendur Smári Þorsteinsson

erlendur@ru.is

Gisli Ólafsson

gislio@ru.is

Friðjón Guðjohnsen

fridjon@ru.is

Hilmar Karlsson

hilmark@ejs.is

Sigrún Eva Ármannsdóttir

sea@ejs.is

Þorsteinn Guðbrandsson

thorstg@ru.is

## **6.1. Stefna og markmið tölvunarfræðideildar**

Hugbúnaðargerð er ört vaxandi atvinnugrein þar sem tækniframfarir eru miklar. Hún þarfnast fjölda starfsmanna sem eru reiðubúnir til að takast á við öra þróun í tækni og fjölbreytilega hagnýtingu hennar. Þar eru því víðtæk tækifæri fyrir fólk með góða menntun og frumkvæði.

Tölvunarfræðideild HR stefnir að því að námið verði framúrskarandi valkostur fyrir þá sem vilja leggja stund á krefjandi háskólanám í tölvunarfræði í nánum tengslum við atvinnulífið. Jafnframt er lögð mikil áhersla á að skapa umhverfi sem hvetur bæði kennara og nemendur til að sinna rannsóknum. Stefnt er að því að nemendaskipti og samstarf við erlenda háskóla og erlenda fræðimenn verði ríkur þáttur í starfsemi deildarinnar í framtíðinni.

Markmið deildarinnar er að þeir sem útskrifast séu eftirsóttir á atvinnumarkaði og eigi jafnframt greiðan aðgang að erlendum háskólum. Deildin fylgist vel með nýjungum og endurspeglar alþjóðlega tækniþróun með stöðugri endurskoðun á námsefni. Þannig útskrifast nemendur sem kunna til verka og hafa jafnframt trausta fræðilega undirstöðu til að geta stöðugt tileinkað sér nýjungar í greininni.

## **6.2. Uppbygging námsins**

Tölvunarfræðideild HR hefur byggt upp námsefni til BS-prófs í tölvunarfræði með hliðsjón af þeim kröfum til fræðilegrar undirstöðu sem gerðar eru til slíks náms hjá öðrum þjóðum. Jafnframt er að sjálfsgögðu tekið mið af þörfum íslensks atvinnulífs. Nám til BS-prófs (90 einingar) í tölvunarfræðideild er þriggja ára (6 anna) nám og er hægt að velja á milli tveggja kjörsviða: notendahugbúnaðar og kerfishugbúnaðar. Að auki er hægt að útskrifast með viðskiptafræðival eða val í tæknigreinum eða raunvísindum. Eftir tveggja ára nám býðst nemendum jafnframt útskrift sem kerfisfræðingur-HR (60 einingar).

Frá og með hausti 2003 gefst nemendum, sem lokið hafa BS-prófi í tölvunarfræði, kostur á að hefja meistaranám í tölvunarfræði við HR. Nánari lýsingu á meistaranáminu má finna í kafla 6.10.

Kennsla í deildinni byggir á fyrirlestrum og dæmatímum. Fyrirlestrar eru sameiginlegir fyrir allan árganginn en dæmatímar eru haldnir í 25-30 nemenda hópum. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér viðurkenndar og nútímalegar aðferðir við hugbúnaðarþróun. Séreinkenni námsins er áhersla á verkefnavinnu, bæði hóp- og einstaklingsverkefni, og skipulagt verklag við úrvinnslu þeirra. Annað séreinkenni er svokölluð sérhæfð námskeið þar sem sérfræðingar eru gjarnan fengnir erlendis frá til að miðla þekkingu sinni á tilteknu fræðasviði.

Tölvunarfræðideild HR gefur nemendum kost á að stunda námið á þrjá mismunandi vegu:

- Staðarnám
- Fjarnám
- Háskólanám með vinnu (HMV)

Tölvunarfræðideild býður námsefni fyrstu tveggja ára BS-náms í fjarnámi (sjá kafla 6.8) og HMV (sjá kafla 6.9). Umfjöllunin hér á eftir tekur mið af staðarnámi.

### 6.3. Námsleiðir og kjörsvið í BS námi

#### **BS í tölvunarfræði - kjörsvið: notendahugbúnaður**

Á þessu kjörsviði er lögð áhersla á að nemendur læri hagnýtar og viðurkenndar aðferðir við gerð notendahugbúnaðar. Sérstök áhersla er lögð á námskeið er varða hönnun, t.d. hönnun viðmóts og hönnun hugbúnaðar. Venjulega taka nemendur stærðfræðinámskeið á seinni önnnum námsins (4. - 6. önn). Nemendum stendur til boða að velja nokkur námskeið úr viðskiptadeild, þó þannig að þeir ljúki a.m.k. 81 einingu í tölvunarfræðideild.

#### **BS í tölvunarfræði - kjörsvið: kerfishugbúnaður**

Á þessu kjörsviði er lögð áhersla á gerð hugbúnaðar fyrir tölvukerfi eins og stýrikerfi, netkerfi, dreifð kerfi og gagnagrunnskerfi. Nemendur taka stærðfræðinámskeið fyrr í náminu, samanborið við kjörsvið notendahugbúnað og jafnframt er um fleiri skyldunámskeið í stærðfræði að ræða. Nemendur þurfa að ljúka þrem námskeiðum af eftirfarandi fjórum í bundnu vali: dreifð kerfi, netstýrikerfi, sérhæfð gagnasafnskerfi og þýðendur. Nemendum stendur til boða að velja nokkur námskeið úr viðskiptadeild, þó þannig að þeir ljúki a.m.k. 81 einingu í tölvunarfræðideild.

#### **Viðskiptafræðival**

Nemendur sem velja þessa námsleið geta bætt við sig þekkingu í viðskiptafræði í stað aukinnar sérhæfingar í tölvunarfræði. Til að útskrifast með viðskiptafræðival þarf nemandi að ljúka a.m.k. 72 einingum úr tölvunarfræðideild, a.m.k. 15 einingum úr viðskiptadeild og þarf jafnframt að velja kjörsvið notendahugbúnaður. Viðskiptafræðinámskeið má velja eftir nokkuð sveigjanlegum reglum sem viðskiptadeild setur (sjá kafla 6.7.) og geta nemendur tekið þau á 4. - 6. önn. Lokaverkefni vinnur nemandi í tölvunarfræðideild.

#### **Val í tæknigreinum eða raunvísindum**

Nemendur geta sótt um að fá metið 15 eininga val vegna háskólanáms í verkfræði, tæknifræði, stærðfræði eða raunvísindum. Þetta er hliðstætt við viðskiptafræðivalið nema hvað HR býður ekki upp á slíkt nám. Ljúka þarf a.m.k. 72 einingum úr

tölvunarfræðideild. Í hverju tilviki þarf nemandi að skila umsókn og fá hana samþykktá hjá tölvunarfræðideild. Þessi möguleiki hentar að sjálfsögðu þeim sem hafa þegar lokið háskólaprófi í þessum fræðigreinum.

### **Kerfisfræði**

Nemandi getur valið að útskrifast sem kerfisfræðingur-HR eftir fjórar annir. Nemandi, sem útskrifast sem kerfisfræðingur-HR, ber að taka lokaverkefni á 4. önn. Útskrifaðir kerfisfræðingar geta sótt um að hefja nám að nýju á 3. ári í þeim tilgangi að ljúka BS-prófi.

### **Verkleg námskeið**

Eftir að prófum lýkur í bóklegum námskeiðum, á 1., 2. og 3. önn, taka við verkleg námskeið (3 einingar). Verklegu námskeiðin eru þriggja vikna full vinna og tilgangur þeirra er að samþætta námsefni annarinnar í stóru hugbúnaðarverkefni sem unnið er í þriggja til fimm manna hópum.

### **Sérhæfð námskeið**

Eftir að prófum lýkur í bóklegum námskeiðum á 4., 5. og 6. önn taka við þriggja vikna sérhæfð námskeið (3 einingar). Sérfræðingar eru gjarnan fengnir erlendis frá til að kenna þessi námskeið. Dæmi um slík námskeið eru: Gervigreind vorið 2001 (kennt af dr. Ara Kr. Jónssyni, NASA Ames Research Center), Róbótafræði vorið 2002, (kennt af dr. Robin Murphy, University of South Florida), Gagnanám vorið 2002 (kennt af dr. Jarek Gryz, College of William and Mary) og Málskipan og merkingarfræði haustið 2002 (kennt af dr. Luca Aceto, Aalborg University).

### **Lokaverkefni**


Lokaverkefni er 6 einingar sem hægt er að vinna í tveggja til fjögurra manna hópum eða sem einstaklingsverkefni undir umsjón kennara skólans. Gert er ráð fyrir því að nemendur vinni lokaverkefni á 6. önn. Velji nemandi að útskrifast sem kerfisfræðingur ber honum að vinna lokaverkefni á 4. önn. Lokaverkefni, sem unnið er á 4. önn, byggir á raunverulegum viðfangsefnum og er unnið í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir og hafa nemendur þar starfsaðstöðu. Lokaverkefni, sem unnið er á 6. önn, er hægt að vinna með sama sniði og á 4. önn, en jafnframt býðst nemendum á 6. önn að taka fræðilegri verkefni undir umsjón kennara skólans.

### **Rannsóknir**

Við tölvunarfræðideild HR hefur verið byggt upp öflugt rannsóknastarf. *Netsetur HR* og *Gagnasetur HR* eru rannsóknarstofur, sem stunda rannsóknir í alþjóðlegu samstarfi. Einnig eru stundaðar rannsóknir á sviðum viðmótshönnunar, hugbúnaðarfræði og fjarkennslu. Bestu nemendum tölvunarfræðideildar HR býðst þátttaka í rannsóknaverkefnum, í gegnum lokaverkefni, sumarverkefni eða launuð hlutastörf við rannsóknastofurnar.

## 6.4. Námskeið

	Kjörsvið: Notenda- hugbúnaður	BS í tölvunarfræði (sameiginleg skylda)			Kjörsvið: Kerfishugbúnaður
1. önn	Almenn tölvufræði <sup>1</sup>	Forritun	Kerfisgreining	Tölvuhögun	Strjál stærðfræði
		Þriggja vikna verklegt námskeið			
2. önn	Viðmótshönnun <sup>2</sup>	Gagnasafnsfræði	Gagnaskipan	Gluggakerfi	Línuleg algebra
		Þriggja vikna verklegt námskeið			
3. önn	Hönnun og smíði hugbúnaðar	Hugbúnaðarfræði	Reiknirit	Stýrikerfi	Stærðfræðileg greining <sup>3</sup>
		Þriggja vikna verklegt námskeið			
4. önn	Rekstur upplýsinga- kerfa <sup>4</sup>	Lokaverkefni <sup>6</sup>	Tölvusamskipti	Valnámskeið <sup>5</sup>	Stærðfræðileg reiknirit <sup>4</sup>
	Strjál stærðfræði	Þriggja vikna sérhæft námskeið <sup>13</sup>			
5. önn	Stærðfræðileg greining	Forritunarmál	Valnámskeið <sup>8</sup>		Sérhæfð gagna- safnskerfi <sup>7</sup>
	Valnámskeið	Þriggja vikna sérhæft námskeið			Netstýrikerfi <sup>7</sup>
6. önn	Stærðfræðileg reiknirit <sup>10</sup>	Lokaverkefni <sup>9</sup>	Valnámskeið	Valnámskeið	Þýðendur <sup>7</sup>
		Þriggja vikna sérhæft námskeið <sup>13</sup>			



<sup>1</sup> Hægt er að taka Strjála stærðfræði í staðinn.

<sup>2</sup> Skyldunámskeið, má taka á 2., 4. eða 6. önn.

<sup>3</sup> Skyldunámskeið, má taka hvort sem er á 3. eða 5. önn.

<sup>4</sup> Skyldunámskeið, má taka hvort sem er á 4. eða 6. önn.

<sup>5</sup> T.d. Afköst gagnasafnskerfa.

<sup>6</sup> Nemanda, sem útskrifast sem kerfisfræðingur-HR, ber að taka Lokaverkefni (6 einingar) á 4. önn. Jafnframt þarf hann að hafa lokið námskeiðunum Viðmótshönnun, Hönnun og smíði hugbúnaðar og Rekstri upplýsingakerfa.

<sup>7</sup> Skyllt er að taka þrjú af námskeiðunum Dreifð kerfi, Netstýrikerfi, Sérhæfð gagnasafnskerfi, Þýðendur.

<sup>8</sup> T.d. Tölvugrafík.

<sup>9</sup> Lokaverkefni er 6 einingar.

<sup>10</sup> Ekki skylda fyrir nemendur sem taka viðskiptafræðival eða val í tæknigreinum eða raunvísindum.

<sup>11</sup> Nemanda, sem útskrifast með viðskiptafræðival, ber að taka 15-18 einingar í vali úr viðskiptadeild.

<sup>12</sup> Hægt er að sækja um að fá metið 15 eininga val vegna háskólanáms í verkfræði, tæknifræði, stærðfræði eða raunvísindum.

<sup>13</sup> Ekki hægt að taka á sama tíma og Lokaverkefni.

## 6.5. Fyrsta námsár

Á 1. önn eru fimm skyldunámskeið og fjögur þeirra eru sameiginleg öllum nemendum:

- Forritun
- Kerfisgreining
- Tölvuhögun
- Kjörsvið: notendahugbúnaður
  - Almenn tölvufræði
- Kjörsvið: kerfishugbúnaður
  - Strjál stærðfræði
- Verklegt námskeið á 1. önn - Hlutbundin forritun

Á 2. önn eru fimm skyldunámskeið og fjögur þeirra eru sameiginleg öllum nemendum:

- Gagnaskipan
- Gagnasafnsfræði
- Gluggakerfi
- Kjörsvið: notendahugbúnaður
  - Viðmótshönnun
- Kjörsvið: kerfishugbúnaður
  - Línuleg algebra
- Verklegt námskeið á 2. önn - Gluggaforritun og gagnasöfn

### *Námskeið á haustönn:*

#### **T-101-FOR1 Forritun**

4 ein. [ECTS:8]

**Kennari:** Hallgrímur Arnalds.

**Lesefni:** Savitch, Walter (2002). *Problem solving with C++* : the object of programming (4. útg).

**Námsmat:** Miðannarpróf og lokapróf.

**Forkröfur:** Engar.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og þrjú dæmatímar í 12 vikur.

#### **Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- geti leyst einföld forritunarverkefni í C++ í textaham
- öðlist skilning á hlutbundnum hugsunarhætti í forritun með notkun klasa
- geti nýtt sér erfðir og fjölvirkni í uppbyggingu klasasafna
- öðlist þekkingu í notkun og uppbyggingu villumeðhöndlunar í C++

**Lýsing:**

Í námskeiðinu eru kennd undirstöðuatriði forritunar. Farið er yfir grunnatriði í C++ forritunarmálinu og frá upphafi er lögð áhersla á hlutbundna forritun. Nemendur læra að skrifa hefðbundin forrit sem vinna í textaham og skilgreina klasa fyrir gagnagrindur og viðeigandi aðgerðir.

**T-102-KGRE Kerfisgreining**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Jón Freyr Jóhannsson

**Leseefni:** Jón Freyr Jóhannsson (2003): *KUML - Kerfisgreining með UML* (óútgefin)

**Námsmat:** Miðannarpróf og lokapróf.

**Forkröfur:** Engar.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- geti sett fram þarfagreiningu og kröfulistu samkvæmt upplýsingum frá verkkaupa
- geti unnið úr þarfagreiningunni og kröfulistanum og sett fram greiningarlíkan með hlutbundnum aðferðum
- kunnir skil á tákni UML (Unified Modeling Language)
- nái tökum á notkun verkfæris við tölvustudda kerfisgreiningu (CASE)
- kunnist notkun Borland Builder
- kunnist öðrum aðferðum og tákni við kerfisgreiningu.

**Lýsing:**

Kerfisgreining fjallar um líftíma hugbúnaðar, hvernig nýtt verkefni er greint og sett fram á þann máta að kröfur kaupenda verði skýrar og afmarkaðar. Hvernig þessar þarfir eru síðan greindar með viðurkenndum aðferðum og hvaða skjöl fylgja hugbúnaðinum út líftímann. Kennt verður samkvæmt aðferðafræði sem kennd er við Rumbaugh, Booch og Jacobsen. Farið er yfir skilgreiningar á hlutum, klösum, hjúpum og fleiri hugtökum hlutbundinnar aðferðafræði. Líkön verða unnin samkvæmt tákni UML (Unified Modeling Language). Þess verður krafist af nemendum að þeir skili greiningarverkefnum tölvuunnum. Kynntar verða aðrar aðferðir og tákni við kerfisgreiningu. Kynnt verður notkun hugbúnaðarins Borland Builder.



**T-107-TÖLH Tölvuhögun**

2 ein. [ECTS:4]

**Kennari:** Hilmar Karlsson.  
**Lesefni:** Tilkynt síðar.  
**Námsmat:** Verkefni, miðannarpróf og lokapróf.  
**Kennslustundir:** Tilkynt síðar.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- kynnist grunneiningum tölvunnar
- fái innsýn í uppbyggingu tölva
- kynnist hvernig gögn eru vistuð
- kynnist vinnslu gagna innan tölvunnar.

**Lýsing:**

Nemendur fá innsýn í grunnatriði vélbúnaðar, uppbyggingu tölvunnar og talnakerfi tengd því. Sérstaklega er litið til samsetningar miðverks, samspils þess við jaðartæki og hvernig rökrásir eru nýttar til að stjórna vélbúnaði. Farið er í smalamálsforritun og gerðar verklegar æfingar. Minnismeðhöndlun, örgjörvar, ALU og tengd atriði eru skoðuð með hliðsjón af nútíma tölvubúnaði. Að lokum er farið nánar í rökrásir, rökhlíð og Boole-algebru.

**T-117-ALMT Almenn tölvufræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Ásrún Matthíasdóttir.  
**Lesefni:** Haggarty, Rod (2002): *Discrete Mathematics for Computing*.  
 Annað efni tilkynt síðar.  
**Námsmat:** Miðannarpróf og lokapróf.  
**Forkröfur:** Engar.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- fái yfirlit yfir tölvunarfræði sem fræðigrein.
- kunni skil á ýmsum stærðfræðilegum undirstöðuatriðum sem eru nauðsynleg forsenda skilnings á tölvunarfræði.

**Lýsing:**

Viðfangsefnið í fyrri hluta námskeiðsins eru ýmis grundvallarhugtök í tölvunarfræði. Þannig eru tekin fyrir reiknirit, rökfræði, mengi, vensl, föll, talningarfræði, net og tré. Efnið er jafnóðum tengt við hagnýt verkefni í tölvunarfræði.

Í síðari hluta námskeiðsins er fjallað er um grundvallaruppbyggingu stýrikerfa og

netkerfa. Kynnt er uppbygging og þróun forritunarmála og mismunandi gerðir þeirra. Fjallað er um það hvernig gögn eru geymd í skráum og gagnasöfnum.

### **T-109-STÆS Strjál stærðfræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Tilkynnt síðar.  
**Lesefni:** Rosen, Kenneth H. (2003). *Discrete mathematics and its applications* (5. útgáfa).

Lýsingin er að öðru leyti eins og lýsingin fyrir 4. önn.

### **T-105-VERK Verklegt námskeið á 1. önn - Hlutbundin forritun**

3 ein. [ECTS:6]

**Umsjón:** Hallgrímur Arnalds.  
**Námsmat:** Verkefnisskýrsla og lokapróf.  
**Forkröfur:** Að hafa tekið próf í Forritun og Kerfísgreiningu.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- leysi viðamikið forritunarverkefni í hópvinnu
- fari í gegnum samfellt ferli greiningar, hönnunar og forritunar hugbúnaðar
- skili greinargóðri skýrslu sem skjalfestir alla þætti ferlisins.

**Lýsing:**

Nemendum er skipt í hópa og vinna þeir raunhæft verkefni sem byggist á námsefni annarinnar. Markmið námskeiðsins er að nemendur búi til keyrsluhæfa frumgerð af notendaforriti með myndrænu notendaviðmóti ásamt greinargóðri verkefnisskýrslu. Kennarar hafa eftirlit með verkefnum, fylgjast með og leiðbeina eftir þörfum. Nemendur leggja fram verkefni í lok námskeiðs, afhenda verkefnisskýrslu og taka munnlegt próf.

**Námskeið á vorönn:**

### **T-201-GSKI Gagnaskipan**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Hallgrímur Arnalds  
**Lesefni:** Carrano, Frank, M. *Data Abstraction and Problem Solving with JAVA*. David Flanagan: *JAVA in a nutshell*.

**Námsmat:** Miðannarpróf, verkefni og lokapróf.  
**Forkröfur:** Að hafa tekið próf í Forritun.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- nái tökum á Java forritunarmálinu, grunnkerfi þess og helstu klösum
- geti nýtt sér stafla, biðraðir og tvítengda lista sem gagnaskipan
- þekki helstu röðunarreiknirit
- öðlist grunnþekkingu á talningu aðgerða í reikniritum
- auki færni sína í hlutbundinni forritun.

**Lýsing:**

Námskeiðið er ætlað sem framhald af Forritun en notað verður Java-forritunarmálið. Tilgangurinn að auka skilning á forritun og að undirstrika hlutbundna forritun með notkun klasa, stafla, biðraða og hrúgna.

**T-202-GAG1 Gagnasafnsfræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Tilkynnt síðar.  
**Lesefni:** Ramakrishnan, Raghu og Gehrke, Johannes. *Database Management Systems* (3. útg.). McGraw-Hill. ISBN 0072465638.  
**Námsmat:** Miðannarpróf, verkefni og lokapróf.  
**Forkröfur:** Próf í Kerfisgreiningu, Almennri tölvufræði/Strjálmi stærðfræði.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- geti gert einindavenslarit fyrir gagnasöfn
- kunni að rökanna gagnasöfn á BCNF og/eða 3NF
- geti skrifað fyrirspurnir í SQL og töflualgebru
- geti skrifað stefjur og gikki
- kunni skil á helstu atriðum er varða rekstur gagnagrunna
- þekki grundvallarhugtök hluttöflugagnagrunna.

**Lýsing:**

Í námskeiðinu eru tekin fyrir hugtök í töflugagnagrunnum, þar á meðal töflur, einindavenslarit og vörpun þeirra í skyldleikagreind töfluskemu. Farið er í töflualgebru og ítarlega í SQL, sem og hönnun gagnagrunna, þar á meðal rökhönnun, raunhönnun og öryggi. Þá eru kynnt helstu tæknileg atriði sem liggja að baki gagnagrunnskerfum, s.s. úrvinnsla og bestun fyrirspurna, hreyfingar, læsingar og endurbygging gagnagrunna. Að lokum eru kennd helstu hugtök hluttöflugagnagrunna og

hvernig þeir víkja frá töflulíkaninu. Hugtök námskeiðsins eru notuð í nokkrum skilaverkefnum. Notaður er Oracle-hugbúnaður við laus þessara verkefna.

## **T-104-VIÐM Viðmótshönnun**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Marta Kristín Lárusdóttir.  
**Lesefti:** Tilkynnt síðar.  
**Námsmat:** Skilaverkefni, miðannarpróf og lokapróf.  
**Forkröfur:** Engar.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

### **Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- þekki grundvallaratriði og helstu kenningar varðandi samskipti manns og tölvu
- geti beitt skipulögðum aðferðum við greiningu á notendum og verkefnum þeirra
- kunni að hanna viðmót út frá verkefnum notenda
- geti framkvæmt nytsemismat á gluggaforritum og vefforritum

### **Lýsing:**

Í námskeiðinu eru kennd grundvallaratriði hönnunar á þeim hluta tölvukerfisins sem snýr að notendum. Farið er ítarlega í greiningu á notendum og verkefnum þeirra. Kennd er hönnun út frá verkefnum notenda og skoðuð áhersluatriði í framsetningu, bæði í gluggakerfum og á vef. Einnig er farið í prófanir á viðmóti með áherslu á hversu auðvelt er fyrir notendur að leysa verkefni sín með tölvukerfinu.

## **T-203-GLU1 Gluggakerfi**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Daníel Brandur Sigurgeirsson.  
**Lesefti:** Tilkynnt síðar.  
**Námsmat:** Miðannarpróf, verkefni og lokapróf.  
**Forkröfur:** Að hafa tekið próf í Forritun.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

### **Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- nái tókum á Windows-forritun, t.d. í .NET-umhverfinu
- kynnist vefforritun með ASP og ASP.NET
- kynnist gagnagrunnsforritun með ADO og ADO.NET
- þekki ýmsar hönnunaraðferðir og hönnunarmynstur

### **Lýsing:**

Námskeiðið fjallar um viðbragðsstýrða forritun í Windows, hvernig hún er

framkvæmd með og án .NET-umhverfisins. Farið verður í það hvernig gluggar eru teiknaðir og unnin verkefni tengd því. Farið verður í tengingar við gagnagrunna með ADO. Þá verður farið í grunnatriði ASP-forritunar og einfaldar vefsíður smíðaðar sem birta gögn úr gagnagrunni.

**T-211-LÍNA Línuleg algebra** 3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Bjarki Brynjarsson.  
**Lesefni:** Howard Anton, Robert C. Busby  
*Contemporary Linear Algebra*. John Wiley & Sons.  
**Námsmat:** Miðannarpróf, lokapróf og dæmaskil.  
**Forkröfur:** Próf í Almennri tölvufræði eða Strjalli stærðfræði  
**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- kunni skil á undirstöðuatriðum í fylkjareikningi
- geti nýtt sér fylkjareikning og rúmfræði við ýmsar varpanir sem nýtast í tölvugrafík
- kynnist tölulegum aðferðum við brúun og nálgun
- læri grundvallaratriði í línulegri bestun.

**Lýsing:**

Fjallað er um fylkjareikning og beitingu hans, m.a. við lausn línulegra jöfnuhneppa. Einnig er tekin fyrir rúmfræði sem er nauðsynlegur undirbúningur fyrir námskeið um tölvugrafík. Þá er farið í tölulegar aðferðir við brúun, nálgun og lausn á línulegum jöfnuhneppum. Ennfremur er farið yfir efni um línulega bestun.

**T-205-VERK Verklegt námskeið á 2. önn** 3 ein. [ECTS:6]  
**- Gluggaforritun og gagnasöfn**

**Umsjón:** Hallgrímur Arnalds.  
**Námsmat:** Verkefni, verkefnisskýrsla og lokapróf.  
**Forkröfur:** Að hafa tekið Verklegt námskeið á 1. önn.  
*Kjörsvið notendahugbúnaður:*  
Að hafa tekið próf í Gagnasafnsfræði, Gluggakerfi og Viðmótshönnun.  
*Kjörsvið kerfishugbúnaður:*  
Að hafa tekið próf í Gagnasafnsfræði, Gluggakerfi og Gagnaskipan.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- skrifi forrit sem byggist á vensluðum gagnasöfnum í fjölnotendaumhverfi
- leysi hugbúnaðarverkefni með hefðbundnum aðferðum
- kynnist forritun í gluggaumhverfi
- kynnist forritun í Internetumhverfi.

**Lýsing:**

Nemendur vinna raunhæft verkefni í fjölnotendaumhverfi. Markmið námskeiðsins er að nemendur greini, hanni og smíði keyrsluhæft notendaforrit sem vinnur með gögn í vensluðu gagnasafni. Kennarar hafa eftirlit með verkefninu, fylgjast með þátttöku hvers og eins og leiðbeina eftir þörfum. Nemendur leggja fram verkefni í lok námskeiðs, afhenda verkefnisskýrslu og taka munnlegt próf.

## 6.6. Annað námsár

Á 3. önn eru fimm skyldunámskeið og þrjú þeirra eru sameiginleg öllum nemendum:

- Hugbúnaðarfræði
- Reiknirit
- Stýrikerfi
- Kjörsvið: notendahugbúnaður
  - Hönnun og smíði hugbúnaðar
  - Verklegt námskeið á 3. önn - Internetforritun og verkefnastjórnun
- Kjörsvið: kerfishugbúnaður
  - Stærðfræðileg greining
  - Verklegt námskeið á 3. önn - Stýrikerfi og reiknirit

Á 4. önn skiptist námið meira eftir vali nemenda. Eitt skyldunámskeið, Tölvusamskipti, er sameiginlegt öllum nemendum:

- Tölvusamskipti
- Valnámskeið
- Þriggja vikna sérhæft námskeið
- Kjörsvið: notendahugbúnaður
  - Rekstur upplýsingakerfa (einnig hægt að taka á 6. önn)
  - Strjál stærðfræði
- Kjörsvið: kerfishugbúnaður
  - Stærðfræðileg reiknirit (einnig hægt að taka á 6. önn)
  - Dreifð kerfi eða valnámskeið

Dæmi um valnámskeið á 4. önn:

- Afköst gagnasafnskerfa

- Lífupplýsingafræði
- Ný tækni
- Dreifð kerfi
- Námskeið úr viðskiptadeild

Skyldunámskeið fyrir þá nemendur sem hyggjast útskrifast í lok 4. annar sem Kerfisfræðingar-HR eru að auki:

- Rekstur upplýsingakerfa
- Lokaverkefni (6 einingar)

Sterklega er mælt með því að BS-nemendur taki námskeiðið Lokaverkefni á 6. önn.

Þeir nemendur sem ætla sér að útskrifast með BS í tölvunarfræði með viðskiptafræðivali kynni sér kröfur um þau námskeið í kafla 6.7.

### *Námskeið á haustönn:*

#### **T-301-REIR Reiknirit**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Ágúst Valgeirsson.

**Lesefni:** Carrano, Frank, M (2002). Data Abstraction and Problem Solving with C++(3. útg.).

**Námsmat:** Miðannarpróf, verkefni og lokapróf.

**Forkröfur:** Að hafa staðist próf í Gagnaskipan.

**Kennslustundir:** Þrjú fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

#### **Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- kynnist algengum aðferðum við að skipuleggja gagnagrindur í tölvum
- geri sér grein fyrir þeim þáttum sem ráða mestu um hraða og minnisnotkun reiknirita
- kunni að velja þá gagnaskipan sem hentar hverju viðfangsefni
- skilji grunnatriði í netafræði.

#### **Lýsing:**

Nemendur læra um almenna gagnaskipan í forritun, svo sem hlekkjaða lista, tré, stafla og raðir. Einnig er fjallað um mismunandi aðferðir sem notaðar eru við leit og röðun gagna og hvernig þessum aðferðum er beitt í gagnasafnskerfum. Kynntar eru leiðir til að bera saman og meta afköst reiknirita. Farið er í atriði eins og dulkóðun og þjöppun sem dæmi um notkun á reikniritum. Að lokum er tekin fyrir netafræði. Unnin eru forritunarverkefni sem styðjast við námsefni áfangans.

## T-215-STÝ1 Stýrikerfi

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Ólafur Ragnar Helgason.  
**Lesefni:** Silberschatz, Galvin and Gagne  
*Operating System Concepts*, 6th edition.  
**Námsmat:** Miðannarpróf og lokapróf.  
**Forkröfur:** Að hafa staðist próf í Tölvuhögun.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

### Markmið námskeiðsins er að:

- kynna nemendum tilgang, uppbyggingu, notkun og takmarkanir nútíma stýrikerfa
- nemendur séu kunnugir grundvallarhugmyndum í stýrikerfisfræðum.

### Lýsing:

Til að kynna uppbyggingu, notkun og takmarkanir nútíma stýrikerfa verður meðal annars farið í:

- uppbyggingu og mismunandi gerðir stýrikerfa
- samskipti við jaðartæki
- minnismeðhöndlun
- skráakerfi
- ferlastýringu

Notuð verða dæmi úr Windows 2000 og Unix-kerfunum.

## T-302-HÖNN Hönnun og smíði hugbúnaðar

3 ein. [ECTS:6]

**Kennarar:** Ólafur Andri Ragnarsson.  
**Lesefni:** Horstmann og Cornell (2001). *Core Java 2*, Volume 1: Fundamentals (5. útg.). *Professional Java Server Programming J2EE 1.3* cd. Útg. Wrox.  
**Námsmat:** Verkefni, miðannarpróf og lokapróf.  
**Forkröfur:** Að hafa staðist próf í Gluggakerfi.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

### Markmið námskeiðsins er að nemendur:

- nái tókum á Java forritunarmálinu, grunnkerfi þess (API) og helstu klösum
- skilji Model-view-controller hönnunarmynstur
- skilji "n-tier" högun veflausna þar sem framsetning er í vafra og vinnsla forrits í nethlutum.
- geti smíðað öflugar veflausnir sem geta skalast.
- Læri að temja sér fagleg vinnubrögð við hugbúnaðargerð



**Lýsing:**

Fyrstu 4-5 vikurnar fara í það að kenna grunnatriði Java. Farið er yfir forritunarmálið og byggt á því að nemendur þekkja nú þegar C++. Þá eru helst API Java kynnt, s.s. util, lang, net og skrár. Þá er farið í "enterprise" forritun og högun slíkra kerfa kynnt. Java 2 Enterprise Edition er notað. Fjallað er um hönnun eininga sem nota gagna-grunna og er JDBC notað. Veflausnir og hönnun þeirra eru kynntar ásamt Java Servlet API og JavaServer pages. Gert er vefverkefni þar sem servlets og JSP síður eru notaðar með svokallaðari Model-2 högun. Að lokum er svo farið í forritaeyningar sem geymdar eru í forritamiðlurum og er Enterprise JavaBeans notað. Auk þessa verður ýmis tækni kynnt, t.d. notkun ANT til að byggja verkefni. Önnur tól sem verða notuð eru Tomcat-vefmiðlari og JBoss-forritamiðlari.

**T-303-HUGB Hugbúnaðarfræði**

3 ein. [ECTS:6]

- Kennari:** Sigurjón Hákonarson.  
**Lesefni:** Schach, Stephen (2002). *Object-oriented and classical software engineering* (5. útg.). Osborne/McGraw-Hill.  
**Námsmat:** Verkefni, miðannarpróf og lokapróf.  
**Forkröfur:** Að hafa staðist próf í Kerfisgreiningu.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og einn dæmatími í 12 vikur.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- kynnist grunnatriðum í verkefna- og gæðastjórnun hugbúnaðargerðar
- tileinki sér öguð vinnubrögð við alla verkþætti í hugbúnaðarþróun
- geti nýtt sér algeng hjálparforrit við verkefnastjórnun.

**Lýsing:**

Viðfangsefni þessa námskeiðs er vinnuferlið við þróun hugbúnaðar og eru tekin fyrir helstu þróunarlíkön. Fjallað er um áfangaskiptingu hugbúnaðarverkefna og aðferðir til að meta stærð þeirra. Gerð er grein fyrir einstökum verkþáttum, allt frá forathugun til viðhalds en sérstök áhersla lögð á prófun hugbúnaðar. Ennfremur er fjallað um verkefnastjórnun og gæðastjórnun í hugbúnaðargerð.

**T-305-VERK Verklegt námskeið á 3. önn  
 - Internetforritun og verkefnastjórnun**

3 ein. [ECTS:6]

- Umsjón:** Ágúst Valgeirsson.  
**Námsmat:** Verkefnisskýrsla og lokapróf.  
**Forkröfur:** Að hafa staðist verklegt námskeið á 1. og 2. önn og að hafa tekið próf í Hönnun og smíði hugbúnaðar og Hugbúnaðarfræði.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- nái góðum tókum á hlutbundinni glugga- og internetforritun
- leysi hugbúnaðarverkefni með hefðbundnum aðferðum
- skrifi forrit sem byggist á netsamskiptum og öflugri gagnaskipan.

**Lýsing:**

Nemendur leysa raunhæft forritunarverkefni í gluggaumhverfi sem byggist á náms-efni bóklegra námskeiða sem hafa verið kennd á önninni. Verkefnið er unnið í hópvinnu og kennarar hafa eftirlit með verkefnishópunum, fylgjast með þátttöku hvers og eins og leiðbeina eftir því sem þörf krefur. Nemendur leggja verkefnið fram í lok námskeiðs, afhenda verkefnisskýrslu og þreyta munnlegt próf.

**T-306-VERK Verklegt námskeið á 3. önn** 3 ein. [ECTS:6]  
**- Stýrikerfi og reiknirit**

**Umsjón:** Netsetur HR.

**Námsmat:** Tilkynt síðar.

**Forkröfur:** Að hafa staðist verklegt námskeið á 1. og 2. önn og að hafa tekið próf í Stýrikerfi og Reikniritum.

**Markmið námskeiðsins:** Tilkynt síðar.

**Lýsing:** Tilkynt síðar.

**Námskeið á vorönn:**

**T-402-REKU Rekstur upplýsingakerfa** 3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Þorsteinn Guðbrandsson.

**Lesefni:** McNurlin, Barbara C. og Sprague, Ralph H. *Information Systems: Management in Practice*, 5. útg. 2001.

**Námsmat:** Verkefni, miðannarpróf og lokapróf.

**Forkröfur:** Að hafa tekið próf í Hugbúnaðarfræði.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar í 12 vikur, auk verkefnatíma síðustu tvær vikur námskeiðsins.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- öðlist þekkingu á hlutverki upplýsingadeilda og notkun upplýsingakerfa í fyrirtækjum og stofnunum
- fái undirstöðuþekkingu sem nýtist við rekstur upplýsingadeilda
- fái undirstöðuinnsýn í stjórnun og rekstur sem nýtist bæði til að auka skilning á hlutverki upplýsingakerfa í rekstri fyrirtækja og í stjórnunarstörfum hvort sem er í rekstri

- upplýsingageilda eða annarsstaðar
- Kynnist rekstri hugbúnaðarfyrirtækja
- Kynnist verksamningum og stöðlum sem lúta að þeim.

### Lýsing:

Nemendur öðlast þekkingu á hlutverki upplýsingageilda og notkun upplýsingakerfa í fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast undirstöðuþekkingu á stjórnun og rekstri sem nýtist bæði til að auka skilning á þætti upplýsingatækni í rekstri fyrirtækja og við rekstur upplýsingageilda sem og önnur stjórnunarstörf. Lögð er áhersla á notkun bestu venja ("best practices"). Fjallað er um stefnumótun í upplýsingamálum m.t.t. markmiða og þarfa fyrirtækisins, hagkvæmnimat á nýjum kerfum og gerð þjónustusamninga ("outsourcing"). Enn fremur er fjallað um verk-efna- og gæðastjórnun í upplýsingageildum. Kynnt eru fyrir nemendum ýmis atriði er varða rekstur fyrirtækja í upplýsingatækni, fjallað um íslenskan og erlendan UT-markað. Einnig eru kynnt mismunandi fyrirtæki í UT, sprotafyrirtæki og atriði er lúta að þeim sérstaklega. Reynt að fjalla um hræringar líðandi stundar innan greinarinnar og fléttað inn í námið eins og tækifæri gefast til.

## T-404-LOKA Lokaverkefni

6 ein. [ECTS:12]

**Umsjón:** Sigurjón Hákonarson.

**Námsmat:** Verkefnisskoðun á ýmsum stigum, verkefnisskýrsla og opin kynning verkefnis.

**Forkröfur:** Að hafa lokið minnst 39 einingum, þar af öllum verklegum námskeiðum, Kerfisgreiningu og Hugbúnaðarfræði.

**Kennslustundir:** Ein kennslustund í 10 vikur með umsjónarkennara og vikulegir viðtalstímar með verkefniskennara í 15 vikur.

### Markmið námskeiðsins er að nemendur:

- vinni sjálfstætt að því að greina, hanna og útfæra nothæfan hugbúnað
- beiti viðurkenndum aðferðum við hugbúnaðargerð
- öðlist hagnýta þjálfun í verkefnisstjórn og samvinnu við notendur.

### Lýsing:

Lokaverkefni er þróun á raunhæfu hugbúnaðarverkefni í samvinnu við samstarfsaðila utan skólans og væntanlega notendur. Lokaverkefni skal vinna í tveggja til fjögurra nemenda hópum undir leiðsögn verkefniskennara. Nemendur skrifa greinargóða verkefnisskýrslu og notendahandbók sem þeir leggja fram með hugbúnaðinum. Lokaverkefni er metið af verkefniskennara og tveimur prófdómurum frá HR. Matið er byggt á ofangreindum þáttum og er framkvæmt í nokkrum þrepum meðan nemendur vinna að verkefninu. Verkefnisvinnunni lýkur formlega með opinni kynningu í skólanum.

**T-405-STY2 Dreifð kerfi**

3 ein. [ECTS:6]

- Kennari:** Heimir Þór Sverrisson.  
**Lesefni:** Andrew S. Tanenbaum, Maarten van Steen  
*Distributed Systems - Principles and Paradigms*  
Prentice Hall 2002 ISBN 0-13-088893-1. Auk þess greinar og annað efni af Netinu.  
**Námsmat:** Verkefni og lokapróf.  
**Forkröfur:** Að hafa tekið próf í Reikniritum og Stýrikerfi.  
**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

**Lýsing:**

Fjallað er um grundvallaratriði dreifðra kerfa. Eftirfarandi meginhugtök eru tekin fyrir:

- samskipti (Communications)
- ferlar (Processes)
- nafngiftir (Naming)
- samhæfing (Synchronization)
- samkvæmni og eftirmyndun (Consistency and Replication)
- villuþolni (Fault tolerance)
- öryggi (Security)

Einnig er fjallað um algengar útfærslur af dreifðum kerfum, svo sem netskráarkerfi, skjalakerfi og dreifð hlutbundin kerfi með tilliti til ofangreindra meginhugtaka.

**T-409-TSAM Tölvusamskipti**

3 ein. [ECTS:6]

- Kennari:** Ágúst Valgeirsson.  
**Lesefni:** Tilkynnt síðar.  
**Námsmat:** Miðannarpróf, verkefni og lokapróf.  
**Forkröfur:** Að hafa tekið próf í Tölvuhögun eða Vélbúnaði.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- skilji grunnatriði tölvusamskipta
- skilji grunnatriði í hönnun samskiptastaðla
- skilji högun TCP/IP samskipta
- þekki helstu einingar í staðarnetsbúnaði og víðnetsbúnaði
- skilji afkastaforsendur í tölvusamskiptum

**Lýsing:**

Fyrst er fjallað um hvernig rafsegulbylgjur eru notaðar til að flytja merki. Síðan eru

tekin fyrir nokkrar gerðir af staðarnetsstöðlum, með aðaláherslu á Ethernet og Token Ring og þráðlaus net með sérstaka áherslu á steytingaraðferðir, flæðistjórnun og villumeðhöndlun. TCP/IP-samskiptastaðlarnir og högun þeirra á víðnetum eru tekin fyrir ásamt skilum á milli staðarneta og víðneta. Á víðnetum er aðallega fjallað um ATM. Að lokum er tekin fyrir rútnun á víðnetum og staðarnetum og samskipta-staðlarnir SNMP, ICMP, RIP og BGP. Unnin eru forritunarverkefni og ritgerðir á önninni.

### **T-410-STÆS Strjál stærðfræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Kári Harðarson.  
**Lesefni:** Rosen, Kenneth H. (2003) *Discrete mathematics and its applications* (5.útgáfa).  
**Námsmat:** Miðannarpróf, lokapróf og dæmaskil.  
**Forkröfur:** Engar.  
**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

#### **Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- kunnir skil á ýmsum efnisflokkum í strjálli stærðfræði sem eru nauðsynlegir til skilnings á tölvunarfræði
- kynnist rökfræði og formlegum röksemdafærslum
- hafi vald á frumatriðum í talningarfræði
- læri inngangsefni um stöðuvélar.

#### **Lýsing:**

Aðalviðfangsefni þessa námskeiðs er ýmiskonar stærðfræði sem er undirstaða skilnings á grundvallaratriðum í tölvunarfræði. Fjallað er um nokkra efnisflokka og efnið jafnóðum tengt við hagnýt verkefni. Meðal efnisflokka eru: rökfræði, mengjafræði, fylkjareikningur, þrepun, talningarfræði, vensl, net, tré og stöðuvélar.

### **T-413-LIFU Lífupplýsingafræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Arnaldur Gylfason.  
**Lesefni:** Tilkynt síðar.  
**Námsmat:** Miðannarpróf, verkefni og lokapróf.  
**Forkröfur:** Engar.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar, einn dæmatími í 12 vikur.

#### **Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- kynnist lífupplýsingafræði: Gögn, verkefni og aðferðir

- þekki helstu lausnartæki og geti bjargað sér við lausn minni verkefna
- kynnist forritun reiknirita á þessu sviði

**Lýsing:**

Í fyrri hluta er lögð áhersla á að kynnast vel gögnum sem unnið er með og að þekkjа helstu verkefni og lausnaraðferðir lífupplýsingafræðinnar.

Í seinni hlutanum er farið í forritun reiknirita sem notuð eru í lífupplýsingafræði. Kynning á sameindalíffræði: DNA, RNA og prótein. Gen -> prótein. Erfðamengi skoðuð frá sjónarhóli upplýsingafræðinnar. Ýmis forrit og gagnabankar kynnt og notuð til þess að rannsaka gögnin. Kynning á forritunarmálinu Python. Nokkur verkefni lífupplýsingafræði kynnt og lausnaraðferðir skoðaðar. Farið í nokkur reiknirit í því sambandi. Strengjasamanburður skoðaður sérstaklega. Forritun reiknirita í lífupplýsingafræði. Forritunarverkefni í Python.

**T-508-GAG2 Afköst gagnasafnskerfa**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Björn Þór Jónsson.

**Leseefni:** Tilkynnt síðar.

**Námsmat:** Miðannarpróf, verkefni og lokapróf.

**Forkröfur:** Að hafa tekið próf í Gagnasafnsfræði, Reikniritum og Stýrikerfi.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar, einn dæmatími og einn tölvuverstími í 12 vikur.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- þekki vel helstu eiginleika töflugagnasafnskerfa
- þekki skil á grunnaðferðum til að auka afköst gagnasafnskerfa
- geti unnið með stór gagnasöfn á skilvirkan hátt
- kynnist öðrum tegundum gagnasafnskerfa.

**Lýsing:**

Í námskeiðinu er áhersla lögð á þá eiginleika gagnasafnskerfa sem styðja góð afköst við fjölnotendavinnslu, svo sem úrvinnslu og bestun fyrirspurna, hreyfingar, læsingar og endurbyggingu gagnasafna. Auk þess verður rætt um gagnaskemmur, grunna með ómótuð gögn og aðrar tegundir gagnagrunna ef tími vinnst til.

**Annað:**

Námskeiðið er gagnlegur (en ekki nauðsynlegur) undanfari námskeiðsins Sérhæfð gagnasafnskerfi.

## 6.7. Þriðja námsár

Námið á þriðja námsári er mismunandi eftir því hvort nemendur taka BS-próf í tölvunarfræði, BS-próf í tölvunarfræði með viðskiptavali eða BS-próf í tölvunarfræði með vali í tæknigreinum eða raunvísindum.

### BS-próf í tölvunarfræði

#### 5. önn:

Námskeiðið Forritunarmál er eina sameiginlega skyldunámskeiðið á 5. önn:

- Forritunarmál
- Valnámskeið
- Valnámskeið
- Þriggja vikna sérhæft námskeið
- Kjörsvið: notendahugbúnaður
  - Stærðfræðileg greining
- Kjörsvið: kerfishugbúnaður
  - Sérhæfð gagnasafnskerfi og/eða Netstýrikerfi

Dæmi um valnámskeið á 5. önn:

- Tölvugrafík
- Stöðuvélar og reiknanleiki
- Sérhæfð gagnasafnskerfi
- Netstýrikerfi
- Notendamiðuð hugbúnaðargerð (ekki kennd haustið 2003)
- Námskeið úr viðskiptadeild
- Fallaforritunarmál

#### 6. önn:

- Lokaverkefni (hafi lokaverkefni ekki verið tekið á 4. önn)
- Kjörsvið: notendahugbúnaður
  - Stærðfræðileg reiknirit
- Kjörsvið: kerfishugbúnaður
  - Dreifð kerfi og/eða Þýðendur
- Valnámskeið, eitt eða fleiri

Nemandi sem velur kjörsvið kerfishugbúnaður þarf að ljúka a.m.k. þrem af eftirfarandi námskeiðum í bundnu vali: Dreifð kerfi, Sérhæfð gagnasafnskerfi, Netstýrikerfi og Þýðendur.

Dæmi um valnámskeið á 6. önn:

- Lífupplýsingafræði

- Ný tækni
- Dreifð kerfi
- Þýðendur
- Þriggja vikna sérhæft námskeið
- Ritgerð
- Sjálfstætt verkefni
- Valnámskeið úr viðskiptadeild

### **BS-próf í tölvunarfræði með vali í tæknigreinum eða raunvísindum**

Nemandi getur sótt um að fá metnar 15 einingar úr tæknigreinum eða raunvísindum. Viðkomandi þarf þá að ljúka a.m.k. 72 einingum úr tölvunarfræðideild.

Skyldunámskeið á 5. önn:

- Forritunarmál
- Stærðfræðileg greining

Á 6. önn er skylt að taka:

- Lokaverkefni (hafi lokaverkefni ekki verið tekið á 4. önn)

Möguleg valnámskeið eru þau sömu og nefnd voru að ofan.

### **BS-próf í tölvunarfræði með viðskiptafræðivali**

Nemandi með viðskiptafræðival þarf að ljúka a.m.k. 15 einingum úr viðskiptadeild og a.m.k. 72 einingum úr tölvunarfræðideild.

Fjárhagsbókhalð er eina skyldunámskeiðið úr viðskiptadeild. Nemandi velur þrjú til fimm önnur námskeið úr hópi eftirtalinna 11 námskeiða:

- a. Rekstrarbókhalð
- b. Rekstrarhagfræði
- c. Þjóðhagfræði
- d. Markaðsfræði I
- e. Markaðsstefna
- f. Stjórnun II
- g. Framleiðslustjórnun
- h. Stofnun og rekstur fyrirtækja
- i. Fjármál fyrirtækja
- j. Fjármálamarkaðir
- k. Viðskiptalögfræði

Eitt námskeið er hægt að velja úr öðrum námskeiðum úr viðskiptadeild að því gefnu að undanfarareglum sé fullnægt.



Skyldunámskeið á 5. önn, fyrir nemanda með viðskiptafræðival, eru þá:

- Forritunarmál
- Stærðfræðileg greining
- Fjárhagsbókhald

Á 6. önn er skylt að taka:

- Lokaverkefni (hafi lokaverkefni ekki verið tekið á 4. önn)

### **Námskeið á haustönn:**

#### **T-501-FMÁL Forritunarmál**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Kári Harðarson.

**Lesefni:** Robert W. Sebesta (2002). *Concepts of Programming Languages* (5. útg.).

**Námsmat:** Verkefni, miðannarpróf og lokapróf.

**Forkröfur:** Að hafa staðist próf í Gagnaskipan.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og einn dæmatími í 12 vikur.

#### **Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- þekki strauma og stefnur í gerð forritunarmála fyrr og nú
- geti lýst málskipan forritunarmála með BNF-táknun
- kunni skil á einkennandi þáttum helstu stefjuforritunarmála
- kynnist hlutbundna forritunarmálinu Smalltalk
- þekki eiginleika fallaforritunarmála og Lambda-reikning
- kynnist uppbyggingu rökmálsins Prolog.

#### **Lýsing:**

Þróun forritunarmála í tölvunarfræðum skipar mikilvægan sess í tölvuvæðingu nútímans. Námskeiðið rekur þessa þróun frá upphafi forritunarmálanna til dagsins í dag. Mismunandi tegundir forritunarmála eru teknar fyrir og eiginleikar þeirra bornir saman. Farið er í málskipan og Backus-Naur táknun (BNF-táknun) forritunarmála. Einkennandi þættir stefjuforritunarmála eru skoðaðir; sérstaklega m.t.t. gildisviðsreglna og stefjukvaðninga. Í umfjöllun um hlutbundin forritunarmál er lögð áhersla á Smalltalk forritunarumhverfið. Fallaforritunarmálum gerð skil og áhersla lögð á Lambda-reikning og forritunarmálið ML. RökJforritun er kynnt og rökmálið Prolog er skoðað sérstaklega. Nemendur kynnast uppbyggingu og málfræði þessara forritunarmála og vinna sérhæfð forritunarverkefni í hluta þeirra.

## T-504-STÆL Stærðfræðileg greining

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Tilkynnt síðar.  
**Lesefni:** Tilkynnt síðar.  
**Námsmat:** Miðannarpróf, lokapróf og dæmaskil.  
**Forkröfur:** Engar, en Strjál stærðfræði er æskileg undirstaða.  
**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

### Markmið námskeiðsins er að nemendur:

- kunni skil á inngangsefni í stærðfræðigreiningu, m.a. diffnun, heildun, föllum af tveimur breytistærðum og hlutafleiðum
- læri inngangsefni í líkindareikningi og tölfræði
- kunni frekari skil á lausnum á línulegum jöfnuhneppum með fylkjareikningi
- læri undirstöðuatriði í línulegri bestun.

### Lýsing:

Stærsta viðfangsefni námskeiðsins er stærðfræðigreining. Fjallað er um föll, markgildi, diffnun og heildun og lausn á einföldum diffurjöfnum. Síðan eru tekin fyrir föll af tveimur breytistærðum og hlutafleiður. Þetta efni er um helmingur námskeiðsins. Einnig er tekið fyrir efni um líkindareikning og grunnatriði í tölfræði.

## T-510-GAG3 Sérhæfð gagnasafnskerfi

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Björn Þór Jónsson.  
**Lesefni:** Lesið verður safn rannsóknargreina, sem kynnt verður í upphafi námskeiðs.  
**Námsmat:** Einkum byggt á nemendafyrirlestrum og verkefni.  
**Forkröfur:** Að hafa tekið próf í Gagnasafnsfræði, Reikniritum og Stýrikerfum (Afköst gagnasafnskerfa er gagnlegur undanfari).  
**Kennslustundir:** Fjórar stundir á viku í 12 vikur.

### Markmið námskeiðsins:

Í lok námskeið er ætlast til að nemendur þekki vel bakgrunn og aðferðir ýmissa sérhæfðra gagnasafnskerfa.

### Lýsing:

Námskeiðið verður með málstofusniði. Mismunandi svið gagnasafnsfræði verða tekin fyrir milli ára. Ætlast er til að nemendur flytji fyrirlestra, taki þátt í umræðum og vinni verkefni.

**T-511-TGRA Tölvugrafík**

3 ein. [ECTS: 6]

- Kennari:** Tilkynt síðar.
- Lesefni:** F.S. Hill (2001): *Computer Graphics using OpenGL* (2. útg.).
- Námsmat:** Verkefni, miðannarpróf og lokapróf.
- Forkröfur:** Að hafa staðist próf í Strjállri stærðfræði eða Línulegri algebru.
- Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og einn dæmatími í 12 vikur.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- öðlist grundvallarþekkingu á þeirri stærðfræði sem beitt er í tölvugrafík
- geti forritað tvívíðar og þrívíðar teikningar með hjálp grafískra forritasafna
- kynnist þeim grundvallaraðgerðum sem nauðsynlegar eru við útfærslu á teikniforriti.

**Lýsing:**

Tölvugrafík er vaxandi hluti af forritunarverkefnum hins almenna forritara. Fyrri hluti námskeiðsins fjallar um notkun OpenGL-forritasafnsins, vektora, varpanir tvívíðra og þrívíðra hluta og notkun marghyrninganeta. Í seinni hluta námskeiðsins er fjallað nánar um teikningu þrívíðra hluta, með áherslu á fjarvídd, fram- og bakhliðar, ljós og liti. Að lokum eru kynnt ýmis atriði sem snúa að útfærslu á teikniforritum og framsetningu ferla og yfirborða. Á meðan á námskeiðinu stendur vinna nemendur nokkur forritunarverkefni í tengslum við námsefnið.

**T-515-NOTH Notendamiðuð hugbúnaðargerð**

3 ein. [ECTS:6]

- Kennari:** Marta Kristín Lárusdóttir og Sigrún Eva Ármannsdóttir (ekki kennt haustið 2003).
- Lesefni:** Preece, Rogers og Sharp, *Interaction Design*. Gefin út af: John Wiley & Sons, Inc. árið 2002, ISBN-nr: 0-471-49278-7  
Jennifer Stapleton, *DSDM, Dynamic Systems Development Method*, útgefin af Addison-Wesley. ISBN-nr: 0-201-17889-3
- Námsmat:** Verkefni, miðannarpróf og lokapróf.
- Forkröfur:** Að hafa staðist próf í Hugbúnaðarfræði, Kerfisgreiningu og Viðmótshönnun.
- Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatími í 12 vikur

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- nái færni í að nýta sér mismunandi aðferðir við hönnun og prófanir á viðmóti

- kunningu að velja hvaða aðferðir henta hverju sinni
- þekki kosti og takmarkanir við framsetningu viðmóts á ýms konar tækjum
- skilji muninn á annars vegar notendamiðuðum aðferðum og hins vegar hefðbundnum aðferðum við verkefnastjórnun á hugbúnaðarverkefnum
- geti skipulagt hugbúnaðarverkefni, sem byggir á ítrunum.

### Lýsing:

Í námskeiðinu eru aðferðir við hönnun og prófanir tölvukerfa, þar sem samskipti manns og tölvu eru mikil, skoðaðar í kjölinn. Farið er yfir hvaða tækni og aðferðum er best að nota við hönnun viðmóts fyrir ýmsar tegundir skjáa, s.s. snertiskjáa og smáskjáa á borð við GSM-síma og lófatölvur. Einnig eru mismunandi nálganir við hönnun margmiðlunarefnis (e. multimedia) skoðaðar. Þá eru nytsemisprófunum á hinum ýmsu stigum hönnunar gerð góð skil. Auk þess er farið ítarlega í hvernig verkefnastjórnun er háttað við notendamiðaða hugbúnaðargerð (e. User-Centered Software Development) og hvernig aðferðarfræðinni DSDM (Dynamic System Development Method) er beitt í slíkum verkefnum.

### T-517-NETS Netstýrikerfi

3 ein. [ECTS: 6]

<b>Kennari:</b>	Heimir Þór Sværissón.
<b>Leseefni:</b>	Tilkynnt síðar.
<b>Námsmat:</b>	Tilkynnt síðar.
<b>Forkröfur:</b>	Tilkynnt síðar.
<b>Kennslustundir:</b>	Tilkynnt síðar.
<b>Lýsing:</b>	Tilkynnt síðar.

### T-519-STOR Stöðuvélar og reiknanleiki

3 ein. [ECTS: 6]

<b>Kennari:</b>	Halldór Halldórsson.
<b>Leseefni:</b>	Tilkynnt síðar.
<b>Námsmat:</b>	Tilkynnt síðar.
<b>Forkröfur:</b>	Tilkynnt síðar.
<b>Kennslustundir:</b>	Tilkynnt síðar.
<b>Lýsing:</b>	Tilkynnt síðar.

**T-521-FFOR Fallaforritunarmál**

3 ein. [ECTS: 6]

<b>Kennari:</b>	Franco Barbanera.
<b>Lesefni:</b>	Tilkynnt síðar.
<b>Námsmat:</b>	Tilkynnt síðar.
<b>Forkröfur:</b>	Að hafa tekið próf í Forritunarmálum.
<b>Kennslustundir:</b>	Aðventunámskeið - kennt daglega í þrjár vikur.
<b>Lýsing:</b>	Tilkynnt síðar.

**Námskeið á vorönn:****T-603-ÞÝÐE Þýðendur**

3 ein. [ECTS: 6]

<b>Kennari:</b>	Friðjón Guðjohnsen.
<b>Lesefni:</b>	Alfred V. Aho (1986). <i>Compilers: Principles, Techniques and Tools</i> .
<b>Námsmat:</b>	Verkefni, miðannarpróf og lokapróf.
<b>Forkröfur:</b>	Að hafa tekið próf í Forritunarmálum.
<b>Kennslustundir:</b>	Fjórir fyrirlestrar og einn dæmatími í 12 vikur.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- kunnir skil á uppbyggingu og hönnun þýðenda
- öðlist fræðilegan grunn sem nauðsynlegur er fyrir þýðandasmíði
- geti hannað og smíðað einfaldan þýðanda

**Lýsing:**

Þýðendur eru lykilhluti af þróunarumhverfi forrita. Námskeiðið skilgreinir ítarlega hlutverk og markmið þýðenda. Nákvæmlega er farið í lesgreiningu ("lexical analysis") forrita, reglulegar segðir og stöðuvélar skilgreindar og notkun Lex kynnt. Ítarlega fjallað um ofansæknar og neðansæknar þáttunaraðferðir ("top-down and bottom-up parsing") og notkun Yacc kynnt. Útfærsla á villumeðhöndlun þýðenda er yfirfarin og merkingargreining ("semantic analysis") sérstaklega skoðuð. Að lokum er þulusmíðin sjálf tekin fyrir. Smíði þýðanda er stór hluti af námskeiðinu.

**T-604-STÆR Stærðfræðileg reiknirit**

3 ein. [ECTS:6]

<b>Kennari:</b>	Erlendur S. Þorsteinsson.
<b>Lesefni:</b>	Rosen, Kenneth H. (2003) <i>Discrete mathematics and its applications</i> (5.útgáfa) [Strjál stærðfræði]

Carrano, Frank, M (2002). *Data Abstraction and Problem Solving with C++* (3. útg.) [Reiknirit]  
Fyrirlestraglærur.

**Námsmat:** Lokapróf, forritunarverkefni og dæmaskil.

**Forkröfur:** Að hafa staðist próf í Strjálí stærðfræði og Reikniritum.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og tveir dæmatímar í 12 vikur.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- kynnist ýmsum gerðum reiknirita sem notuð eru í tölvunarfræði og stærðfræði
- fái kynningu á þankagangi og lausnaraðferðum á ýmsum sviðum reiknifræði og verði þannig hæfari til að taka þátt í hugbúnaðarverkefnum þar sem slíkum aðferðum er beitt
- verði betur búinir undir framhaldsnám í tölvunarfræði með því að kunna skil á ýmsum þeim undirstöðuatriðum í tölvunarfræði og stærðfræði sem eru nauðsynleg forsenda þess.

**Lýsing:**

Námskeiðið er framhald af námskeiðunum Strjál stærðfræði og Reiknirit. Er megináherslan lögð á nauðsynlegan stærðfræðigrunn fyrir fræðilegt nám í tölvunarfræði og hvernig stærðfræði og tölvunarfræði tengjast. Auk þess er kynning á þankagangi og lausnaraðferðum í reiknifræði. Fjallað er almennt um afköst reiknirita og flækjustigsflokka. Tekin eru fyrir ýmis reiknirit og í leiðinni það efni sem þarf til skilnings á þeim. Fjallað verður sérstaklega um reiknirit fyrir röðunaraðferðir, leitaráðferðir og lausnir á ákvörðunarverkefnum, bestun, skorðuvandamál, þjöppun og dulritun.

**T-606-RITG Ritgerð**

3 ein. [ECTS:6]

**Umsjón:** Björn Þór Jónsson, Björn Brynjúlfsson og Ólafur Ragnar Helgason.

**Lesefni:** Heimildir sem nemandi aflar sér sjálfur.

**Námsmat:** Ritgerð.

**Forkröfur:** Engar.

**Kennslustundir:** Nokkrar kennslustundir um vinnubrögð, heimildaleit og frágang ritgerðar.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- geti aflað heimilda um vandamál í tölvunarfræði og lausnir á því
- geti sett fram á skýran hátt hvert vandamálið er og hvernig menn hafa reynt að leysa það
- geti tekið rökstudda afstöðu til lausna á vandamáli og í sumum

tilvikum lagt til eigin lausn

- Sýni sjálfstæð vinnubrögð.

### Lýsing:

Nemendur geta valið að skrifa þriggja eininga ritgerð á síðasta námsári. Þetta er einstaklingsritgerð þar sem fjallað er um tiltekið viðfangsefni í tölvunarfræði, hvert það er, hvernig það hefur verið leyst og mat nemanda á lausnum. Ef um er að ræða verkefnavinnu nemanda í tengslum við ritgerðarefnið þá skal gerð grein fyrir henni og niðurstöður túlkaðar. Ætlast er til að þetta ritgerðarefni hjálfi nýja þætti hjá nemanda og það á því ekki að vera dæmigert verkefni við smíði hugbúnaðar. Ritgerðin er skrifuð undir umsjón umsjónarkennara en ætlast er til sjálfstæðra vinnubrögða án mikillar handleiðslu hans. Nemandi skilar verkefnistillögu þar sem gerð er grein fyrir ritgerðarefni og fyrirhuguðum efnistöfum. Tölvunarfræðideild þarf að samþykkja hana og skipa umsjónarkennara.

### T-608-LOKA Lokaverkefni

6 ein. [ECTS:12]

Lokaverkefni sem unnið er á 6. önn er hægt að vinna með sama sniði og á 4. önn (sjá lýsingu í kafla 6.6), en jafnframt býðst nemendum á 6. önn að taka fræðilegri verkefni undir umsjón kennara skólans.

### T-611-NYTI Ný tækni

3 ein. [ECTS:6]

**Kennarar:** Ólafur Andri Ragnarsson.

**Lesefni:** Ýmislegt efni á vefnum.

**Námsmat:** Verkefni, miðannarpróf og lokapróf.

**Forkröfur:** Engar.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og einn dæmatími í 12 vikur.

### Markmið og lýsing:

Markmiðið er að taka fyrir tækni sem hefur rutt sér til rúms undanfarin ár. Forsendur námskeiðsins eru þær tækniframfarir sem eiga sér stað nú í upphafi 21. aldarinnar. Áhersla er á miðla eins og þráðlaus tæki, síma og sjónvörp, en þetta eru miðlar sem eru að fá ný hlutverk. Einnig er litið á þær breytingar sem þetta hefur í för með sér og reynt er að skyggjast inn í framtíðina með því að líta á hvaða tækni verður ofan á, hvaða staðlar sigra og hvaða fyrirtæki verða leiðandi, hvaða lausnir neytendur muni kaupa og hvernig þjóðfélagið mun breytast samhliða nýjum tæknilegum möguleikum.

<b>Umsjón:</b>	Björn Þór Jónsson, Björn Brynjúlfsson og Ólafur Ragnar Helgason.
<b>Lesefni:</b>	Heimildir sem nemandi aflar sér sjálfur.
<b>Námsmat:</b>	Verkefnisskýrsla og aðrar afurðir verkefnis.
<b>Forkröfur:</b>	Engar.
<b>Kennslustundir:</b>	Nokkrar kennslustundir um vinnubrögð, heimildaleit og frágang ritgerðar.

**Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- geti aflað heimilda um vandamál í tölvunarfræði og lausnir á því
- geti sett fram á skýran hátt hvert vandamálið er og hvernig menn hafa reynt að leysa það
- geti tekið rökstudda afstöðu til lausna á vandamáli, lagt til eigin lausn og útfært hana og túlkað niðurstöður sínar
- sýni sjálfstæð vinnubrögð.

**Lýsing:**

Nemendur geta valið að vinna þriggja eininga sjálfstætt verkefni á síðasta námsári. Þetta námskeið er hliðstætt Ritgerð og vísast til þeirrar námskeiðslýsingar. Helsti munurinn felst í tvennu. Í fyrsta lagi getur þetta verið hvort heldur er einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Í öðru lagi er verkefnavinna nemanda umfangsmikil og niðurstaðan fremur sett fram í verkefnisskýrslu en ritgerð. Ætlast er til að þetta verkefni hjálfi nýja þætti hjá nemanda og það á því ekki að vera dæmigert verkefni við smíði hugbúnaðar. Verkefnið er unnið undir umsjón umsjónarkennara en ætlast er til sjálfstæðra vinnubragða án mikillar handleiðslu hans. Nemandi skilar verkefnistillögu þar sem gerð er grein fyrir viðfangsefni og fyrirhuguðum efnistöfum. Tölvunarfræðideild þarf að samþykka hana og skipa umsjónarkennara.

## 6.8. Fjarnám

Tölvunarfræðideild HR býður námsefni fyrstu tveggja ára (60 einingar) í fjarnámi. Um er að ræða námsefni af kjörsviði notendahugbúnaðar. Nemendur geta ákveðið síðar að ljúka BS-gráðu (90 einingar) í hefðbundnu námi. Námsefni og námskröfur í fjarnámi eru nákvæmlega þau sömu og í staðarnámi.

Fjarnám er valkostur fyrir nemendur sem hvorki hafa aðstæður til hefðbundinnar skólagöngu né möguleika á að stunda háskólanám með vinnu (sjá síðar). Fjarnám deildarinnar fer fram í sérhönnuðu fjarnámsumhverfi sem deildin hefur þróað á undanföllum árum og byggir nær eingöngu á internettkæni.

Fjarnámið er tekið á hálfum hraða, tvö námskeið á haustönn og tvö námskeið á vorönn ásamt verklegu námskeiði á vorönn.



## **Kennsluaðferðir í fjarnámi**

Í flestum námskeiðum eru tveir kennarar, kennari sem skipuleggur námið og hefur umsjón með fyrirlestrum og fjarkennari sem leggur fyrir verkefni, sér um umræðuþræði og er í sambandi við fjarnemendur. Í fjarnámi eru notaðar aðrar kennsluaðferðir en í venjulegu námi:

**Fyrirlestrar** - Fyrirlestrar í fjarnámi eru hljóðfyrirlestrar sem eru ýmist teknir upp í kennslustundum í staðarnámi eða kennari hefur tekið þá sérstaklega upp. Til þess að geta skoðað fyrirlestrana þarf fjarnemandi að sækja þá og vista á sinni tölvu.

**Verkefni** - Uppbygging námskeiðanna er mismunandi. Í sumum eru verkefni lögð fyrir reglulega sem nemendur leysa og fá síðan lausnir afhentar eftir ákveðinn tíma. Í öðrum eru lögð fyrir skilaverkefni, ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Þessum verkefnum er skilað til fjarkennara sem fer yfir þau og skilar þeim aftur til nemenda.

**Verkleg námskeið** - Verkleg námskeið eru full vinna í þrjár vikur. Verklegt námskeið á 1. önn ber að inna af hendi í skólanum undir handleiðslu verkefniskennara, en verkleg námskeið á 2. og 3. önn eru með sveigjanlegra sniði.

**Vinnulotur** - Í upphafi hverrar annar er tveggja daga vinnulota í skólanum þar sem fjarnámið og helstu kennsluaðferðir eru kynntar um leið og námskeiðin hefjast. Þar gefst fjarnemendum tækifæri til þess að hitta kennara sína og aðra fjarnemendur. Um miðja önnina er haldin önnur vinnulota en þar er lögð áhersla á verkefnavinnu.

**Umræðuþræðir** - Hver nemendi hefur aðgang að innri vef skólans. Umræðuþræðir eru skipulagðir reglulega af fjarkennara. Tekin eru fyrir ákveðin viðfangsefni og fjarkennarar varpa fram spurningum á umræðuþræði sem fjarnemendur leitast við að svara. Fjarnemendur geta einnig lagt inn fyrirspurnir til kennara og samnemenda sinna. Lögð er áhersla á virkni fjarnemenda.

**Spjall** - Fjarkennari og fjarnemandi tengjast samtímis á fyrirfram auglýstum tímum. Þannig geta fjarnemendur og fjarkennarar haft samskipti í gegnum tölvuna. Nemendur geta einnig spjallað saman daglega þegar þeir eru að vinna saman. Hægt er að senda á milli texta, tal, myndir og hljóð. Einnig er mögulegt að vinna saman í ýmsum forritum, t.d. teikniforritum.

**Símatímar** - Fjarkennarar hafa fasta símatíma fyrir fjarnámsnemendur.

**Samstarfshópar** - Nemendur mynda samstarfshópa sem geta unnið saman í náminu. Þessir hópar eru myndaðir í staðbundnum lotum.

## Námskeið

Haust 2003	Vor 2004	Haust 2004	Vor 2005	Haust 2005	Vor 2006	Haust 2006	Vor 2007
Forritun	Kerfisgreining	Gagna-skipan	Gluggakerfi	Reiknirit	Tölvu-samskipti	Hugbún-aðarfræði	Rekstur upplýsinga-kerfa
Almenn tölvufræði	Tölvuhögun	Viðmóts-hönnun	Gagnasafnsfræði	Stýrikerfi	Val-námskeið	Hönnun og smíði hug-búnaðar	Lokaverk-efni
	Verklegt námskeið		Verklegt námskeið			Verklegt námskeið	

Námskeiðslýsingar er að finna framar í kaflanum um tölvunarfræðideild.

## 6.9. Háskólanám með vinnu (HMV)

Tölvunarfræðideild HR býður námsefni fyrstu tveggja ára (60 einingar) í HMV. Um er að ræða námsefni af kjörsviði notendahugbúnaður. Nemendur geta ákveðið síðar að ljúka BS-gráðu (90 einingar) í hefðbundnu námi. NámsEfni og námskröfur í HMV er nákvæmlega það sama og í staðarnámi.

Þeim nemendum sem eiga ekki möguleika á að stunda staðarnám (t.d. vegna vinnu) en vilja taka námið á meiri hraða en gert er í fjarnámi, gefst kostur á að stunda HMV í tölvunarfræðideild. Í flestum tilvikum er því um að ræða nemendur sem búa á höfuðborgarsvæðinu og stunda vinnu.

Í HMV eru þrjár annir á hverju ári, vorönn, sumarönn (frí í júlí og ágúst) og haustönn. Nemendur ljúka sex til níu einingum á haust- og vorönn og sex einingum á sumarönn. Hægt er að klára kerfisfræðiþróf á þremur árum (átta önnum). Munurinn á HMV og fjarnámi er sá að nemendur í HMV mæta í dæmatíma í skólann tvisvar í viku og taka námið á meiri hraða. HMV er eingöngu hægt að hefja á vorönn.

### Kennsluaðferðir í HMV

Í flestum námskeiðum eru tveir kennarar, kennari sem skipuleggur námið og hefur umsjón með fyrirlestrum og dæmatímakennari sem sér um dæmatíma.

**Fyrirlestrar** - Fyrirlestrar í HMV eru hljóðfyrirlestrar sem eru ýmist teknir upp í kennslustundum í staðarnámi eða kennari hefur tekið þá sérstaklega upp. Til þess að geta skoðað fyrirlestrana þarf nemandi að sækja þá og vista á sinni tölvu.

**Dæmatímar** - Nemendur í HMV mæta í dæmatíma tvisvar í viku í skólanum. Dæmatímar fara fram kl. 16:15-19:30. Efni dæmatíma í HMV er nákvæmlega það

sama og í dæmatímum í staðarnámi.

**Verkleg námskeið** - Verkleg námskeið eru full vinna í þrjár vikur og ber að inna af hendi í skólanum undir handleiðslu verkefniskennara.

### Námskeið

Vor 2004	Sumar 2004	Haust 2004	Vor 2005	Sumar 2005	Haust 2005	Vor 2006	Vor 2006
Forritun	Almenn tölvufræði	Gagna-skipan	Gluggakerfi	Reiknirit	Hugbúnaðarfræði	Rekstur uppl. kerfa	Lokaverkefni
Kerfisgreining	Verklegt námskeið	Viðmóts-hönnun	Gagnasafnsfræði	Stýrikerfi	Hönnun og smíði hugb.	Tölvu-samskipti	Valnámskeið
Tölvuhögun			Verklegt námskeið		Verklegt námskeið		

Námskeiðslýsingar er að finna framar í kaflanum um tölvunarfræðideild.

## 6.10. Meistaránám

Á haustönn 2003 verður í fyrsta sinn boðið upp á meistaránám (MS) við tölvunarfræðideild HR. Um er að ræða tveggja ára (60 eininga) nám með rannsóknaráherslu, 30 einingar í námskeiðum á fyrra árinu og 30 einingar í rannsóknarverkefni á síðara árinu. Fyrra árið skiptist þannig að á haustönn tekur nemandi 15 einingar í námskeiðum við tölvunarfræðideild HR og á vorönn tekur nemandi jafngildi 15 eininga í námskeiðum við samstarfsháskóla. Stofnað hefur verið til samstarfs við nokkra erlenda háskóla í þeim tilgangi að gera nemendum kleift að sækja námskeið við þá og jafnframt í þeim tilgangi að stofna til samstarfs í rannsóknum.

Inntökuskilyrði fyrir meistaránámið er að nemandi hafi lokið BS-gráðu í tölvunarfræði með mjög góðum árangri. Vegna mikillar áherslu á rannsóknarþátt meistaránámsins mun tölvunarfræðideildin takmarka fjölda þeirra nemenda sem tekinn er inn í námið hverju sinni.

Sem dæmi um námskeið í meistaránáminu við HR má nefna: Stöðuvélar og reiknanleiki, Netstýrikerfi, Sérhæfð gagnagrunskerfi, Notendamiðuð hugbúnaðargerð, Fallaforritunarmál, Aðgerðagreining og námskeið í aðferðafræði rannsókna.

Rannsóknarverkefni verða í boði á ýmsum sviðum, m.a. í netkerfum og netþjónustu, gagnasafnskerfum, aðgerðagreiningu og viðmótshönnun.

Nánari upplýsingar um tilhögun meistaranámsins má finna á [www.ru.is/td/ms](http://www.ru.is/td/ms).

## 6.11. Framvindureglur í tölvunarfræðideild

### Námsskipulag

Nemandi velur í upphafi á milli kjörsviðanna notendahugbúnaður og kerfishugbúnaður. Velji nemandi að útskrifast sem kerfisfræðingur eftir tveggja ára nám þá ber honum að velja kjörsvið notendahugbúnaður.

### Fjöldi eininga á önn

Nemendi getur sjálfur skráð sig fyrir að hámarki 15 einingum á önn. Ef nemandi vill taka fleiri einingar þá þarf hann að sækja um það til deildarfulltrúa.

### Reglur um flutning yfir á annað námsár

Nemandi fær að flytjast upp á annað námsár ef hann hefur lokið a.m.k. 24 einingum á fyrsta ári og meðaleinkunn 24 hæstu eininganna er 6 eða hærri.

### Endurinnritun

Nú lýkur nemandi prófum og uppfyllir ekki skilyrði til þess að flytjast yfir á annað námsár. Þá getur hann sótt um endurinnritun í námið. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6 eða hærri.

### Reglur um námsframvindu fyrir nemendur sem velja að ljúka námi sem kerfisfræðingur HR

Til að skrá sig í Lokaverkefni á 4. önn skal nemandi hafa lokið minnst 39 einingum. Hann skal hafa lokið öllum verklegum námskeiðum og skal ennfremur hafa tekið próf í námskeiðinu Hugbúnaðarfræði.

### Innritun útskrifaða kerfisfræðinga í BS-nám í tölvunarfræðideild

Einstaklingar sem hafa lokið námi sem kerfisfræðingar TVÍ, VHR eða HR eða samþærilegu námi geta sótt um nám á 3. ári.

### Reglur um námsframvindu eftir að nemandi er kominn á þriðja námsár

Til að skrá sig Lokaverkefni á 6. önn skal nemandi hafa lokið öllum verklegum námskeiðum og skal ennfremur hafa staðist próf í námskeiðinu Hugbúnaðarfræði.

### Forkröfur fyrir námskeið

Forkröfur fyrir einstök námskeið skulu koma fram í kennsluskrá.

## **Almennt ákvæði um fyrningu námskeiða**

Námskeið sem nemandi hefur staðist án þess að útskrifast fyrnast að jafnaði á sex árum.

## **Námshlé**

Nemandi getur sótt um það fyrir upphaf skólaárs að gera hlé á námi sínu. Umsóknin skal send til deildarfulltrúa, studd viðeigandi gögnum. Gildar ástæður fyrir námshléi eru t.d. barnsburður eða veikindi. Sé umsóknin samþykkt er gerður samningur milli nemandans og skólans um námshlé og útfærð sérstaklega ákvæði um námsframvindu eftir þörfum.

## **Undanþágur**

Undanþágur frá þessum reglum um námsframvindu eru aðeins veittar með samþykki námsþróunarráðs. Umsóknir um undanþágur skulu sendar til deildarfulltrúa studdar viðeigandi gögnum.

## **6.12. Forsetalisti**

Þeir nemendur sem ná framúrskarandi námsárangri á sérhverri önn fá sérstaka viðurkenningu. Viðurkenningin felst í því að í lok tiltekinnar annar kemst nafn nemandans (að gefnu samþykkis hans) inn á sérstakan lista, Forsetalista tölvunarfræðideildar, sem verður aðgengilegur öllum öðrum nemendum. Erlendis er það talinn mikill heiður að komast inn á lista sem þennan enda hefur listinn mikið vægi ef/þegar nemandi sækir seinna um framhaldsnám.

Til þess að komast inn á umræddan lista eftir tiltekna önn þarf nemandi í tölvunarfræðideild að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hafa lokið 12-15 einingum á önninni.
- Hafa náð meðaleinkunn  $\geq 9.0$  á önninni.
- Í útreikningi á meðaleinkunn gilda eingöngu próf sem tekin eru í fyrsta sinn í tilteknu námskeiði, m.ö.o. endurtektarpróf gilda ekki en sjúkrapróf gilda.

## **Námsstyrkir**

Námsstyrkir verða í formi niðurfellingar skólagjalda. Frá og með hausti 2002 munu eftirfarandi reglur gilda varðandi námsstyrki í TD:

## **Nýnemar**

- Allt að 7% nýnema fá full skólagjöld niðurfelld á 1. önn
- Allt að 10% nýnema fá hálf skólagjöld niðurfelld á 1. önn

## Eldri nemar

Í lok sérhverrar annar (þegar einkunnir í öllum námskeiðum liggja fyrir) kemur í ljós hvaða nemendur fá skólagjöld niðurfelld á næstu önn.

### Reglurnar sem notaðar verða:

- Nemandi þarf að hafa lokið 15+ einingum á önninni.
- Nemandi sem fékk meðaleinkunn 9,0-10,0 fær full skólagjöld niðurfelld á næstu önn.
- Nemandi sem fékk meðaleinkunn 8,50-8,99 fær 1/2 skólagjöld niðurfelld á næstu önn.
- Í útreikningi á meðaleinkunn gilda eingöngu próf sem tekin eru í fyrsta sinn í tilteknu námskeiði, m.ö.o. endurtektarpróf gilda ekki en sjúkrapróf gilda.

## 6.13. Nefndir og ráð

### Námsþróunarráð

Námsþróunarráð samanstendur af þremur starfsmönnum deildarinnar sem kosnir eru á deildarfundi til eins árs í senn. Einn af þeim er formaður ráðsins og er hann ábyrgur fyrir því að boða fundi. Fundargerðir ráðsins skulu gerðar aðgengilegar öðrum starfsmönnum deildarinnar.

Hlutverk námsþróunarráðs er eftirfarandi:

- Að hafa frumkvæði að þróun og uppbyggingu námsins.
- Að hafa frumkvæði að uppbyggingu nýrra námsbrauta/námsleiða.
- Ákveða forkröfur einstakra námskeiða.
- Ákveða reglur um námsframvindu og próf við deildina.

### Námsmatsnefnd

Námsmatsnefnd samanstendur af þremur starfsmönnum deildarinnar sem kosnir eru á deildarfundi til eins árs í senn. Einn af þeim er formaður nefndarinnar og er hann ábyrgur fyrir því að boða fundi.

Hlutverk námsmatsnefndar er eftirfarandi:

- Afgreiða undanþágubeiðnir nemenda í tengslum við námsframvindu
- Sjá um mat á námi/námskeiðum úr öðrum skólum
- Hafa umsjón með yfirferð á umsóknum nemenda

### Rannsóknarráð

Rannsóknarráð samanstendur af þrem starfsmönnum deildarinnar sem kosnir eru á deildarfundi til eins árs í senn. Einn af þeim er formaður ráðsins og er hann ábyrgur fyrir því að boða fundi. Fundargerðir ráðsins skulu gerðar aðgengilegar öðrum starfs-

mönnum deildarinnar.

Hlutverk rannsóknarráðs er eftirfarandi:

- Vinna að stefnumótun rannsókna innan deildarinnar.
- Halda utan um stöðu og framvindu rannsóknarverkefna innan deildarinnar.
- Koma á og viðhalda rannsóknarsamstarfi við aðra háskóla og rannsóknarstofnanir.
- Vinna að stefnumótun fyrir rannsóknarsamstarf milli kennara og nemenda.

### **Tengslaráð**

Tengslaráð samanstendur af þremur starfsmönnum deildarinnar sem kosnir eru á deildarfundi til eins árs í senn. Einn af þeim er formaður ráðsins og er hann ábyrgur fyrir því að boða fundi. Fundargerðir ráðsins skulu gerðar aðgengilegar öðrum starfsmönnum deildarinnar.

Hlutverk tengslaráðs er:

- Að móta þær leiðir sem best eru fallnar hverju sinni til að kynna námið tilvonandi nemendum.
- Að aðstoða við markaðs- og kynningartengd verkefni.
- Að byggja upp samstarf við útskrifaða nemendur.

Tengslaráð vinnur náið með Viðskiptatengslum HR.

### **Lokaverkefnisnefnd og nefnd um ritgerðir og sjálfstæð verkefni**

Hvor nefnd um sig samanstendur af þrem starfsmönnum deildarinnar sem kosnir eru á deildarfundi til eins árs í senn. Einn af þeim er formaður nefndarinnar og er hann ábyrgur fyrir því að boða fundi.

Hlutverk nefndanna er:

- Að yfirfara og meta verkefnistillögur.
- Að úthluta verkefnakennurum í samræmi við þekkingu og áhuga.
- Að samræma vinnuframlag verkefnakennara og prófdómara.

### **Annarstjórar**

Einn af föstum kennurum skólans er valinn í upphafi annar af deildarforseta sem annarstjóri fyrir sérhverja önn í náminu. Umræddur kennari skal vera á meðal kennara á önninni og er hlutverk hans að samstillta verkefnavinnu og próf í einstökum námskeiðum og upplýsa þjónustusvið um mikilvægar dagsetningar vegna þessarar samræmingar. Jafnframt eiga nemendur að leita til annarstjóra ef ræða þarf skipulag og verkefnaálag viðkomandi annar.

## 7. VIÐSKIPTAEILD

### Forseti

Agnar Hansson 510-6261 agnar@ru.is

### Forstöðumaður BS-náms

Þórunn Jónsdóttir 510-6256 thoranna@ru.is

### Forstöðumaður MBA-náms

Þórdís Sigurðardóttir 510-6285 thordis@ru.is

### Verkefnastjóri BS-náms

Kristín Leopoldína Bjarnadóttir 510-6284 kristin@ru.is

### Verkefnastjóri MBA-náms

Kristrún Auður Viðarsdóttir 510-6262 kristrunv@ru.is

### Fastir kennarar

Ásta Bjarnadóttir, lektor 510-6277 asta@ru.is  
Bjarni Snæbjörn Jónsson, aðjúnt bjarni@img.is  
Finnur Oddsson, lektor 510-6276 finnur@ru.is  
Halla Tómasdóttir, lektor 510-6255 halla@ru.is  
Jóhann V. Ívarsson, lektor 510-6239 johann@ru.is  
Jón Ormur Halldórsson, dósent 510-6271 jon@ru.is  
Loftur Ólafsson, lektor 510-6253 loftur@ru.is  
Lúðvík Eliasson, lektor 569-9679 ludvik.eliasson@sedlabanki.is  
Ólafur Þór Jóhannesson, aðjúnt 550-5340 olafurth@ru.is  
Rögnvaldur J. Sæmundsson, lektor 510-6294 rjs@ru.is  
Vivienne Heng Ker-ni, lektor 510-6260 vivienne@ru.is  
Þórarinn G. Pétursson, lektor 569-9692 thorarinn@ru.is

*Sérfræðingar*

Anna Þorbjörg Jónsdóttir 510-6245 anna@ru.is  
Arndís Thorarensen 510-6238 arndist@ru.is  
Auður Arna Arnarsdóttir auduraa@ru.is  
Guðrún Mjöll Sigurðardóttir 510-6278 gudrun@ru.is  
Kári Sigurðsson 510-6244 kari@ru.is

### Stundakennarar

Agnar Olsen 580-3000 agnarmo@ru.is  
Arnar Jónsson arnar.jonsson@landsbanki.is  
Árni Halldórsson 510-6223 arnih@ru.is  
Árni Harðarsson 580-3000 ah@deloitte.is  
Ásmundur Helgason asmundur@abx.is  
Baldvin Björn Haraldsson baldvin.haraldsson@-  
is.landwellglobal.com  
Guðmundur Þ. Guðmundsson guðmundur.guðmundsson@isb.is  
Hálfdan Guðni Gunnarsson 512 1000 halfdan@agr.is  
Helgi Jóhannesson helgij@lex.is



Hrefna Bachmann  
 Ketill Berg Magnússon  
 Magnús Árni Skúlason  
 Pálmi Pétursson  
 Sigurður Jóhannesson  
 Styrmir Þór Bragason  
 Tómas Ottó Hansson  
 Tryggvi Tryggvason

hrefnab@siminn.is  
 ketill@simi.is  
 magnusas@ru.is  
 512-1024 palmi@agr.is  
 sjz@hi.is  
 styrmir.bragason@landsbanki.is  
 toh@isholf.is  
 tryggvi.tryggvason@landsbanki.is


## Stefna og markmið viðskiptadeildar

Háskólinn í Reykjavík stefnir að því að veita framúrskarandi menntun á sviði viðskiptafræði. Þeir sem útskrifast frá viðskiptadeild HR ganga í gegnum fram-sækið og krefjandi nám þar sem rík áhersla er lögð á frumkvöðlahugsun og nýsköpun með samþættingu traustrar þekkingar á helstu sviðum viðskiptafræðinnar. Áhersla er lögð á vinnu hagnýtra verkefna í náinni samvinnu við fyrirtæki í fremstu röð íslensks atvinnulífs. Nemendaskipti og samstarf um kennslu við erlenda háskóla auka enn skilning á mikilvægi alþjóðavæðingar fyrir innlent efnahagslíf og efla þekkingu og getu okkar til þátttöku í sibreytilegu umhverfi alþjóðlegs samfélags. Frumkvæði að tækniframþróun og tileinkun nýrrar tækni við kennslu gerir nemendur einnig móttækilega fyrir örum breytingum á sviði tækninnar. Markmið deildarinnar er að veita nemendum viðurkennda viðskiptamenntun sem gerir þeim kleift að ná árangri bæði í frekara háskólanámi og í atvinnulífinu.

## 7.1. Skipulag deildarinnar – nefndir og ráð

Starfsemi viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík skiptist á fjögur meginsvið kennslu og rannsókna auk yfirstjórnar, sbr. mynd að neðan.

1. BSc-nám
2. MBA-nám
3. Rannsóknartengt nám – MS og PhD
4. Rannsóknarstarf



\*50 % staða

### **Deildarforseti**

Deildarforseti er framkvæmdastjóri deildar og ber ábyrgð á starfsemi og fjárhag hennar gagnvart rektor. Deildarforseti ræður kennara og aðra starfsmenn til deildarinnar í umboði rektors og prófessora við deildina í samráði við rektor. Deildarforseti skal eiga frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina. Deildarforseti gerir fjárhagsáætlun fyrir deild og skal hún lögð fram til umfjöllunar í framkvæmdastjórn HR sem hluti af heildarfjárhagsáætlun skólans. Deildarforseti boðar til deildarfunda.

### **Deildarfundir**

Á deildarfundum eiga sæti allir starfsmenn deildarinnar og starfsmenn stofnana sem heyra undir deildina.

Tilgangur deildarfundar er að:

- vera vettvangur umræðna um markmið og hlutverk deildarinnar
- veita upplýsingar til starfsmanna um ýmis fagleg málefni er snerta deildina
- fjalla um skipulag kennslu, námsframboð og námsleiðir
- fjalla um rannsóknir við deildina
- fjalla um hlutverk og skyldur ráða og nefnda.

Ákvarðanir og tillögur deildarfunda skulu færðar til bókar og gerðar aðgengilegar.

### **Deildarráð**

Deildarráð fer með yfirstjórn allra mála sem lúta að nemendum, námsskrá, rannsóknum og ytri tengslum deildarinnar. Í deildarráði sitja auk deildarforseta, forstöðumenn sviða. Deildarforseti stýrir fundum deildarráðs og er ábyrgur fyrir því að kalla saman fundi eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði að teknu tilliti til venjulegra fría. Ákvarðanir og tillögur ráðsins skulu kynntar á deildarfundum.

### **BS-nám**

Forstöðumaður BS-náms starfar í umboði deildarforseta og er sem slíkur ábyrgur fyrir námsbrautinni. Innan BS-náms starfar sérstök námsstjórn og gæðaráð sem einnig eru skipuð fulltrúum nemenda. Um tilhögun náms og reglna sem um það gilda er vísað til framvindureglna BS-náms.

### **Námsstjórn BS**

Í námsstjórn sitja þrír starfsmenn deildarinnar að forstöðumanni BS-náms meðtöldum. Forstöðumaður er formaður stjórnar og tilnefni hana tvo til eins árs í senn. Fundargerðir ráðsins skulu gerðar aðgengilegar öðrum starfsmönnum deildarinnar. Námsstjórn er ábyrg fyrir eftirtöldum atriðum:

- Uppbyggingu námsins, þróun þess og gæðamati
- Uppbyggingu nýrra námsbrauta og/eða námsleiða innan BS-náms

- Inntöku nýnema í BS-nám og mati á fyrri árangri þeirra
- Nemendaskiptum við aðra háskóla á BS-stigi
- Framvindu- og prófareglum.

### **MBA-nám**

Forstöðumaður MBA-náms starfar í umboði deildarforseta og er sem slíkur ábyrgur fyrir námsbrautinni. Innan MBA-náms starfar sérstök námsstjórn og gæðaráð sem einnig er skipað fulltrúum nemenda. Um tilhögun náms og reglna sem um það gilda er vísað til reglna um MBA-nám.

### **Námsstjórn MBA**

Í námsstjórn sitja þrír starfsmenn deildarinnar að forstöðumanni BS-náms meðtöldum. Forstöðumaður er formaður stjórnar og tilnefnir hina tvo til eins árs í senn. Fundargerðir hennar skulu gerðar aðgengilegar öðrum starfsmönnum deildarinnar. Stjórnin er ábyrg fyrir eftirtöldum atriðum:

- Uppbyggingu námsins, þróun þess og gæðamati
- Inntöku nýnema í MBA-nám og mati á fyrri árangri þeirra
- Þeim samskiptum við aðra háskóla sem tengjast MBA-námi
- Framvindu- og prófareglum.

### **Rannsóknarnám – MS og PhD**

Forstöðumaður rannsóknarnáms starfar í umboði deildarforseta og er sem slíkur ábyrgur fyrir námsbrautinni. Innan hennar starfar sérstök námsstjórn og gæðaráð sem einnig er skipað fulltrúum nemenda. Um tilhögun náms og reglna sem um það gilda er vísað til reglna um rannsóknarnám.

### **Fagstjórn MS- og PhD-náms**

Í námsstjórn sitja þrír starfsmenn deildarinnar að forstöðumanni rannsóknarnáms meðtöldum. Forstöðumaður er formaður stjórnar og tilnefnir hina tvo til eins árs í senn af. Fundargerðir hennar skulu gerðar aðgengilegar öðrum starfsmönnum deildarinnar. Stjórnin er ábyrg fyrir eftirtöldum atriðum:

- Uppbyggingu námsins, þróun þess og gæðamati
- Inntöku nýnema í rannsóknarnám og mati á fyrri árangri þeirra
- Samskiptum við aðra háskóla sem tengjast MS- og PhD-námi
- Framvindu- og prófareglum.

### **Rannsóknir**

Forstöðumaður Rannsókna starfar í umboði deildarforseta og er sem slíkur ábyrgur fyrir eftirliti og stuðningi við virkt rannsóknarstarf innan deildarinnar auk þess að stýra rannsóknarþjónustu vd. Innan sviðsins starfar sérstakt rannsóknarráð. Forstöðumaður rannsókna situr í stjórn allra rannsóknarstofnana sem heyra undir deildina og ber ábyrgð á að samhæfa ýmiskonar þætti í starfsemi þeirra.

## Rannsóknarráð

Í rannsóknarráði sitja þrír starfsmenn deildarinnar og eru þeir tilnefndir af forstöðumanni rannsókna sem jafnframt er formaður ráðsins. Fundargerðir ráðsins skulu gerðar aðgengilegar öðrum starfsmönnum deildarinnar.

Rannsóknarráð vinnur náið með fulltrúum rannsóknarmiðstöðvar HR og sinnir eftirtöldum skyldum:

- Stefnunótun rannsókna innan deildarinnar
- Framvindu og stöðu allra rannsóknarverkefna innan deildarinnar
- Fylgjast með straumum og stefnum í rannsóknum innan viðskiptafræða
- Koma á og viðhalda rannsóknarsamstarfi við aðra háskóla og rannsóknarstofnanir
- Hafa yfirsýn yfir styrki og fjárveitingar til viðskiptatengdra rannsókna
- Þróa matskerfi til magngreiningar og sjálfsmats á rannsóknarstarfi innan deildarinnar
- Skipuleggja námstefnur, ráðstefnur, útgáfu “working-papers” o.s.frv.
- Vinna að stefnumótun fyrir rannsóknarsamstarf milli kennara og nemenda.

## 7.2. BS- og diplománám - nám á fyrsta háskólastigi

BS nám (90 einingar) - er í boði í dagskóla og háskólanámi með vinnu þar sem kennt er eftir hádegi frá kl. 16:15 - 19:00 þrjá daga í viku.

Miðað er við að nemendur í dagskóla taki að jafnaði 15 einingar á önn eða 5 námskeið og ljúki BS gráðu á þremur árum. Í háskólanámi með vinnu (HMV) taka nemendur 9 einingar á önn en bæta við sig þriðju önninni, sumarönn sem er í maí, í júní og ágúst (sumarfrí í júlí).

Nemendur í HMV geta að loknu sex anna námi flutt sig yfir í dagskólann til þess að nýta sem flesta valmöguleika og ljúka þriðja ári á tveimur önnum með því að taka 15 einingar á hvorri önn. Þannig geta nemendur lokið náminu á níu önnum. Einnig er hægt að ljúka BS-námi á tíu önnum ef fólk kys að taka allt námið á HMV tíma. Nemendur geta búist við því að valframboð á þessum tíma verði takmarkað. Sömu kröfur eru gerðar til nemenda í háskólanámi með vinnu og nemenda í hefðbundnu námi í viðskiptadeild og þreyta nemendur sömu próf. Að jafnaði er miðað við að nemendur sem teknir eru inn í HMV búi yfir talsverðri starfsreynslu.

### Fyrirkomulag og áherslur í BS-námi

Á fyrri stigum námsins er lögð áhersla á að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á undirstöðugreinum almennra viðskiptafræða. Notkun algengustu forrita og raunhæf

verkefni er fléttað inn í kennslu. Þegar hefðbundnum prófum lýkur á vorönn 1. árs vinna nemendur í fjögurra til sex manna hópum að gerð viðskiptaáætlunar í námskeiðinu Stofnun og rekstur. Sú vinna stendur í þrjár vikur og miðar annars vegar að því að hvetja frumkvöðlahugsun nemenda og hins vegar að því að samþætta þekkingu úr námskeiðum fyrsta árs. Nemendur í BS-námi með vinnu taka námskeiðið Stofnun og rekstur á 8. önn námsins.

Að loknum vorprófum 2. árs í dagskóla og í lok 6. annar í HMV tekur við stefnumótunarverkefni þar sem unnið er með fyrirtækjum í atvinnulífinu og stjórnendum þeirra.

Eftir því sem líður á námið er leitast við að dýpka og auka fræðilega innsýn í fög viðskiptafræðinnar auk þess sem rík áhersla er lögð á að nemendur sjái viðfangsefni sín í alþjóðlegu ljósi og tileinki sér fagleg vinnubrögð.

Í lokahluta námsins gefst nemendum tækifæri til að velja námskeið sem tengjast áhugasviði þeirra. *Áhersla er lögð á að bjóða sem flest valnámskeið á ensku að þeim undanskildum sem fjalla um séríslensk lög eða reglugerðir.* BS-námi lýkur með sex eininga rannsóknarritgerð sem unnin er undir handleiðslu kennara. Markmið ritgerðarinnar er að þjálfra og prófa hæfni nemenda til sjálfstæðra, skipulegra, agaðra og vísindalegra vinnubragða og til skýrrar framsetningar á niðurstöðum eigin vinnu.

### BS í viðskiptafræði með tölvunarfræðivali

Nemendum í viðskiptafræði gefst kostur á að taka val í tölvunarfræði sem nemur fimm námskeiðum (15 einingar). Þar að auki er nemendum skylt að taka valnámskeiðið Hagnýt tölvufræði. Náminu lýkur með sex eininga rannsóknarritgerð sem miðar að samþættingu þekkingar í viðskipta- og tölvunarfræði.

Valið takmarkast af undanfarareglum í tölvunarfræðideild, nema hvað verklegu námskeiðin eru sérsniðin. Námskeiðslýsingar í tölvunarfræðigreinum er að finna í kaflanum um tölvunarfræðideild.

### BS-próf í dagskóla (1. og 2. ár)

1. önn	2. önn	3. önn	4. önn
Rekstrarhagfræði	Þjóðhagfræði	Stjórnun I	Stjórnun II
Hagnýt stærðfræði	Upplýsingatækni	Alþjóðaviðskipti	Markaðsfræði II
Fjárhagsbókhald	Rekstrarbókhald og skattskil einstaklinga	Hagnýt tölfræði I	Stefnumótun
Markaðsfræði I	Fjármál fyrirtækja	Fjármálamarkaðir	Aðgerðagreining
Aðferðafræði	Stofnun og rekstur fyrirtækja	Gerð og greining ársreikninga	Fjármál II

**BS próf í viðskiptafræði, 3. ár**

**BS próf í viðskiptafræði með  
tölvunarfræðivali\* 3. ár**

5. önn	6. önn	5. önn	6. önn
Viðskiptalögfræði	Valnámskeið IV	Kerfisgreining	Gagnasafnsfræði I
Framleiðslustjórnun	Valnámskeið V	Viðskiptalögfræði	Valnámskeið II*
Valnámskeið I	Valnámskeið VI	Framleiðslustjórnun	Valnámskeið III*
Valnámskeið II	BS-verkefni	Hagnýt tölvufræði	BS-verkefni
Valnámskeið III		Valnámskeið I*	

\*Í tölvunarfræðivali skal velja þrjú af eftirfarandi námskeiðum:

Almenn tölvufræði, Strjál stærðfræði, Verklegt námskeið á 1. önn, Viðmóttshönnun og verklegt námskeið á 2. önn

**BS-nám í H MV**

1. önn	2. önn	3. önn	4. önn	5. önn
Fjárhagsbókhald	Hagnýt tölfræði I	Rekstrarbókhald og skattskil einstaklinga	Gerð og greining ársreikninga	Stjórnun II
Markaðsfræði I	Upplýsingataekni	Viðskiptalögfræði	Stjórnun I	Stefnumótun
Hagnýt stærðfræði	Fjármál fyrirtækja	Rekstrarhagfræði	Þjóðhagfræði	Fjármálamarkaðir
6. önn	7. önn	8. önn	9. önn	10. önn
Alþjóðaviðskipti	Markaðsfræði II	Framleiðslustjórnun	BS-verkefni	Valnámskeið IV
Fjármál II	Aðgerðagreining	Valnámskeið II	Stofnun og rekstur*	Valnámskeið V
Aðferðafræði	Valnámskeið I	Valnámskeið III		Valnámskeið VI

Nemendur í H MV geta lokið námi á níu önnum ef þeir taka að auki tvö valnámskeið í dagskóla á 7. og 8. önn. Annars ljúka BS nemendur í H MV náminu á 10 önnum.

\*Kennsla í Stofnun og rekstur fyrirtækja hefst á vorönn en öll vinna við verkefnið fer fram á sumarönn

**Diploma-nám (45 einingar)**

Diploma-nám með vinnu er hugsað með þarfir þeirra í huga sem vilja taka styttra háskólanám. Námið tekur fimm námsannir (21 mánuð) og eru þrjár námsleiðir í boði:

### Diplomanám með áherslu á fjármál og rekstur

1. önn	2. önn	3. önn	4. önn	5. önn
Fjárhagsbókhald	Hagnýt tölfræði I	Rekstrarbókhald og skattskil einstaklinga	Stjórnun I	Alþjóðafjármál
Markaðsfræði I	Upplýsingatækni	Rekstrarhagfræði	Þjóðhagfræði	Fjármálamarkaðir
Hagnýt stærðfræði	Fjármál fyrirtækja	Viðskiptalögfræði	Gerð og greining ársreikninga	Stefnumótun

### Diplomanám með áherslu á stjórnun og starfsmannamál

1. önn	2. önn	3. önn	4. önn	5. önn
Fjárhagsbókhald	Hagnýt tölfræði I	Rekstrarbókhald og skattskil einstaklinga	Þjónustustjórnun	Mannauðsstjórnun
Markaðsfræði I	Upplýsingatækni	Viðskiptalögfræði	Viðskiptasiðfræði	Stefnumótun
Stjórnun I	Stjórnun II	Alþjóðaviðskipti	Markaðsfræði II	Hagnýt vinnusálfræði

### Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti

1. önn	2. önn	3. önn	4. önn	5. önn
Fjárhagsbókhald	Hagnýt tölfræði I	Rekstrarbókhald og skattskil einstaklinga	Þjónustustjórnun	Export Marketing
Markaðsfræði I	Upplýsingatækni	Viðskiptalögfræði	Viðskiptasiðfræði	Stefnumótun
Stjórnun I	Stjórnun II	Alþjóðaviðskipti	Markaðsfræði II	Markaðsfræði III

### 7.3. Námskeiðslýsingar

Markmið kennslu í BS- og diplomanámi við viðskiptadeild er að veita nemendum viðurkennda viðskiptamenntun sem gerir þeim kleift að ná árangri bæði í frekara háskólanámi og í atvinnulífinu.

Í náminu er lögð rík áhersla á verkefnavinnu og gagnvirkni nemenda í kennslu. Námsmat fer fram með margvíslegum hætti, með hefðbundnum prófum, hópverkefnum sem reyna á samskiptahæfni auk krefjandi einstaklingsverkefna og þátttöku nemenda í kennslustundum.

Leitast er við að námið sé í tengslum við atvinnulífið, m.a. með því að nota raunhæf viðskiptadæmi í kennslu og fá gestafyrirlesara úr atvinnulífinu, en að sama skapi er lögð áhersla á að þjálfa með nemendum akademísk vinnubrögð þar sem áhersla er lögð á notkun bókasafns til öflunar ítarefnis.

Námið er í sífældri þróun og er leitast við að það sé í samræmi við alþjóðleg viðmið um viðskiptamenntun.

Hér á eftir er að finna lýsingar á námskeiðum í viðskiptadeild.

Hvert námskeið hefur **einkennisnúmer og einkennisstafi** samkvæmt ákveðnu kerfi. Valnámskeið eru merkt með \*.

#### **ECTS einingar**

ECTS (European Credit Transfer System) er námseiningakerfi sem mótað hefur verið innan ramma ERASMUS áætlunarinnar. ECTS námseiningakerfið var mótað til að samræma mat á námsframvindu innan evrópskra háskóla til að tryggja viðurkenningu á námi erlendis. Fjöldmargir evrópskir háskólar nota ECTS einingakerfið við að meta nám á milli háskóla. ECTS einingakerfið er hliðstætt einingakerfi Háskólans í Reykjavík þar sem einingin á að endurspeglar alla námsvinnu stúdenta. Tvær ECTS einingar samsvara einni einingu við HR. 60 ECTS einingar eru 30 einingar við HR.

#### **V-101-FBOK Fjárhagsbókhald**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar á viku.

#### **Lýsing:**

Meginmarkmið með þessu námskeiði er að kynna grundvallaratriði fjárhagsbókhalds. Lögð er áhersla á hið tvíhliða bókhald og hver áhrif einstakra viðskipta eru á rekstur, efnahagsstöðu og sjóðstreymi. Nemendur öðlast þekkingu á þeim reglum sem reikningshaldið byggir á og skilning á mikilvægi þeirra til að tryggja áreiðanleika reikningssskilanna. Nemendur fá einnig innsýn í þýðingu reikningssskila til miðlunar upplýsinga og hvernig þær upplýsingar eru notaðar í viðskiptalífinu.



## **V-102-FJAR Fjármál fyrirtækja**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Jóhann Viðar Ívarsson, MBA, lektor.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar á viku.

### **Lýsing:**

Fjármálafræði og -stjórnun verða kynnt fyrir nemendum auk þýðingar þeirra fyrir atvinnurekstur. Skoðað verður samband á milli ávöxtunar og áhættu. Farið verður í tímagildi peninga og núvirðingu fjárstreymis. Nemendum verða kynnt hlutabréf og kenningar um verðmyndun þeirra. Ákvarðanir fyrirtækja um fjárfestingu verða athugaðar sem og fjármögnun langtímaverkefna og grunnatriði fjárhagsáætlanagerðar. Þá verður fjallað um hagkvæmstu fjármagnsskipan fyrirtækja. Ef tími vinnst til verður rætt um ráðandi hluti í fyrirtækjum, samruna, yfirtökur o.þ.h.

## **V-103-THAG Þjóðhagfræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** dr. Lúðvík Elíasson, lektor.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar á viku.

### **Lýsing:**

Þjóðhagsreikningar og verðlagspróun; þjóðarframleiðsla til langs tíma, hagvöxtur og náttúrlegt atvinnuleysi; peningar, fjármagnsmarkaðir og verðbólga; heildarframboð, heildareftirspurn og áhrif hagstjórnaraðgerða; hagsveiflur, verðbólga og atvinnuleysi; viðskipti milli landa.

## **V-104-STÆR Hagnýt stærðfræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Umsjón:** Agnar Hansson, cand. scient. oecon.

**Kennari:** Tilkynt síðar.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar á viku.

### **Lýsing:**

Notkun logra og veldisvísifalla við vaxtaútreikning, t.d. samfellda vexti. Undirstöðuatriði í runum og röðum. Núvirðing og framtíðarvirðing endanlegs og óendanlegs tekjustreymis í ósamfelldum og sammfelldum tíma. Undirstöðuatriði í fylkjareikningi. Línuleg bestun. Lausn hagrænna vandamála með aðstoð stærðfræðigreiningar. Hámörkun og lágmörkun með og án hliðarskilyrða. Hvelfd og kúpt föll. Margvið stærðfræðigreining. Heildun. Hlutfleiður. Lagrange-aðferðir. Miðað er við að þeir nemendur sem hafa veikan grunn hafi gengist undir undirbúningsnámskeið sem boðið er upp á í byrjun haustanna.

**V-105-MARI Marketing Management I**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Vivienne Heng Ker-ni, MSc., lektor.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og einn umræðutími á viku.  
**Athugasemd:** Námskeiðið er kennt á ENSKU.

**Lýsing:**

Farið er í gegnum grunnþætti markaðsfræðinnar. Námskeiðið byggir á fjórum meginþáttum í bók Kotlers: Að skilja grunnþætti markaðsstarfs. Að greina markaðstæki. Að setja saman tilboð til viðskiptavina. Fjallað verður um stýringu og framkvæmd markaðsþátta.

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa öðlast skilning á mikilvægi markaðsstarfs í daglegri starfsemi fyrirtækja og hafa næga innsýn til að móta og framfylgja markaðsáætlun.

**V-201-RHAG Rekstrarhagfræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Magnús Árni Skúlason, stundakennari  
**Kennslustundir:** 3 fyrirlestrar og 2 dæmatímar á viku.

**Lýsing:**

Megináhersla er lögð á eftirfarandi viðfangsefni rekstrarhagfræðinnar: framboð og eftirspurn, hegðun neytenda á markaði, framleiðslu-, kostnaðar- og hagnaðarföll fyrirtækja, fullkomna samkeppni, fákeppni og einokun, upplýsingahagkerfið, vinnu-markað, neytendahegðun, verðmyndun, áhrif óvissu á ákvarðanatöku og hlutverk stjórnvalda á mörkuðum.

**V-202-RBÓK Rekstrarbókhald og skattskil einstaklinga**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Ólafur Þór Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi, aðjúntk.  
**Forkröfur:** V-101-FBÓK.  
**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar á viku og tveir dæmatímar á viku

**Lýsing:**

Fjallað er um grundvallaratriði er að lúta að skattlagningu einstaklinga utan atvinnurekstrar og í því sambandi fjallað um skattskylduna, skattskylda aðila, skattskyldar tekjur, frádrátt frá tekjum, eignarskatt, lög um fjármagnstekjuskatt, vaxtabætur, atriði er lúta að kaupréttarsamningum, söluhagnaði af hlutabréfum o.s.frv. Þá verða gerðar æfingar í gerð skattskila fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar. Ennfremur

verður fjallað um grundvallaratriði í rekstrarbókhaldi, mismun þess og fjárhagsbókhalds, hegðun kostnaðar, ferlisbókhald (Process OrderSystem), verkþókhald (Job Order System), verkgrundaðan kostnaðarreikning (Activity Based Costing), kostnaðargreiningu fyrir verðlagningu og notkun og gerð áætlana.

## **V-203-STJ1 Stjórnun I**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennarar:** Loftur Ólafsson, MS, lektor.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæma/umræðutímar á viku.

### **Lýsing:**

Fjallað er um skipulagsheildir, einkenni þeirra og uppbyggingu og mikilvæga þætti sem hafa áhrif í því sambandi. Helstu viðfangsefni í stjórnun fyrirtækja og stofnana kynnt og rædd með tilliti til rekstrarumhverfis og breytinga í atvinnulífi. Stefna og stefnumótun í fyrirtækjum og stofnunum, grunnatriði stjórnskipulags, ytra umhverfi fyrirtækja, tengsl á milli og innan fyrirtækja, æviskeið fyrirtækja og menning fyrirtækja og stofnana og siðferðileg gildi. Þróun og breytingar í fyrirtækjum og stofnunum, ákvarðanatataka og ákvarðanatökufærli, ágreiningur og vald innan fyrirtækja og ný viðfangsefni í rekstri og skipulagi fyrirtækja og stofnana.

## **V-204-STOF Stofnun og rekstur fyrirtækja**

3 ein.[ECTS:6]

**Kennari:** Tilkynnt síðar

**Kennslustundir:** Tveir fyrirlestrar á viku og vinna við lokaverkefni í þrjár vikur til viðbótar

### **Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- læri að finna góðar viðskiptahugmyndir
- geti gert framúrskarandi viðskiptaáætlun
- skilji mikilvægi liðs í stofnun fyrirtækja og öðlist aukinn skilning á liðshæðun
- geti beitt viðskiptalegri dómgreind og haft frumkvæði.

### **Lýsing:**

Námskeiðið miðar að þróun viðskiptahugmynda yfir í viðskiptatækifæri og gerð fullbúnar viðskiptaáætlunar fyrir nýtt fyrirtæki og skiptist í fjóra meginþætti: (i) Viðskiptatækifæri og uppsprettur þeirra - viðskiptahugmyndin, (ii) Undirbúningur viðskiptaáætlunar - veruleikaprófið, (iii) Framkvæmd viðskiptaáætlunar og fyrstu skrefin og (iv) Gerð viðskiptaáætlana.

**V-206-UPLT Upplýsingatækni**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Ragnhildur B. Konráðsdóttir, BSc., lektor.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og þrjár dæmatímar á viku.

**Lýsing:**

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda í notkun á töflureikninum Excel. Farið er í hvernig hægt er að setja upp einföld líkön í Excel og hvernig hægt er að skrifa einföld forrit til að sjálfvirkigera einfaldar aðgerðir. Helstu þættir: Að flytja töluleg gögn úr gagnasafni í Excel, notkun "Solver" við lausn bestunarvandamála, pivot-töflur, notkun innbyggðra falla, notkun fjölva, uppbygging Visual Basic for Application, Excel hlutalíkanið og ADO hlutalíkanið.

**V-301-STJ2 Stjórnun II**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** dr. Finnur Oddsson, lektor.

**Forkröfur:** V-204-STJ1

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar í viku.

**Lýsing:**

Fjallað verður um stjórnunarkenningar út frá sögulegu sjónarmiði og viðfangsefni stjórnenda nútímans skilgreind. Hugmyndir fræðimanna um hvatningu og hegðun verða kynntar og hagnýtt gildi þeirra kannað. Sérstök áhersla er lögð á frammi-stöðumælingar, starfsmannasamtöl, endurgjöf, umbun, starfsmannastjórnun, leiðtogaþæfni, hópstarf, þekkingarstjórnun og gæðastýringu.

**V-303-TOL1 Hagnýt tölfræði I**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og tveir dæmatímar á viku.

**Lýsing:**

Meðal þess efnis sem farið verður yfir á námskeiðinu eru öll helstu mæligildi á miðlægni og dreifingu. Þá verður farið rækilega yfir grunnhugtök líkindafræða og líkindadæmi verða reiknuð. Strjálur og samfelldar hendingar. Úrtaka og úrtök verða rædd - markgildissetningin. Öryggisbil fyrir meðaltal, dreifni og hlutföll. Fjallað verður um tilgátuprófanir og þar verður áhersla lögð á marktækan mun á milli hópa. Að lokum verður farið í töflugreiningu, fylgni og einfalda aðhvarfsgreiningu. Áhersla lögð á að beita tölfræði við lausn hagnýtra dæma og vandamála. Dæmi verða leyst með Microsoft Excel.

**V-304-FMAR Fjármálamarkaðir**

3 ein. [ECTS: 6]

**Kennari:** dr. Þórarinn G. Pétursson, lektor.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og einn dæmatími á viku

**Lýsing:**

Á þessu námskeiði er fjallað um fjármálakerfið og helstu stofnanir þess. Fjallað er um helstu undirmarkaði fjármálakerfisins og samspil þeirra. Einnig er fjallað um hlutverk hins opinbera á fjármálamörkuðum og stjórn peningamála. Lögð er áhersla á íslenska fjármálakerfið og stofnanir þess í allri umfjöllun.

**V-307-GARS Gerð og greining ársreikninga**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Ólafur Þór Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi, aðjúnt.

**Forkröfur:** V-101-FBÓK og V-202-RBÓK.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar og einn dæmatími á viku.

**Lýsing:**

Kynning á lögum um ársreikninga, kynning reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga og ársreikningskafla hlutafélagaganna. Nemendur fá þjálfun í gerð einfaldra ársreikninga. Dæmum um ársreikninga verður dreift eða vísað á heimasíður og farið yfir í tíma. Reglur um fjárfestingar í hlutabréfum og öðrum markaðsverðbréfum kynntar með hliðsjón af lögum um ársreikninga og stöðlum alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (IASB). Eiginfjárreikningar kynntir og ráðstöfunarmöguleikar einstakra reikninga með skírskotun í lög. Reglur um færslu tekjuskatts í reikningsskil kynntar. Sjóðstreymi og notkun helstu kennitalna því tengdu. Meðferð kaupréttar á hlutabréfum (options) í reikningsskilum kynnt. Helstu kennitölur í ársreikningum kynntar. Stutt kynning verður á lífeyris- og ábyrgðarskuldbindingum, óefnislegum eignum og gerð verður grein fyrir mismuninum á fjármögnunarleigu- og kaupleigusamningum. Kynning á samstæðureikningsskilum.

**V-308-ALVI Alþjóðaviðskipti**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennarar:** dr. Jón Ormur Halldórsson, dósent og Jóhann Viðar Ívarsson, MBA., lektor.

**Forkröfur:** V-103-ÞHAG og V-105-MARI.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku

**Lýsing:**

Í fyrri hluta námskeiðsins, sem kenndur verður af Jóni Ormi, er eftirfarandi til umfjöllunar: umhverfi og þróun heimsviðskipta, hnattvæðing viðskipta, fræðilegar kenningar um alþjóðleg viðskipti, pólitísk mótun viðskiptastefnu og viðskipta-umhverfis, viðskiptahindranir, svæðisbundin viðskiptabandalög, ESB og NAFTA, áhrif menningar á alþjóðleg viðskipti, erlend fjárfesting, staðsetning framleiðslu, GATT og WTO, alþjóðlega peningakerfið og IMF.

Í seinni hluta námskeiðsins, sem kenndur verður af Jóhanni Viðari, eru málin skoðuð frá sjónarhóli fyrirtækjanna sjálfra. Meðal annars verður eftirfarandi tekið fyrir: ávinningur og áhættur erlendra starfsemi, mögulegar leiðir við alþjóðavæðingu fyrirtækja, útrás íslenskra fyrirtækja: saga og lærdómur, skipulag alþjóðlegs rekstrar, alþjóðleg markaðssetning og þróunarstarf, alþjóðlegt samstarf, inn/útflutningur, fjölþjóðleg stjórnun, fjármálastýring og reikningshald.

**V-401-VLOG Viðskiptalögfræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Helgi Jóhannesson hrl. stundakennari.

**Kennslustundir:** Þrír fyrirlestrar á viku

**Lýsing:**

Í námskeiðinu verða nemendum kynntar helstu réttarheimildir í lögfræði og uppbygging íslensks réttarkerfis. Farið verður yfir grundvallarreglur samningaréttar, kröfuréttar, kauparéttar og félagaréttar. Kynning á helstu lögum og reglum um kaup og sölu á verðbréfum á markaði auk þess sem farið verður yfir helstu réttindi og skyldur í vinnumarkaðsrétti.

**V-402-FRAM Framleiðslustjórnun**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Pálmi Pétursson, MSc. og Hálfván Gunnarsson, CSc, stundakennarar.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku

**Lýsing:**

Námskeiðinu er ætlað að kynna grunnatriði framleiðslustjórnunar og helstu viðfangsefni hennar. Í námskeiðinu verður m.a. farið yfir einkenni framleiðslu- og þjónustuferla, gæðastjórnun, spálíkön, birgðastýringu og virðiskeðjuna. Kynnt verða hugtök eins og framleiðni, TQM, JIT, QRM og sellur.

**V-404-STEF Stefnumótunarverkefni**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** dr. Finnur Oddsson, lektor og Bjarni Snæbjörn Jónsson, aðjúkt.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku. Þrem vikum varið í vinnu við lokaverkefni.

**Lýsing:**

Fjallað verður um helstu kenningar og aðferðir stefnumiðaðrar stjórnun. Áhersla verður lögð á aðferðir við greiningu á getu skipulagsheilda, rekstrarumhverfi og væntingum hagsmunaaðila og þeim beitt í umfangsmikilli verkefnavinnu. Fjallað verður um leiðir til að ná og viðhalda samkeppnisforskoti, tengsl móðurfélags og viðskiptaæininga, þróun stefnu, mat á stefnumiðuðum valkostum og framkvæmd stefnu. Vinna við lokaverkefni hefst samhliða fyrirlestrum um miðja önn en fer að mestu fram eftir að hefðbundnu próftímabili er lokið.

**V-406-TOL2 Hagnýt Tölfræði II\***

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Sigurður Jóhannesson, PhD.

**Forkröfur:** V-104-STÆR, V-303-TÖL1.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og tveir dæmatímar á viku.

**Lýsing:**

Kynntar verða helstu aðferðir hagamælinga. Mestum tíma verður varið í línulega aðfallsgreiningu, þau vandamál sem koma upp við hana og hvernig hægt er að bregðast við þeim. Farið verður í dreifnigreiningu, tímaraðir og spálíkön, líkön með skiptibreytum, óstikaðar aðferðir, úrtakskannanir og fleira eftir því sem tími vinnst til.

**V-407-MAR2 Markaðsfræði II**

3ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Þórunna Jónsdóttir, MBA, lektor.

**Forkröfur:** V-105-MAR1.

**Kennslustundir:** Fjórir verklegir tímar á viku.

**Lýsing:**

Námskeiðið byggir á þeim fræðum sem kennd voru í Markaðsfræði I. Tilgangur þess er að gefa nemendum kost á að tileinka sér hugsunarhátt markaðsfræðinnar og læra að nýta hann við hugmyndavinnu, greiningu aðstæðna og úrlausn verkefna. Meðal helstu þátta námskeiðsins eru: markaðsstefna, vörumerkjastjórnun, hagnýting markaðsupplýsinga, stjórnun viðskiptasambanda og innra markaðsstarf.

**V-410-TÖLV Hagnýt tölvufræði\***

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Jón Freyr Jóhannsson, lektor.

**Forkröfur:** V-206-UPLT.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og tveir dæmatímar á viku.

**Lýsing:**

Í námskeiðinu eru kennd undirstöðuatriði gluggaforritunar og er stuðst við VB.Net-forritunarmálið og Visual Studio-forritunarumhverfið. Nemendur læra að skrifa hefðbundin notendaforrit auk þess að skrifa kerfiseiningar sem nýta má t.d. á vef-síðum (ASP). Lögð verður áhersla á forritun sem nýta má með helstu einingum Microsoft Office, auk notkunar gagnagrunna á borð við SQL Server og Access.

**V-412-FJA2 Fjármál 2**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennarar:** Agnar Hansson.

**Forkröfur:** V-102-FJAR, V-104-STÆR, V-303-TOL1.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og dæmatímar.

**Lýsing:**

Markmið námskeiðsins er að gefa þátttakendum skilning á:

Helstu verðmyndunarlíkönunum í fjármálafræðum.

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu aðferðir við vaxtaútreikning og leidd verða út greiðsluflæði allra helstu tegunda skuldabréfa. Útreikningur á núvirði mismunandi greiðsluflæða miðað við gefinn afvöxtunarpátt og útleiðsla eingreiðsluvaxtaferilsins, þ.e. samband vaxta og tíma. Fjallað verður um samband ávöxtunar og áhættu, Markowitz-líkanið leitt út, helstu verðmyndunarlíkön verðbréfa, s.s. CAPM og APT kynnt auk viðbóta við þau og einstakar kenningar um verðmat hlutabréfa. Þá verður rætt um skilvirkni markaða og kynnt líkön sem útskýra frávik raunverulegs verðs frá fræðilegu gildi. Mikil áhersla verður lögð á að nemendur tileinki sér hina tæknilegu hlið námsefnisins, þ.e. séu færir um að setja fram þau vandamál sem glímt er við með skipulegum hætti og geti notað þær reiknireglur sem til þarf við lausn þeirra.

**V-501-ADFR Alþjóðaviðskiptalögfræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Baldvin Björn Haraldsson hdl., stundakennari.

**Kennslustundir:** Þrír tímar á viku



**Lýsing:**

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í þær reglur sem gilda um þátttöku einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og ríkja í viðskiptum á alþjóðavettvangi. Námskeiðinu er ætlað að þjálfa nemendur í túlkun og beitingu réttarreglna sem gilda í alþjóðaviðskiptum. Lögð verður áhersla á alþjóðlega samninga, erlendar fjárfestingar, WTO, flutningarétt og flutningsskilmála, alþjóðlegan skattarétt og lausn deilumála milli fyrirtækja, stofnana, ríkja og einstaklinga á alþjóðavettvangi. Nemendum er ætlað að leysa úr raunhæfum verkefnum og túlka dómsniðurstöður. Gert er ráð fyrir virkum umræðum í kennslustundum.

**V-502-ADFR Aðferðafræði**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Þórdís Sigurðardóttir, lektor.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku

**Lýsing:**

Á námskeiðinu er megináhersla á aðferðafræði og heimspekilegan hugsunarhátt. Í aðferðafræðihluta námskeiðsins verður nemendum kynnt helstu hugtök þeirrar aðferðafræði sem notuð er við heimildavinnu og góðra vinnuáferða innan viðskiptafræða og starfa. Kynnt verða grundvallaratriði í lestri og framsetningu fræðilegra greinargerða í viðskiptafræðum. Áhersla verður lögð á að þjálfa nemendur í að fjalla um viðskiptafræði á greinargóðri íslensku. Nemendur vinna m.a. verkefni þar sem þeir æfa sig í að nota heimildir, rita greinargerðir og fjalla um tölulegar upplýsingar. Kynntar verða helstu hugtakabreytur sem tengjast rannsóknum, markaðskönnunum og greiningum ýmiskonar. Í námskeiðinu verður nemendum kynntar helstu stefnur vísindakenninga og muninn á meginlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum viðskiptafræða. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist grunnfærni og þekkingu í beitingu þessara rannsóknaraðferða. Námsmat felst í skilaskyldu verkefna.

Í heimspekihluta námskeiðsins verður lögð mikil áhersla á þátttöku nemenda í umræðum. Greinar um ýmis efni verða lesnar og nemendum falið að túlka þau á sinn hátt miðað við sín eigin gildi. Í þessum hluta námskeiðsins verður lögð áhersla á að nemendur lesi efni og ræði um það í tíma og fái þannig þjálfun í að koma skoðunum sínum á framfæri.

**V-503-ADGG Aðgerðagreining**

3 ein. [ECTS:6]

**Kennarar:** Pálmi Pétursson, MSc., og Hálfván Gunnarsson, CSc, stundakennarar.

**Forkröfur:** V-104-STÆR og V-303-TÖL1.

**Kennslustundir:** Þrjú fyrirlestrar og einn dæmatími á viku

**Lýsing:**

Helstu aðferðir aðgerðagreiningar kynntar. Línuleg bestun og næmnigreining, heiltölubestun, val bréfa í safn, hagkvæmni flutninga, biðraðafræði og hermun. Notkun aðgerðagreiningar við birgðastjórnun. Notkun bestunar- og hermunarforrita við lausnir á raunhæfum verkefnum. Áhersla lögð á að skoða notkun aðgerðagreiningar í atvinnulífinu.

**V-504-AFLE Afleiður\***

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Guðmundur Þ. Guðmundsson, M.Sc., stundakennari.

**Forkröfur:** V-104-STÆR og V-102-FJAR.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku.

**Lýsing:**

Markmið námskeiðsins er að auka skilning nemenda á vöxtum og afleiðum. Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta verðlagt flestar gerðir skuldabréfa og afleiðna. Nemendur eiga að kunna skil á fræðilegum bakgrunni einfaldrar verðlagningarlíkana þar sem hugtökin högnun og áhættalaus verðlagning gegna lykilhlutverki. Nemendur læra að búa til eingreiðsluvaxtaferilinn og nota hann við verðlagningu skuldabréfa og afleiðna. Nemendur fá þjálfun í notkun verðlagningarlíkana við lausn raunhæfra verkefna sem tengjast innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum.

**V-508-EVRO Ísland og Evrópusambandið \***

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** dr. Jón Ormur Halldórsson, dósent og NN.

**Kennslustundir:** Sex fyrirlestrar á viku fyrstu sjö vikur haustmisseris

**Lýsing:**

Evrópa og umheimurinn, þróun atvinnulífs og stjórnmála í Evrópu, rætur ESB, uppbygging ESB, stofnanir ESB og þróun þeirra, breytt valdahlutföll innan ESB, ríkjasamstarf og yfirþjóðlegt vald, sameiginlegur innri markaður ESB, sameiginlegur gjaldmiðill ESB, stækkun ESB, deilurnar um framtíðarskipan ESB, þróun íslenskra utanríkisviðskipta, Ísland og EFTA, eðli EES-samningsins og framtíð hans, EES og ESB, sjávarútvegsstefna ESB, kostir og gallar aðildar að ESB fyrir íslenskt atvinnulíf, íslensk stjórnmál og tenging Íslands við Evrópusamruna, íslenska krónan og íslenskt atvinnulíf.

**V-509-SBME Tæknimiðuð frumkvöðlastarfsemi\*** 3ein. [ECTS:6]

**Kennari:** dr. Rögnvaldur J. Sæmundsson, lektor.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku.

**Markmið:**

Markmið námskeiðisins er að nemendur öðlist skilning á samspili tækni- og efna-hagspróunar og séu tilbúnir til að taka þátt í, eða leiða, frumkvöðlaferli sem felur í sér greiningu og nýtingu viðskiptatækifæra byggðra á tækniþekkingu.

**V-510-UPSK Uppgjör og skattskil\*** 3ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Árni Harðarson, hdl. og Agnar Már Olsen, endurskoðandi, stundakennarar.

**Forkröfur:** V-101-FBÓK og V-202-RBÓK.

**Kennslustundir:** Fjórir tímar á viku, sem skiptast í fyrirlestra og verkefni.

**Lýsing:**

Grundvallarreglur íslenskra skattalaga og íslensks skattkerfis kenndar bæði að því er varðar einstaklinga og fyrirtæki. Kennð er hagnýt notkun og skilningur á skatta-lögum og tvísköttunarsamningum og útleiðsla skattstofna út frá þeim mismun sem er á reikningshaldslegri og skattalegri afkomu fyrirtækja. Uppstilling skattauppgjörs og útskýring á því hvað ræður skattstofnum með reikningslegum og lagalegum rök-stuðningi.

**V-511-STST Mannauðsstjórnun\*** 3ein. [ECTS:6]

**Kennari:** dr. Ásta Bjarnadóttir, lektor.

**Forkröfur:** Stjórnun I og Stjórnun II.

**Lýsing:**

Fjallað er um ferli mannauðsstjórnunar frá ráðningu til starfsloka, þ.m.t. mönnun og ráðningar, þjálfun og starfspróun, frammistöðustjórnun, launastjórnun, starfsmanna-tensl og vinnurétt. Áhersla er lögð á tengsl mannauðsstjórnunar við stefnumótun fyrirtækja og stofnana, rétta verkaskiptingu almennra stjórnenda og starfsmanna-deilda og mælingar á árangri.

**V-512-AUGL Vöruhönnun og auglýsingastefna\*** 3ein. [ECTS:6]

\* Námskeiðið er samvinnuverkefni Háskólans í Reykjavík og Listaháskóli Íslands (LHÍ).

**Kennarar:** Vivienne Heng Ker-ni, MSc. lektor auk kennara frá LHÍ.

**Forkröfur:** V-105-MARI, V-407-MAR2 og V-308-ALVI.

Námskeiðið er keyrt á 6 vikna tímabili og hentar því illa fyrir skiptinema og nemendur í HMV.

**Athugasemd:** Sætaframboð í námskeiðið er takmarkað. Öllum verkefnum skal skilað á ensku. Stór hluti námskeiðsins fer fram á ensku.

**Kennslustundir:** Stíft sex vikna námskeið með óreglulegu kennslufyrirkomulagi.

**Lýsing:**

Námskeiðið leggur öðru fremur áherslu á tvo þætti markaðsblöndunar (marketing mix); vöru og kynningu. Nemendur frá báðum skólunum vinna í sameiningu að þróun nýrrar vöru og hanna og framkvæma kynningarstefnu fyrir vöruna. Sýnishorn nemendaverkefna má skoða á <http://www.ru.is/kennarar/vivienne/>

**V-513-SJUT Sjávarútvegsfræði\*** 3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Loftur Ólafsson, MSc., lektor.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku

**Lýsing:**

Yfirferð á námskeiðinu er miðuð við að nemendur fái viðskiptalega innsýn í mikilvæga þætti í sjávarútvegi og rekstri fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á framleiðslu og sölu sjávarafurða. Helstu viðfangsefni eru: starfsumhverfi fyrirtækja í sjávarútvegi, afkoma og fjárhagsleg uppbygging sjávarútvegsfyrirtækja, grundvallaratriði fiskihagfræði, fiskistofnar við Ísland og fiskveiðirannsóknir og fiskveiðiráðgjöf. Vinnsla sjávarfangs, helstu tegundir vinnslu og mikilvægir þættir í því sambandi. Markaðssetning og sala sjávarafurða, frosnar afurðir vs. kældar afurðir, helstu markaðir og vaxtartækifæri, dreifileiðir, vörumerki og samskipti við birgja og kaupendur.

**V-514-VISI Viðskiptasiðfræði\*** 3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Ketill Magnússon, MA., stundakennari.

**Kennslustundir:** Þrír fyrirlestrar á viku

**Lýsing:**

Í námskeiðinu verða kynntar helstu kenningar og hugtök viðskiptasiðfræðinnar, s.s. hluthafakenningin, hagsmunakenningin, kjarnagildi fyrirtækja, samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja, siðareglur, siðaklemmur, siðferðileg réttindi og skyldur, innherjasvik, mútur, jafnrétti, persónuvernd og umhverfisvernd. Nemendur fá þjálfun í rökræðu og ákvarðanatöku um siðræn málefni í viðskiptum.

**V-515-TJST Þjónustustjórnun\***

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Forkröfur:** V-105 MARI og V-203-STJ1.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar á viku.

**Lýsing:**

Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu til að takast á við þjónustustjórnun í nútíma viðskiptaumhverfi.

Þekkingin eykur færni við að:

- greina og skilja þjónustuferli
- hanna og byggja þjónustukerfi
- stýra þjónustuumhverfi
- beita markvisst aðferðum og tækni þjónustustjórnunar.

Námskeiðinu er skipt í fjóra meginhluta: 1) Þjónustuskilning. 2) Uppbygging þjónustukerfa. 3) Þjónustustjórnun. 4) Þjónustutækni og aðferðir. Að námskeiðinu loknu hafa þátttakendur öðlast færni til að greina, gagnrýna og endurbyggja þjónustuumhverfi.

**V-601-EIGN Eignastýring\***

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Tilkynnt síðar

**Forkröfur:** V-102- FJÁR og V-103-ÞHAG

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar og einn dæmatími á viku.

**Lýsing:**

Markmið námskeiðsins er í aðalatriðum tvíþætt. Aðaláherslan er á að kynna fyrir nemendum þá aðferðafræði sem liggur að baki ákvarðanatöku hjá fjárfestum á verðbréfamarkaði við myndun eignasafna. Nemendum eru kynntar helstu kenningar og aðferðafræði við samval verðbréfa og hvernig megi lágmarka áhættu án þess að förna ávöxtun. Sérstaklega er ætlast til að nemendur fái yfirsýn yfir þá kosti sem í boði eru á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Einnig er fjallað um helstu verðmyndunarlíkön og einstakar kenningar um verðmat hlutabréfa. Mikil áhersla

verður lögð á að nemendur tileinki sér hina tæknilegu hlið námsefnisins, þ.e. séu færir um að setja fram þau vandamál sem glímt er við með skipulegum hætti og geti notað þær reiknireglur sem til þarf við lausn þeirra.

### **V-602-TRGF Tímaraðgreining fyrir fjármálamarkaði\***

3 ein. (ECTS: 6)

**Kennari:** dr. Þórarinn G. Pétursson, hagfræðingur, Ph.D., lektor.

**Kennslustundir:** Þrjú tímar í fyrirlestra og verkefnavinna á viku.

#### **Lýsing:**

Á þessu námskeiði er fjallað um hagnýtar aðferðir við greiningu á fjármálalegum tímaröðum. Fjallað er um aðferðir til að spá ávöxtun fjáreigna og tengsl þess við virkni fjármálamarkaða. Einnig er fjallað um aðferðir til að spá sveiflum í ávöxtun fjáreigna en slík líkön eru mikilvæg við mat á áhættu fjárfestingarkosta og verðlagningu fjáreigna, eins og t.d. afleiðna. Að lokum er fjallað um hvernig meðhöndla eigi leitniferla á fjármálamörkuðum og langtímasambönd milli fjármálaraða. Í því samhengi er einnig fjallað um hvernig greina megi tengsl og orsakasambönd milli mismunandi fjármálaraða og fjármálamarkaða. Þrátt fyrir að lögð sé áhersla á fjármálalegar tímaraðir, mun margt af því sem fjallað verður um í þessu námskeiði einnig nýtast þeim sem vilja sérhæfa sig á öðrum sviðum viðskipta-lífsins, eins og t.d. í framleiðslu- og sölustýringu.

### **V-603- ALFM Alþjóðafjármál\***

3 ein. [ECTS: 6]

**Kennari:** Tryggvi Tryggvason, stundakennari.

**Forkröfur:** V-102-FJÁR.

**Kennslustundir:** Þrjú fyrirlestrar á viku.

#### **Markmið:**

Nemendur öðlist þekkingu á:

- ýmsum meginlinum í alþjóðlegu fjármálaumhverfi fyrirtækja
- fjármálastjórnun í fyrirtækjum með rekstur í fleiri en einu landi
- erlendum fjárfestingum fyrirtækja
- alþjóðlegri fjármögnun fyrirtækja
- áhættu fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri og stýringu hennar
- notkun fjármálalegra afleiðna í fjármálastjórn fyrirtækja.

#### **Lýsing:**

Fyrirtæki nú á dögum, ekki síst íslensk, búa langflest við alþjóðlega samkeppni. Þau

flytja mörg hver vöru eða þjónustu á erlenda markaði, eru með erlenda einkaleyfshafa eða setja upp fyrirtæki erlendis. Fjölbjóðleg fyrirtæki og alþjóðavæðing hafa verið áberandi einkenni í þróun síðustu ára í viðskiptum og efnahagslífi þjóða. Námskeiðinu Alþjóðafjármálum er ætlað að vera upplýsingagjafi fyrir nemendur um ýmsar fjármáalegar hliðar alþjóðaviðskipta í nútímaumhverfi. Efnið kemur að notum öllum nemendum sem vilja auka skilning sinn á þessum mikilvæga þætti í fyrirtækjarekstri, hvort sem þeir hyggjast vinna á sviði fjármála eða ekki. Fjallað verður um bæði aðstæður fjölbjóðafyrirtækja og fyrirtækja með starfsemi í fleiri en einu landi í opnu hagkerfi. Lögð verður áhersla á hagnýtingu efnisins og þátttöku nemenda.

### **V-604-ALVÆ Alþjóðavæðing\***

3 ein. [ECTS: 6]

**Kennari:** dr. Jón Ormur Halldórsson, dósent.

**Kennslustundir:** Sex fyrirlestrar á viku fyrstu sjö vikur vormisseris.

#### **Lýsing:**

Alþjóðakerfi og hnattvæðing viðskipta, eðli hnattvæðingar og byltingarkennd áhrif hennar, breytt hlutföll í efnahagskerfi og atvinnulífi heimsins, hnattvæðing framleiðslu, alþjóðlegar framleiðslukeðjur, alþjóðleg vistun framleiðslu, alþjóðavæðing neyslumynstra, alþjóðleg verkaskipting og staðsetning atvinnulífs, ójöfnuður innan samfélaga og á milli þeirra, tækifæri og öryggisleysi hnattvæðingar, breytt hlutverk ríkisvalds, velferðarkerfi og skattastefna, fjölbjóðafyrirtæki og hnattvæðing, menning og hnattvæðing, alþjóðlegir fólksflutningar.

### **V-605-INBP International Business Policy\***

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Þóranna Jónsdóttir, MBA, lektor og  
Halla Tómasdóttir, MBA, lektor.

**Forkröfur:** Nemendur þurfa að hafa lokið 1. og 2. námsári.

**Kennslustundir:** Fjórir fyrirlestrar á viku.

#### **Lýsing:**

Þetta námskeið byggir á þeim námskeiðum sem nemendur taka á fyrsta og öðru námsári. Í námskeiðinu er lögð áhersla á að þjálfa nemendur í notkun þeirra fræða sem þeir hafa tileinkað sér. Námskeiðið byggir að verulegu leyti á þátttöku nemenda í kennslustundum.

Meðal þátta sem teknir verða fyrir eru: hlutverk, stefna, framtíðarsýn og menning fyrirtækis; hlutverk og hæfni starfsfólks, starfsmannaval, starfsþróun og umbun; samfélagsleg ábyrgð fyrirtækis og mikilvægi áhrifaríkrar breytingastjórnunar fyrir þá

sem vilja vera í fararbroddi í alþjóðlegu og síbreytilegu umhverfi; ákvarðanataka, áhrifaþættir og boðleiðir auk fleiri þátta er varða heildarstarfsemi fyrirtækis.

### **V-606-UMST Umbreytingastjórnun\***

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Tilkynnt síðar.

**Forkröfur:** V-203-STJ1 og V-301-STJ2.

**Kennslustundir:** Námskeiðið er kennt á tveimur vikum í lok maí 2004.

#### **Markmið námskeiðsins er að nemendur:**

- séu færir um að meta á hvaða stigi umbreytinga fyrirtæki eru
- fái innsýn í íslenskan vinnumarkað
- þekki séreinkenni íslenskra stjórnenda
- þekki kenningar um umbreytingaleiðtoga
- skilji mikilvægi leiðtogahæfni í nútímasamfélagi
- öðlist hæfni til að greina stjórnunarhætti út frá vísindalegum vinnubrögðum

#### **Lýsing:**

Í námskeiðinu verður lögð áhersla íslenskan vinnumarkað, sérkenni hans og þróun. Nemendur munu með verkefnavinnu og umræðum fara yfir stöðu einstakra fyrirtækja. Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði verða höfð að leiðarljósi.

### **V-607-VSFR Hagnýt vinnusálfræði\***

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** dr. Auður A. Arnardóttir, sérfræðingur.

**Forkröfur:** V-203-STJ1 og V-301-STJ2.

**Kennslustundir:** Þrjár fyrirlestrar í viku.

#### **Lýsing:**

Námskeiðinu er ætlað að dýpka skilning nemenda á mannlegum samskiptum á vinnustöðum, þ.e. hegðun einstaklinga og hópa í starfsheildum. Jafnframt að auka þekkingu nemenda á fræðilegum IO-kenningum og rannsóknarvinnubrögðum. Námskeiðið er þrískipt. Í fyrsta hluta verður farið í helstu rannsóknaraðferðir, mælingar og viðfangsefni vísindalegrar vinnusálfræði (Industrial Psychology/Organizational Behavior). Í öðrum hluta verður fjallað frammistöðu starfskrafts þ.e. farið verður yfir mat og val á starfskrafti, þjálfun, árangri og gagnsemi. Í þriðja hluta verður fjallað um velferð einstaklings á vinnustað. Fjallað verður um mannleg samskipti á vinnustöðum og persónulegan árangur. Farið verður í þætti eins og sjálfsmat og sjálfshvatningu, boðskipti, kynjamun á vinnustöðum, persónulegt siðferði, starfsánægju, streitu, lausn ágreinings og áhrif persónulegra ytri þátta á starfsafköst.



Nemendur munu vinna að hópverkefni og hagnýtu verkefni sem tengist námsefni og mun auka þekkingu þeirra og færni.

### **V-608-ALMI Global Internet Marketing\***

3 ein. [ECTS:6]

**Kennari:** Vivienne Heng Ker-ni, Msc., lektor.

**Aðstoðarkennari:** Ragnhildur Konráðsdóttir, Lektor TD.

**Kennslustundir:** Fjórar kennslustundir á viku.

**Athugasemd:** Kennsla og verkefnavinna fer fram á ensku.

**Forkröfur:** V-105-MARI, V-407-MAR2.

#### **Lýsing:**

Farið er yfir muninn milli hefðbundins markaðsstarfs og markaðsstarfs á netinu (e-marketing), sem og notkun Internetsins í stjórnun viðskiptatengsla (CRM). Kennnd verða grunnatriði í hönnun og framkvæmd gagnvirkar netviðskiptavefsíðu. Fjallað verður um Internetið, e-marketing stefnu, reynslu viðskiptavina, Internet-markaðs-blönduna, viðmót viðskiptavinar og helstu þætti í FrontPage-forritun.

### **V-699-RITG Lokaritgerð**

6 ein. [ECTS:12]

**Umsjónarmaður B.Sc. verkefna:** Þórdís Sigurðardóttir, lektor.

**Forkröfur:** Að öllu jöfnu skal miðað við að nemandi hafi lokið að lágmarki 66 einingum þegar nemandi skráir sig í B.Sc. verkefni.

Markmið B.Sc. verkefna er að þjálfa og prófa hæfni nemenda til sjálfstæðra, skipulegra, gagnrýnna, agaðra og vísindalegra vinnubragða og til skýrrar framsetningar á niðurstöðum eigin vinnu. Þannig eiga nemendur að leggja kapp sitt og metnað að skila góðu lokaverkefni sem þeir og kennarar HR geta verið stoltir af. Lokaverkefni allra nemenda sem útskrifast frá HR verða aðgengileg á bókasafni HR öðrum til aflestrar með nafni kennara og nemenda um ókomna tíð. Þá eru lokaverkefni einnig mjög mikilvægur undirbúningur fyrir nemendur sem ætla sér í framhaldsnám. B.Sc. verkefni eru metin til sex eininga í námi.

Nemendur velja sér sín verkefni sjálfir en val verkefna er þó háð samþykki leiðbeinanda. Í samræmi við meginstefnumið Háskólans í Reykjavík verður af hans hálfu lögð sérstök áhersla á að vinna við B.Sc. verkefni byggji á og örvi frumkvæði nemenda, auki færni þeirra í notkun á nýjustu upplýsingatækni við öflun heimilda og skerpi skilning þeirra á alþjóðlegu samhengi þeirra verkefna sem þeir kjósa sér.

## 1. Tegund verkefna.

B.Sc.-verkefni geta verið tvenns konar, heimildaritgerðir eða frumrannsóknir, en báðar tegundir verkefna hafa fleiri en færri sameiginleg viðmið (sjá punkta að neðan). Lokaverkefni skulu vera sjálfstæðar úttektir nemenda á afmörkuðum spurningum innan viðkomandi fræðasviðs. Þeim er ætlað að þjálfa og prófa hæfni nemenda í:

- sjálfstæðum og skipulegum vinnubrögðum
- afmörkun fræðilegra spurninga
- skipulegri öflun og framsetningu á fræðilegum heimildum úr bókasöfnum og rafrænum gagnaböndum
- agaðri gagnrýni á heimildir og niðurstöður annarra
- framsetningu á tilgátum og eigin niðurstöðum samkvæmt vísindalegum venjum.

a) Nemandi sem velur að skrifa heimildaritgerð þarf að afla viðamikilla fræðilegra gagna og heimilda til að gera viðfangsefninu tilhlýðileg skil. Heimildaritgerðir skulu taka á viðfangsefnum sem eru til umfjöllunar í ákveðnu undirfagi viðskiptafræða, en skulu tengja saman áherslur úr mismunandi fagheimum eða nálgast viðfangsefni sitt á nýstárlegan hátt, þó þannig að hægt sé að gagnrýna það/styðja með fræðilegum heimildum.

b) Sömu kröfur um öflun fræðilegra heimilda eru gerðar til frumrannsóknna og heimildaritgerða, nema að heimildaöflun þarf ekki að vera jafn viðamikil. Áhersla er lögð á sjálfstæða gagnaöflun, þar sem nemandi skal afla sér grunnheimilda (frá fyrirtækjum, stofnunum eða einstaklingum) og vinna úr þeim og tengja þær við fræðilegar heimildir og vinnu annarra. Framkvæmd rannsókna á að vera í samræmi við þær aðferðir sem kynntar eru í Aðferðafræði. Áhersla er lögð á að frumrannsóknir tengi saman fyrirliggjandi fræðilega þekkingu og ný gögn sem annaðhvort styðja tilgátur nemenda eða afsanna þær.

## 2. Samvinna nemenda

Leiðbeinanda er heimilt er að veita tveimur nemendum leyfi til að vinna saman að lokaverkefni. Einkum á þetta við umfangsmeiri frumrannsóknir þar sem talist getur heppilegra að tveir nemendur vinni saman. Verkefni skal í þessum tilvikum vera verulega stærra í sniðum en einstaklingsverkefni þannig að áætluð vinna hvers nemenda við verkið verði ekki minni en við einstaklingsverkefni. Einkunnagjöf lokaverkefna, sem unnin eru af tveimur nemendum, tekur mið af fjölda nemenda sem vinna verkefnið.

## 3. Leiðbeinandi

Nemandi skal njóta leiðsagnar eins fastra kennara Háskólans í Reykjavík, eða, að

höfðu samráði við umsjónarmann B.Sc.-verkefna, eins af stundakennurum skólans. Í þeim tilvikum þegar stundakennarar leiðbeina nemendum skal umsjónarmaður B.Sc.-verkefna kveðja til einn af föstum kennurum skólans til almenns eftirlits með framvindu verksins fyrir hönd skólans.

#### 4. Skiladagar

Nemandi skal skila fyrstu skriflegu tillögu að verkefni eigi síðar en við lok fyrstu kennsluviku útskriftarmisseris. Tillagan skal innihalda stutta lýsingu á þeim spurningum sem verkefninu er ætlað að glíma við, fræðilegan ramma sem skoða þarf, almennar hugmyndir um tímaramma og beinagrind að kaflaskiptingu sem gefur hugmynd um vægi einstakra þátta í verkefninu. Kennara ber að samþykkja verkefnið eða veita afsvar innan viku frá því að tillaga berst, nema sérstakar aðstæður hamli. Það er á ábyrgð nemenda að standa þannig að vali á verkefnum og í samráði við kennara að samþykkt verkefni liggi fyrir eigi síðar en við lok þriðju kennsluviku á útskriftarmisseri.

Einum mánuði fyrir skiladag skal fullunnið uppkast að verkefninu liggja fyrir. Kennari skal fara yfir þetta uppkast svo fljótt sem mögulegt er og gefa nemanda álit sitt á stöðu verksins og ráð um framhaldið. Skiladagur lokaverkefnis skal vera þrem vikum fyrir útskrift nemanda. Nemandi sem ekki hefur skilað tillögu og uppkasti til leiðbeinenda á fyrrgreindum tímum afsalar sér rétti sínum að skila lokaverkefni á þeirri önn.

#### 5. Val á verkefnum

Nemandi velur sér verkefni sjálfur í samráði við þann kennara sem umsjón hefur með verkefninu. Val á verkefni er háð samþykki viðkomandi kennara. Ef um stundakennara er að ræða, þarf einnig að koma til samþykki umsjónarmanns B.Sc.-verkefna. Kennarinn getur aðstoðað nemanda við afmörkun á viðfangsefni nemandans og við gerð áætlunar um efnistöð og efnisöflun en frumkvæðið verður alfarið að koma frá nemandanum. Kennari fylgist síðan með framvindu verksins og gefur ráð þegar eftir því er óskað eða með reglulegu millibili skv. nánari ákvörðun kennara. Þetta skal þó algerlega háð frumkvæði nemandans sem ber alla ábyrgð á framkvæmd verkefnisins. Kennarar eiga innan eðlilegra marka að vera reiðubúnir til ráðgjafar á öllum stigum vinnunnar en þeir hafa ekki eftirlitsskyldu með framgangi verksins.

#### 6. Mat á verkefnum

Sá kennari sem umsjón hefur með viðkomandi verkefni gefur lokaekinn fyrir það. Nemandi er heimilt, allt til þess tíma að einkunn er gefin og ef nemandi fellur, að óska eftir prófdómara og skal einkunn prófdómara og kennara þá lögð að jöfnu. Þegar tveir nemendur vinna saman að verkefni skal skólanum heimilt, ef ástæða þykir til, að ganga úr skugga um skilning hvors þeirra um sig á öllu verkefninu með stuttu munnlegu prófi. Ef nemandi, sem aðild á að sameiginlegu verkefni, eða umsjónarkennari óska, skal heimilt að gefa hverjum aðila að sameiginlegu verkefni

sérstaka einkunn að undangengnu munnlegu prófi. Prófareglur VD eiga við B.Sc.-verkefni líkt og önnur próf.

## **7. Lokaeintök ritgerðar**

Lokaverkefni, skal skila í þrem útprentuðum eintökum (samkvæmt staðli B.Sc.-verkefna VD) og á rafrænu formi (á netfangið bs\_verkefni@ru.is á ACROBAT formi). Að auki þarf að skila á sama netfang útdrætti ritgerðar (sjá neðar) á WORD formi sem verður birtur í gagnasafni skólans.

Lokaverkefni skulu vera 15 þúsund orð hið lengsta og 10 þúsund orð hið skemmsta. Ef tveir nemendur standa að verkefninu skal lengd þess vera umtalsvert meiri og innihaldið þeim mun ítarlegra.

Ritgerðir skulu fylgja staðli APA um ritun fræðilegra verka. Meðal annars skal fylgja stutt lýsing (abstract - útdráttur) á viðfangsefninu, nálgun nemandans og niðurstöðum (um 200 orð) sem skal vera fremst í ritgerðinni. Einnig skal fylgja tæmandi skrá um allar heimildir sem koma skal aftan við meginmál. Tilvitnanir í ritaðar og munnlegar heimildir skulu tilgreindar jafnóðum í texta. Á titilblaði skal koma fram heiti verkefnisins, nafn nemanda, nafn umsjónarmanns, útskriftardagur og númer ritgerðar í ritgerðaröð Háskólans í Reykjavík (sýnishorn á titilblaði er hægt að finna á vef VD undir B.Sc.-verkefni).

Ritgerðir nemenda verða varðveittar á bókasafni Háskólans í Reykjavík í bundnu og rafrænu formi. Nemendur eiga höfundarrétt að ritgerðum sínum en Háskólinn í Reykjavík áskilur sér rétt fyrir sig og nemendur sína til notkunar á þeim við nám og heimildasöfnun. Ef trúnaðarupplýsingar er að finna í ritgerð á viðkomandi nemandi og eigandi viðkomandi upplýsinga rétt á því að ritgerðin sé geymd sem trúnaðarmál í fimm ár. Nemendum ber að taka þátt í kynningu á lokaverkefnum, sem verður með þeim hætti sem skólinn ákveður á hverjum tíma.

Reglur þessar, sem voru fyrst samþykktar á deildarfundi Viðskiptadeildar HR 18. apríl 2000, voru endurskoðaðar og samþykktar á deildarráðsfunði 12. ágúst 2002. Endurskoða skal reglur um BS.-verkefni ári frá síðustu samþykkt þeirra.

## **7.4. Framvindureglur viðskiptadeildar HR**

### **Reglur viðskiptadeildar um námsframvindu í dagskóla**

Nemandi fær að flytjast upp á annað námsár ef hann hefur lokið a.m.k. 24 einingum á fyrsta ári og meðaleinkunn 24 hæstu eininganna er 6 eða hærri. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 45 einingum tveimur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 66 einingum þremur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi skal hafa lokið BS-prófi fjórum árum eftir síðustu innritun á

fyrsta námsár.

### **Reglur viðskiptadeildar um námsframvindu í HMV**

Nemandi fær að flytjast upp á annað námsár ef hann hefur lokið a.m.k. 18 einingum á fyrsta ári og meðaleinkunn 18 hæstu eininganna er 6 eða hærri. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 36 einingum tveimur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi í diplomanámi skal hafa lokið 45 einingum á átta önnum. Nemandi í BS-námi skal hafa lokið a.m.k. 54 einingum þremur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi í BS-námi skal hafa lokið a.m.k. 72 einingum fjórum árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár og BS-prófi fimm árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár.

### **Endurinnritun**

Nú lýkur nemandi prófum og uppfyllir ekki skilyrði til þess að flytjast yfir á næsta námsár. Þá getur hann sótt um endurinnritun í námið. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6 eða hærri.

### **Forkröfur fyrir námskeið**

Forkröfur fyrir einstök námskeið koma fram í kennsluskrá.

### **Almennt ákvæði um fyrningu námskeiða**

Námskeið sem nemandi hefur staðist án þess að útskrifast fyrnast á sex árum.

### **Hlutanám**

Nemandi sem hyggst ekki stunda fullt nám getur sótt um fyrir upphaf skólaárs að vera skráður í hlutanám. Umsóknin er ekki samþykkt nema gildar ástæður komi til og þarf deildarfundur að samþykkja hana. Sé umsóknin samþykkt er gerður samningur um námsframvindu milli nemandans og skólans þar sem útfærð eru sérstaklega ákvæði um flutning á milli námsára. Nemandi getur ekki skipt úr fullu námi í hlutanám á miðju skólaári og komist þannig hjá endurinnritun eða reglum um námsframvindu.

### **Námshlé**

Nemandi getur sótt um það fyrir upphaf skólaárs að gera hlé á námi sínu. Umsóknin skal send til deildarforseta studd viðeigandi gögnum en deildarfundur þarf að samþykkja hana. Gildar ástæður fyrir námshléi eru t.d. nemendaskipti við annan háskóla, barnsburður eða veikindi. Sé umsóknin samþykkt er gerður samningur milli nemandans og skólans um námshlé og ákvæði um námsframvindu útfærð sérstaklega eftir þörfum.

## Undanþágur

Undanþágur frá þessum reglum um námsframvindu eru aðeins veittar með samþykki deildarfundar í þeirri deild sem nemandinn tilheyrir. Þær eru ekki veittar nema gildar ástæður komi til, svo sem barnsburður, fötlun eða alvarleg veikindi námsmanns eða náins aðstandanda. Umsóknir um undanþágur skulu sendar til deildarforseta studdar viðeigandi gögnum, svo sem læknisvottorðum.

## Reglur um próftöku

Nemenda er að hámarki heimilt að þreyta próf í tilteknu fagi þrisvar sinnum. Nú stenst nemandi ekki próf er hann þreytir þriðja sinni. Ber honum þá að sækja um endurinnritun í námið. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6 eða hærri.

## 7.5. Mat á fyrra námi á háskólastigi

Hafi verðandi stúdent í BS- eða diplomanámi, lokið námskeiðum á háskólastigi sem eru fyllilega sambærileg við þau námskeið sem í boði eru við HR, gefst þeim kostur á að óska eftir því að fá þessi námskeið metin. Sækja þarf um mat á fyrra háskólanámi á sérstökum umsóknareyðublöðum og koma til þjónustudeildar HR.

Til þess að fá námskeið metin þurfa þau, að mati námsráðgjafa og kennara viðkomandi fags, að standast samanburð við sambærileg námskeið í HR. Umsækjendur geta ekki átt von á því að námskeið sem tekin voru fyrir meira en 5 árum eða námskeið með lægri einkunn en 7 fái metin. Mat á fyrra námi inn í viðskiptadeild HR getur aldrei numið meiru en 45 einingum.

## 7.6. Forsetalisti

Þeir nemendur sem bestum árangri ná á hverju próftímabili eiga kost á að komast á forsetalista viðskiptadeildar og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld.

Til þess að vera gjaldgengir á forsetalista þurfa nemendur í dagskóla að ljúka að minnsta kosti 15 einingum en nemendur í HVM þurfa að ljúka að minnsta kosti 9 einingum á önninni.

Aðeins námskeið, sem nemendur ljúka á hefðbundnu próftímabili, eða fyrir þann tíma, eru gjaldgeng á forsetalista.

Míðað er við að um 3% - 5% nemenda komist á forsetalista.



## 8. REGLUR

### 8.1. Almennar námsreglur

Nemendum ber að stunda námið vel og samviskusamlega. Þannig nýta þeir tíma sinn og kennara sinna best.

#### Reglur við próftöku og verkefnavinnu

Nemanda ber að vinna einn að lausn verkefna í áfanga- og lokaprófum. Öll aðstoð frá öðrum nemendum er stranglega bönnuð. Verði nemandi vís að því að þiggja beina eða óbeina aðstoð frá öðrum nemanda í prófi getur það varðað tafarlausri brottvikningu úr skólanum. Sama gildir um nemanda sem veitir öðrum aðstoð í prófi. Þar sem nemendur vinna að verkefnum til einkunna í hópi skal úrlausn hvers hóps vera sjálfstætt framlag hópsins. Þannig er öll afritun af vinnu nemenda annars hóps, í hvaða formi sem hún er, stranglega bönnuð og getur varðað brottvikningu. Á hinn bóginn geta nemendur að sjálfsögðu leitað til kennara og annarra nemenda og fengið hæfilega ráðgjöf við lausn verkefna sem ekki teljast próf. Kennari gerir að jafnaði skriflega grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til nemenda á prófi og í verkefnum í námskeiði sínu. Þar á meðal gerir kennari grein fyrir því hvaða hjálpargögn eru nemendum heimil í prófum. Öll meðferð og notkun farsíma er óheimil í prófum. Verði nemandi vís að notkun farsíma í prófi getur það varðað tafarlausri brottvísun úr skólanum.

#### Reglur um skil á verkefnum

Kennari hvers námskeiðs setur reglur um skil verkefna í námskeiðinu og ber nemendum að skila verkefni áður en frestur er útrunninn. ***Almennt er frestur til þess að skila verkefni ekki framlengdur hjá tilteknum nemanda eða hópi nemenda án þess að það kosti afföll á einkunn.***

#### Úrsögn úr prófi og skráning í endurtektar- og sjúkrapróf

Nemandi, sem hættir í námskeiði án úrsagnar á réttum tíma, fær einkunnina núll í því. **Á haustönn 2003 þarf að skrá sig úr prófi eigi síðar en 24. október. Á vorönn er það 5. mars 2004. Á fyrstu tveim kennsluvikum hvers námsmisseris geta nemendur breytt skráningu námskeiða.** Til þess að breyta skráningu þurfa nemendur að senda nemendabókhaldi póst eða koma við á skrifstofu skólans og fylla út þar til gert eyðublað. Skráning í endurtektar- og sjúkrapróf fer fram eftir að úrslit prófa liggja fyrir og er dagsetningu þeirra að finna í almanaki skólans. Prófgjald fyrir endurtektarpróf er 5.000 kr fyrir hvert próf.

Þeir sem eru veikir þegar lokapróf fer fram geta sótt um að gangast undir sjúkrapróf. Ber þeim í því tilviki að tilkynna veikindin samdægurs simleiðis í afgreiðslu skólans og framvísa læknisvottorði við fyrsta tækifæri. Það vottorð skal vera dagsett sama dag og prófið fór fram. Sömu reglur um veikindavottorð gilda um áfangapróf.



Nemandi sem er skráður í endurtektar- og sjúkrapróf og mætir ekki hlýtur einkunnina núll í námskeiðinu.

### **Reglur um tímasókn**

Gert er ráð fyrir því að nemendur mæti í alla fyrirlestra og dæmatíma. Nemandi er ábyrgur fyrir því að afla sér upplýsinga sem fram koma í fyrirlestri eða dæmatíma sem hann mætir ekki í.

### **Námsmat**

Gefin er ein lokaekunn fyrir hvert námskeið sem nemandi er skráður í. Lokaekunnin er gjarnan samsett úr einkunnum fleiri en eins þáttar samkvæmt nánari ákvörðun kennara. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum á kvarðanum 0-10. Lokaekunn lægri en 5 er falleekunn og fást ekki einingar í því námskeiði (ath. sérreglur LD). Ekki er gefin eekunn fyrir námskeið metin frá öðrum skólum.

Í sumum námskeiðum þarf lágmarkseekunnina 5 í fleiri en einum námsþætti. Þannig þarf nemandi að uppfylla lágmarkskröfur í hverjum þætti til þess að standast námskeiðið og fá einingar fyrir það. Skiptir þá ekki máli þótt meðaltal námsþátta sé 5 eða hærri eekunn. Þessu ákvæði er helst beitt þegar þættir, sem koma til námsmats, eru ólíkir. Kennarar verða að gera skriflega grein fyrir kröfum sínum í þessu efni eigi síðar en við upphaf námskeiðs.

## **8.2. Reglur um próf og eekunnir**

### **Framkvæmd prófa**

#### 1. grein

Skrifleg og munnleg lokapróf eru haldin í lok námskeiða á hverri önn og skal próftafla liggja fyrir mánuði fyrir fyrsta lokapróf. Einkunnir úr skriflegum prófum eiga að liggja fyrir eigi síðar en fyrsta virka dag tveimur vikum eftir síðasta skriflega próf annarinnar. Einkunnir úr munnlegu prófi eftir námskeið eiga að liggja fyrir eigi síðar en fyrsta virka dag einni viku eftir að prófinu lýkur.

#### 2. grein

Rektor skipar prófstjóra og skal hann ásamt yfirmanni nemendabókhalds hafa umsjón með og bera ábyrgð á framkvæmd prófa. Prófstjórn skipa prófstjóri og yfirmaður nemendabókhalds. Kennari í námskeiði skal skila prófi til prófstjóra eigi síðar en 48 stundum áður en próf hefst. Prófið skilast á rafrænu formi og í ljósriti. Þá skal kennari fylla út eyðublað þar sem tekið er fram hvaða hjálpargögn eru leyfileg og önnur fyrirmæli kennara.

3. grein

Prófstjóri skal, ásamt kennara, taka saman lista yfir þá sem eiga að þreyta próf í hverri námsgrein. Skjalið skal auðkenna með nafnlykli námskeiðs og dagsetningu prófs og notað sem viðvistarskrá af yfirsetumönnum í prófum. Í upphafi prófs skulu yfirsetumenn ganga úr skugga um hverjir eru mættir í prófið og geta óskað eftir að fá að sjá persónuskilríki nemenda í þeim tilgangi.

4. grein

Próftími í skriflegum prófum skal aldrei vera styttri en tvær klukkustundir og ekki lengri en fjórar klukkustundir. Deildarforseti getur þó leyft frávik í einstökum námsgreinum. Kennari eða staðgengill hans á að vera til taks þar sem prófið fer fram til þess að svara spurningum um vafaatriði, ef einhver eru. Yfirsetumenn í prófum eiga að öðru jöfnu ekki að svara slíkum spurningum.

5. grein

Kennari afhendir prófstjóra lokaekunnir á tölvutæku formi ásamt útprenti þar sem hann vottar einkunnir með eigin undirskrift. Skrifstofa skólans afhendir nemendum einkunnir þeirra og skal við það gæta nafnleyndar.

## Námsmat og einkunnagjöf

6. grein

Gefin er ein lokaekunn fyrir hvert námskeið sem nemandi er skráður í. Lokaeikunn er samsett af einkunn fyrir einn eða fleiri eftirtalinna þátta:

- Frammistaða nemanda í lokaprófi.
- Frammistaða nemanda í áfangaprófum.
- Frammistaða og þátttaka nemenda í tímum.
- Verkefni og skýrslur nemanda meðan á námskeiði stendur.

7. grein

Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum á kvarðanum 0-10. Lokaeikunn lægri en 5 er falleikunn (ath. sérreglur fyrir LD) og fást þá ekki einingar fyrir námskeiðið. Ekki er gefin eikunn fyrir metin námskeið frá öðrum skólum.

8. grein

Kennari (eða kennarar) í námskeiði er ábyrgur fyrir gerð þeirra prófa og verkefna sem lögð eru fyrir í námskeiðinu og lokaekunn fyrir námskeiðið byggist á. Á skriflegum prófum skal gera grein fyrir vægi spurninganna á prófblaðinu. Ef eikunn í verklegu prófi er samsett úr fleiri en einum hluta skal gera nemendum grein fyrir vægi hvers hluta áður en prófið er þreytt.

9. grein

Námsmat í bóklegum námskeiðum er í höndum kennara viðkomandi námskeiðs. Í upphafi námskeiðs eiga kennarar að gera grein fyrir því skriflega hvernig lokaekinnun í námskeiðinu verður sett saman. Kennurum er heimilt að gera skil á verkefnum eða lágmarkseinnun í einstökum námsþáttum að skilyrði fyrir því að nemandi standist námskeið. Slíkar kröfur verður að tilkynna skriflega í upphafi námskeiðs.

10. grein

Námsmat í verklegum námskeiðum og lokaverkefni er í höndum verkefniskennara. Vægi einstakra verkliða í lokaekinnun skal tilkynnt skriflega í upphafi verklegra námskeiða. Heimilt er að krefjast þess að ákveðnir verkliðir séu leystir af hendi á fullnægjandi hátt til þess að nemandi teljist hafa lokið verklegu námskeiði. Slíkar kröfur verður að tilkynna skriflega í upphafi námskeiðs.

11. grein

Nemandi skal vinna einn að lausn verkefna í áfangaprófum og lokaprófum. Öll aðstoð frá öðrum nemendum er stranglega bönnuð. Verði nemandi uppvís að því að þiggja beina eða óbeina aðstoð frá öðrum nemanda í prófi getur það varðað tafarlausri brottvikningu úr HR. Sama gildir um nemanda sem veitir öðrum aðstoð í prófi. Þar sem nemendur vinna að verkefnum til einkunnna í hópi skal úrlausn hvers hóps vera sjálfstætt framlag hópsins. Þannig er öll afritun af vinnu nemenda annars hóps, á hvaða formi sem hún er, stranglega bönnuð og getur varðað brottvikningu. Öll meðferð og notkun farsíma er óheimil í prófum. Verði nemandi vís að því að nota farsíma í prófi getur það varðað tafarlausri brottvísun úr skólanum.

**Endurtekin próf og áfrýjunarréttur nemenda**

12. grein

Heimilt er að skrá sig úr námskeiði fram að tiltekinni dagsetningu sem kemur fram í kennsluskrá hvers árs. Eyðublöð liggja frammi á skrifstofu skólans. Nemandi sem ekki kemur til prófs og hefur ekki boðað lögmæt forföll telst hafa þreytt próf og fær einkunnina núll í námskeiðinu. Þeir sem eru veikir þegar lokapróf fer fram þurfa að tilkynna veikindin samdægurs simleiðis til skrifstofu skólans og framvísa læknisvottorði við fyrsta tækifæri. Það vottorð skal vera dagsett sama dag og prófið fór fram. Sömu reglur um veikindavottorð gilda fyrir áfangapróf.

13. grein

Endurtektar- og sjúkrapróf í bóklegum námskeiðum eru að jafnaði haldin eftir lokapróf hvern annar. Endurtektar- og sjúkrapróf kemur í stað lokaprófs en einkunnir fyrir verkefni, áfangapróf eða annað námsmat til lokaekinnunnar stendur óhaggað. Aðeins þeir nemendur sem mættu í lokapróf eða tilkynntu veikindi (sbr.

12. gr.) eiga rétt á endurtektar- eða sjúkraprófi.

14. grein

Skráning í endurtektar- og sjúkrapróf fer fram eftir að úrslit úr prófum liggja fyrir og dagsetning þeirra hverju sinni kemur fram í almanaki kennsluskrár. Prófgjald fyrir endurtektarpróf kemur fram í kennsluskrá. Ef nemandi tekur endurtektar- eða sjúkrapróf þá fellur fyrra próf hans í greininni úr gildi. Standist nemandi ekki endurtektar- og sjúkraprófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að gangast oftari undir lokapróf í námskeiðinu án þess að sitja það að nýju.

15. grein

Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess, innan fimmtán daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til deildarforseta. Velji nemandi að kæra mat kennara skal skipaður prófdómari af deildarforseta viðkomandi deildar. Skal kæran lögð fram innan tíu virkra daga frá prófsýningu. Einnig getur kennari eða meirihluti nemenda óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi, telji þeir til þess sérstaka ástæðu.

16. grein


Nú kærir nemandi mat á skriflegu prófi og prófdómari er skipaður. Skal hann leggja sjálfstætt mat á úrlausn nemandans. Prófseinkunn prófdómara og kennara vegur að jöfnu. Endurskoðuð einkunn skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá því að kæra berst.

17. grein

Þegar kærufrestur nemenda er liðinn og prófdómari hefur lokið við yfirferð prófa skulu þau afhent prófstjórn (prófstjóri/yfirmaður nemendabókhalds) til varðveislu. Öll prófgögn skal varðveita í eitt ár. Auk þess varðveitir skólinn afrit af öllum lokaprófum í skjálageymslu.

### **8.3. Siðareglur Háskólans í Reykjavík**

Háskólinn í Reykjavík er þekkingarsamfélag þar sem nemendur, kennarar, aðrir starfsmenn og samstarfsaðilar vinna saman að því að framfylgja stefnu skólans. Til þess að þetta megi takast vill skólinn skapa starfsumhverfi sem einkennist af virðingu, heilindum og sanngirni.



Markmiðið með þessum siðareglum er að stuðla að því að hegðun þeirra sem starfa innan skólans uppfylli ítrustu siðferðiskröfur sem gerðar verða innan háskóla.

### Starfsmenn og stjórnendur skólans – leiðarljós í daglegu starfi og kennslu

- Við setjum sanngjarnar, einfaldar og skýrar vinnureglur fyrir nemendur og starfsfólk og fylgjum þeim eftir af festu.
- Við erum meðvituð um stöðu okkar sem leiðbeinendur og fyrirmyndir, og misnotum ekki stöðu okkar í samskiptum við nemendur eða samstarfsmenn.
- Við beitum faglegum aðferðum við inntöku nýnema og ráðningu starfsmanna.
- Við sýnum nemendum sanngirni í verkefnavali og námsmati (sjá nánar um námsmat í prófareglum í Kennsluskrá).
- Við virðum nemendur og starfsmenn sem einstaklinga og gætum trúnaðar um persónuleg málefni þeirra, sem og um trúnaðarmálefni sem varða þriðja aðila.
- Þegar við veitum umsagnir um nemendur setjum við þær fram af heilindum og hlutlægni og forðumst að fella dóma um einstaklinga.
- Við veitum nemendum og starfsmönnum upplýsingar er þá varða ávallt eftir bestu vitund.
- Við höldum góðu sambandi við nemendur og aðra sem nota þjónustu okkar með markvissri upplýsingagjöf og auðveldum þeim að benda á það sem betur má fara.

### Starfsmenn og stjórnendur skólans – leiðarljós í rannsóknum

- Við leitum þekkingar af heilindum og hlutlægni og leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, gagnrýna hugsun og málefnalegan rökstuðning.
- Við vinnum ávallt samkvæmt eigin sannfæringu óháð því hver samstarfsaðilinn er eða hver fjármagnar vinnu okkar.

- Séu hagsmunatengsl til staðar í rannsóknum okkar þá upplýsum við um þau.
- Við virðum hugverkaréttindi og getum ávallt þeirra heimilda sem við notum samkvæmt venjum vísindasamfélagsins.
- Við eignum okkur ekki heiðurinn af hugmyndum nemenda og getum ávallt framlags þeirra til rannsókna okkar.
- Við virðum rannsóknafrelsi samstarfsmanna okkar og berum virðingu fyrir störfum þeirra og skoðunum.
- Við gætum persónuverndar og stöndum vörð um hagsmuni þátttakenda í rannsóknum (sjá vinnureglur um undirbúning rannsókna við HR).
- Við höfum þá skyldu að viðhalda faglegri þekkingu okkar, að miðla henni og að stuðla að framþróun í okkar fræðigrein. Sjá einnig rannsóknastefnur deilda HR

### **Nemendur – leiðarljós í námi og starfi**

- Við virðum kennara, samnemendur og starfsfólk sem einstaklinga og komum fram við þá af tillitsemi.
- Við vinnum verkefni, ritgerðir og próf í HR af heiðarleika og heilum hug og stuðlum að því með virkum hætti að samnemendur okkar geri slíkt hið sama (sjá nánar prófareglur í Kennsluskrá).
- Við virðum höfundarrétt og getum heimilda í verkum okkar í samræmi við viðtekin fræðileg vinnubrögð (sjá nánar prófareglur í Kennsluskrá).
- Við notum ætíð rétt gögn við umsóknir, svo sem ósvikin vottorð, prófskírteini eða meðmæli er viðkoma námi okkar og störfum.

### **Allir**

- Við komum fram við hvert annað af virðingu og leggjum okkur fram um að koma í veg fyrir að í HR viðgangist hvers konar óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunun byggð á óviðkomandi þáttum svo sem kynferði, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötluð eða kynhneigð.
- Við stöndum vörð um heiður skólans og aðhöfumst ekki neitt það sem kynni að vera til þess fallið að rýra álit samfélagsins á skólanum.

### **Viðurlög, ákæruleiðir og gildissvið**

- Brot á siðareglum þessum varða áminningu við fyrsta brot en geta einnig varðað brottvísun eða starfsmissi án frekari fyrirvara ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

- Ábendingar um brot skulu berast til deildarforseta viðkomandi deildar, eða til annarra stjórnenda (þ.m.t. rektors) eftir atvikum.
- Einstaklingur, sem áminntur er af deildarforseta eða rektor skv. þessum reglum, getur áfrýjað máli sínu til Háskólaráðs telji hann áminninguna ómaklega.
- Við meðferð mála samkvæmt reglum þessum skal gæta meginreglna stjórnýsluréttar um meðalhóf og andmælarétt.
- Siðareglur þessar ber ekki að skoða sem tæmandi lýsingu á góðum starfsháttum innan skólans og skulu ný tilvik skoðast út frá anda reglnanna.

### Setning, kynning og endurskoðun siðareglna

- Siðareglur þessar voru þróaðar af hópi starfsmanna HR. Siðareglurnar hafa verið ræddar meðal kennara og starfsfólks skólans, og bornar undir fulltrúa nemenda skólans og Háskólaráð.
- Siðareglur þessar eru kynntar öllum nýjum starfsmönnum og nemendum skólans og eru tiltækar á heimasíðu skólans.
- Siðareglur þessar skal endurskoða sem hluta af árlegu stefnumótunarstarfi Háskólans í Reykjavík.

## 8.4. Umgengni

Háskólinn í Reykjavík á að vera í eins góðu ástandi eftir 20 ár eins og hann er í dag! Við leggjum mikla áherslu á að gengið sé vel um húsnæði skólans. Neysla matar og drykkjar er eingöngu heimiluð í „Háskólabauinni“, mötuneyti HR á fyrstu hæð, í nemendaherbergi á 4. hæð og í kaffiádstöðu kennara á 5. hæð. Eina undantekingin frá þessum reglum er að nemendum er leyfilegt að hafa vatn í lokuðum plastbrúsum inni í kennslustofum.

Reykingar eru stranglega bannaðar í húsinu og á skólalóðinni. Nemendur hafa möguleika á að notfæra sér skot við suðurenda skólans þar sem er að finna svokölluð „Stubbahús“. Öll meðferð áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum og varðar við lög.

Nemendur eru beðnir að virða merkt bílastæði við skólann. Nemandi getur búist við að bifreið hans verði dregin á brott án fyrirvara leggi hann í merkt stæði eða ólöglega. Kostnaður sem af því hlýst verður eigandi bifreiðarinnar að greiða. Þá er einungis hreyfihömluðum í rétt merktum bifreiðum heimilt að leggja í stæði sem er merkt fyrir hreyfihamlaða. Viðurlög við að leggja í stæði hreyfihamlaðra án heimildar eru þau sömu og gilda um önnur merkt stæði. Þá viljum benda nemendum á 400 bílastæði við Kringluna/Borgarleikhúsið sem Reykjavíkurborg á og eru nemendum HR til notkunar.

## 9. ÞJÓNUSTA

### 9.1. Rannsóknir

Við Háskólann í Reykjavík er lögð áhersla á að styrkja og efla rannsóknir á sviðum tölvunar, laga og viðskipta. Markmiðið er að byggja upp öflugt rannsóknarumhverfi sem hvetur til rannsókna er standast fyllilega alþjóðlegan samanburð. Skólinn beitir sér fyrir hagnýtum og fræðilegum rannsóknum.

Rannsóknarmiðstöð HR veitir alhliða þjónustu í tengslum við rannsóknir. Hjá Rannsóknarmiðstöð er haldið utan um upplýsingar um rannsóknarstarf inna HR, útgáfu og ráðstefnur í tengslum við rannsóknarvinnu kennara og annarra starfsmanna, auk þess að veita upplýsingar um umsóknarfresti í einstakar rannsóknaráætlanir, leiðbeiningar við umsóknarvinnu og annað sem því tengist.

Elisabet M. Andrésdóttir veitir Rannsóknarmiðstöð HR forstöðu. Netfang er [elisabet@ru.is](mailto:elisabet@ru.is).

### 9.2. Stúdentaskipti

Stúdentar við Háskólann í Reykjavík (HR) hafa möguleika á því að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla sem HR hefur formlegt samstarf við. Til þess að geta farið utan þurfa nemendur að hafa lokið einu ári við HR.

#### **Erasmus stúdentaskiptaáætlunin**

Háskólinn í Reykjavík er aðili að ERASMUS stúdentaskiptaáætluninni. Í tengslum við hana hefur HR samið við nokkra háskóla í Evrópu um gagnkvæm stúdentaskipti innan ramma áætlunarinnar. Stúdentar þurfa að sækja um fyrir 15. mars. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar á heimasíðu alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, slóðin er <http://www.ask.hi.is/erasmus/>.

Samkvæmt samningum hafa stúdentar möguleika á að stunda nám í eina til tvær annir við þá háskóla sem samið hefur verið við. Háskólinn í Reykjavík hefur gert samninga við eftirtalda háskóla:

#### **Computer Science:**

Aalborg University

Fachhochschule Darmstadt

Hochschule for Technik, Wirtschaft und Kultur Leipzig

Tampere Polytechnic, Finland

Technische Universitat Wien

Universita Degli Studi Di Catania



**Business Administration:**

Athens University of Economics and Business

Copenhagen Business School

Erasmus University Rotterdam

Esade - Escuela Superior de Administracion y Direccion de Empresas, Spain

Escem School of Business and Management, Spain

European Business School London

Leipzig Graduate School of Mment

Universidad de Alicante

Universita Degli Studi Di Torino

University Jean Moulin Lyon 3

Árlega bætast nýir háskólar í hópinn og næsta skólaár mun stúdentum standa til boða stúdentaskipti við fleiri háskóla í Evrópu.

**Tvìhliða samningar**

Unnið er að gerð tvìhliða samninga við háskóla í Bandaríkjunum og víðar.

Nánari upplýsingar veitir Björg Birgisdóttir, forstöðumaður námsráðgjafar og alþjóðatengsla.

**9.3. Bókasafn og upplýsingaþjónusta**

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans í Reykjavík er sérfræðisafn á sviði viðskipta-, lög- og tölvunarfræði. Hlutverk bókasafns og upplýsingaþjónustu Háskólans í Reykjavík er að auka samkeppnishæfni stúdenta og starfsfólks HR og efla rannsóknir við skólann. Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans í Reykjavík stefnir að því að verða þekkt að framsækni og fagmennsku á sviði bókasafns og upplýsingamála. Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans í Reykjavík rækir hlutverk sitt með því að :

- velja, safna og varðveita fjölbreyttar upplýsingar á fræðasviðum skólans
- skipuleggja upplýsingar og greiða notendum leið að þeim
- stuðla að upplýsingalæsi innan HR með markvissri fræðslu
- veita fjölbreytta, nútímalega og persónulega þjónustu
- bjóða notendum aðgang að öflugum, rafrænum bókasafni
- fylgjast með nýjungum á sviði bókasafns og upplýsingamála og taka þátt í margvíslegu samstarfi á þeim vettvangi.

Bókasafnið var opnað formlega í janúar 1999 og frá upphafi hefur markmiðið verið að nýta upplýsingatæknina sem mest við uppbyggingu þess. Bókasafnið er að stórum hluta rafrænt og í fremstu röð slíkra safna hérlendis.

Bókasafnið er áskrifandi að fjölmörgum gagnagrunnum og rafrænum tímaritum. Gagnagrunnar í áskrift eru m.a. : ABI/Inform Global, Factiva.com, CRC Press Handbooks, Karnov og UfR Online, Hæstaréttardómar frá 1958 (Réttarríkið), Encyclopaedia Britannica, EI Village, Dialog, ProQuest, Web of Knowledge, SwetsWise og Gagnasafn Morgunblaðsins. Auk þess er aðgangur að fjölmörgum völdum gjaldfrjálsum upplýsingagrunnum. Jafnframt er unnið að uppbyggingu safnkosts á prenti og er mjög vandað til vals á því efni.

Bókasafns- og upplýsingafræðingar sjá um notendafræðslu þar sem áhersla er lögð á að kynna gagnagrunna í áskrift og kenna leitartækni og mat á upplýsingum.

Á Vefbókasafni HR er að finna fjölbreyttar upplýsingar, m.a. um notkun heimilda og þá þjónustu sem notendum stendur til boða. Jafnframt er þar að finna prófabanka, upplýsingaþjónustu og krækjur í fjölmarga valda vefi á fræðasviðum HR.

Á Bókasafni HR er fyrsta flokks vinnuaðstaða fyrir einstaklinga og hópa og kappkostað er að veita fjölbreytta, nútímalega og persónulega þjónustu. Liður í því er að bjóða aðgang að aðstöðunni allan sólarhringinn.

Forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu Háskólans í Reykjavík er Guðrún Tryggvadóttir, **gudrunt@ru.is**. Vefbókasafn HR er að finna á slóðinni **www.ru.is/bokasafn**.

## **9.4. Námsráðgjöf**

Nám á háskólastigi krefst sjálfstæðra vinnubragða og vísindalegrar hugsunar. Námsráðgjöf HR sérhæfir sig í að aðstoða nemendur við að bæta vinnubrögð og áætlanagerð sem stuðlar að auknum afköstum í náminu. Jafnframt er markmið námsráðgjafarinnar að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi. Reglulega eru haldin ýmis námskeið, m.a. námstækni- og prófkviðanámskeið. Núverandi og væntanlegir nemendur geta borið upp erindi sín í auglýstum viðtalstímum eða bókað tíma í gegnum síma eða tölvupóst. Viðtalsherbergi námsráðgjafa eru á 5. hæð.

Námsráðgjafar HR eru Björg Birgisdóttir og Karen Björnsdóttir.

## **9.5. Þjónustu- og rekstarsvið**

Þjónustudeild Háskólans í Reykjavík leggur ríka áherslu á að veita góða þjónustu en til þess að svo geti orðið þurfa nemendur og aðrir starfsmenn að tileinka sér orðatiltækið „Hjálpíð okkur við að hjálpa ykkur“. Þjónustudeildin er staðsett á 5.

hæð eldri byggingu.

Á skólaárinu 2003-2004 verður opnunartími alla virka daga frá kl. 08.00 til kl. 17.00. Skiptiborðið er opið frá kl. 08.00 til 17.00 alla virka daga.

Á skrifstofu geta nemendur fengið upplýsingar um námsframvindu, staðfestingu á skólavist, tilkynnt veikindi í prófi auk annarrar almennrar þjónustu. Við viljum benda nemendum á að þægilegt og auðvelt er að senda tölvupóst til okkar með fyrirspurnum og beiðnum. Hægt er að senda á tengiliði, þjónustufulltrúa sbr upplýsingum hér í lokin eða á **ru@ru.is**.

Nemendur hafa möguleika á að leigja aðgangskort sem veitir þeim aðgang að skólanum 24 tíma á sólarhring og eru þau til afgreiðslu á skrifstofu. Einnig er hægt að fá á skrifstofu netkort og ýmsa forritadiska. Skólinn hefur til leigu 90 skápa í kjallara eldri byggingar. Leigan er kr. 2000 fyrir minni skápa og kr. 3000 fyrir stærri skápa. Skáparnir eru leigðir út hverja önn fyrir sig.

### **Nemendabókhald**

Nemendabókhald heldur utan um allar upplýsingar nemenda, s.s. námsferil, skráningar í og úr námskeiðum og einkunnaskráningu. Innritun og útskrift er á ábyrgð nemendabókhalds ásamt prófamálum. Prófstjórn skipa prófstjóri og yfirmaður nemendabókhalds. Nemendabókhald hefur yfirumsjón með stundatöflugerð, niðurröðun í hópa og stofuskipan námskeiða. Ef nemendur óska eftir að fá afrit af námsferli þá geta þeir sent póst á nemendabókhald eða komið við á skrifstofu skólans og fyllt út beiðni um afrit af námsferli (nemendur fá fjögur afrit af námsferli sér að kostnaðarlausu).

Yfirmaður nemendabókhalds er Steinn Jóhannsson, **steinn@ru.is**.

## **9.6. Umsóknir og innritun**

### **Umsóknir um skólavist**

Innritun nýrra nemenda fer fram á vorin. *Umsóknareyðublöð fást rafrænt á vefsíðu skólans og einnig á skrifstofu HR á 5. hæð.* Umsóknir þurfa að berast fyrir auglýst- an umsóknarfrest ár hvert en nákvæmar dagsetningar eru tilkynntar fyrir hvert skólaár. Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi. Einkunnir á stúdentsprófi eru lagðar til grundvallar við val á umsækjendum en einnig er tekið tillit til þess á hvaða braut nemendur hafa stundað nám. Tekið er tillit til viðbótarmenntunar, starfsferils og annarra upplýsinga sem fylgja umsókn. Með umsókn skal fylgja staðfest afrit af prófskírteinum og öðru því sem umsækjendur telja að skipti máli við mat á henni, svo sem upplýsingar um starfsreynslu og meðmæli sem skulu vera í lokuðu umslagi. Skráning nýrra nemenda er jafnframt

skráning í námskeið haustannar á 1. ári og í próf.

### **Skráning í námskeið**

Nýir nemendur eru sjálfkrafa skráðir í námskeið á 1. önn námsins. Allir aðrir nemendur þurfa að skrá sig í einstök námskeið og er það um leið prófskráning. Ætlast er til að sú skráning fari fram rafrænt í gegnum heimasíðu skólans:

**www.ru.is.**

### **Lánasjóður íslenskra námsmanna - LÍN**

Nám í Háskólanum í Reykjavík er lánshæft og veitir starfsfólk Lánasjóðs íslenskra námsmanna frekari upplýsingar um námslán. Skrifstofa sjóðsins er til húsa að Höfðaborg, Borgartúni 21 í Reykjavík. Hún er opin frá kl. 9:00 til 16:00 alla virka daga. Símanúmer sjóðsins er 560 4000. Bréfasími er 560 4090.

Skiptiborðið er opið frá 9:00 til 16:00.

Starfsmenn lánadeildar veita upplýsingar og ráðgjöf í síma og með viðtölum.

Símatími lánadeildar er alla virka daga frá kl. 9:00 til 16:00.

Viðtalstími er alla virka daga kl. 11:00 til 15:00.

Símatími innheimtudeildar er frá 9:00 til 16:00.

Yfirmaður nemendabókhalds sér um samskipti skólans við LÍN.

## **9.7. Vefur Háskólans í Reykjavík**

Vefur Háskólans í Reykjavík ([www.ru.is](http://www.ru.is)) er hvort tveggja í senn öflug upplýsingaveita og mikilvægt vinnutæki fyrir nemendur og starfsfólks skólans. Á vefnum er að finna fjölbreyttar upplýsingar, meðal annars um uppbyggingu skólans og námsins, námsefni, stundaskrár, starfsfólk, námskeið og fréttir auk þess sem vert er að geta vefbókasafnsins sérstaklega. Hver nemandi er með sitt eigið heimasvæði þar sem hann fær fyrirlestra og fréttir um þau námskeið sem hann sækir. Á vefnum fer einnig fram skráning nemenda í námskeið, einkunnabirting og fleira sem lýtur að nemendabókhaldi.

Ritstjóri vefjarins er Sólrún Smáradóttir, [solrun@ru.is](mailto:solrun@ru.is).

## **10. VISKA, STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK**

Innan veggja Háskólans í Reykjavík er starfrækt félag stúdenta, Viska sem hefur það hlutverk að gæta og vinna að hagsmunum stúdenta og halda uppi góðu félagslífi. Á hverju ári kjósa stúdentar fulltrúa úr sínum röðum sem sitja í stjórn félagsins. Allir sem skrá sig í stúdentafélagið ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Fyrst er að nefna hinar svokölluðu vísindaferðir sem felast í því að framsækin fyrirtæki bjóða stúdentum í heimsókn til að kynna sig og sína starfsemi. Þessar ferðir eru ákaflega vinsælar og því farnar viku- eða hálfsmánaðarlega. Aðrir stórir atburðir sem félagið stendur fyrir eru t.d. viðskiptaþing, árshátíð, jólahlaðborð og íþróttamót og íþróttuferðir. Viska vinnur náið með skólastjórninni að ýmsum verkefnum og kemur einnig mikið að kynningu skólans þar sem markmiðið er að fá enn fleiri úrvalsnemendur til að sækja um skólavist.

Nánari upplýsingar um starfsemi Visku er að finna á heimasíðu félagsins, <http://www.viska.is>.

## **11. RU ALUMNI**

RU Alumni, RUA, er þverfaglegt tengslanet og samtök þeirra sem lokið hafa prófgráðu frá Háskólanum í Reykjavík og forverum hans, Viðskiptaháskólanum í Reykjavík og Tölvuháskóla Verslunarskóla Íslands.

### **Hlutverk félagsins er:**

1. Að auka veg og virðingu Háskólans í Reykjavík
2. Að styðja við samfélagsmyndun og efla tengslanet meðal útskrifaðra nemenda og skapa félagsmönnum frekari tækifæri til tengslamyndunar í atvinnulífinu.
3. Að viðhalda tengslum nemenda og skólans að útskrift lokinni.
4. Að standa vörð um sameiginlega hagsmuni útskrifaðra nemenda og veita stjórnendum skólans aðstoð og aðhald við frekari uppbyggingu og þróun.
5. Að halda utan um og úthluta fjármunum úr sjóðum samtakanna.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu HR, [www.ru.is](http://www.ru.is).

## 12. STARFSFÓLK

### Rektor

Guðfinna S. Bjarnadóttir 510-6230 gudfinna@ru.is

### Forseti lagadeildar

Þórður S. Gunnarsson 510 6241 thordurg@ru.is

### Kennarar LD

Aðalsteinn E. Jónasson 510 6281 adalsteinn@ru.is  
Einar Páll Tamimi 510 6200 einar@ru.is  
Guðrún Gauksdóttir 510 6298 gudrungauks@ru.is  
Jón Steinar Gunnlaugsson 510 6279 jonsteinar@ru.is  
Ragnhildur Helgadóttir 510 6282 ragnhildurh@ru.is

### Stundakennarar LD

Halldór Jónsson 590 2600 halldorj@ru.is  
Jóna Björk Helgadóttir jona@ru.is  
Kristinn Freyr Kristinsson 550 5300 kristinnkr@ru.is  
Jóhannes R. Jóhannsson 562 6969 johannesj@ru.is  
Ólafur Finnbogi Haraldsson 590 2600 olafur@ru.is  
Matthías G. Pálsson 545 9900 matthias@ru.is  
Þórólfur Jónsson 540 0300 thorolfur@ru.is

### Forseti tölvunarfræðideildar

Hrafn Loftsson 510-6227 hrafn@ru.is

### Deildarfulltrúi TD

Katrín Jónsdóttir 510-6286 katrin@ru.is

### Kennarar

Ágúst Valgeirsson 510-6223 agust@ru.is  
Ásrún Matthíasdóttir 510-6272 asrun@ru.is  
Björk Ragnarsdóttir 510-6225 bjork@ru.is  
Björn Þór Jónsson 510-6240 bjorn@ru.is  
Gísli Hjálmtýsson 692-0208 gisli@ru.is  
Halldór Halldórsson 510-6224 halldor@ru.is  
Hallgrímur Arnalds 510-6243 hallgrimir@ru.is  
Heimir Þór Sverrisson 510-6228 heimir@ru.is  
Jón Freyr Jóhannsson 510-6265 jonfreyr@ru.is  
Kári Harðarson 510-6215 karih@ru.is  
Marta Kristín Lárusdóttir 510-6264 marta@ru.is  
Ólafur Andri Ragnarsson 510-6206 andri@ru.is  
Ragnhildur B. Konráðsdóttir 510-6242 ragnhild@ru.is  
Sigurjón B. Hákonarson 510-6287 sigurjon@ru.is

### Sérfræðingar

Björn Brynjúlfsson 510-6247 bjorninn@ru.is  
Ólafur Ragnar Helgason 510-6246 olafurr@ru.is

## Stundakennarar

Arnaldur Gylfason	arnaldur@ru.is
Bergur Jónsson	bergur@ru.is
Bjarki Brynjarsson	bab@ru.is
Daniel Brandur Sigurgeirsson	dabs@ru.is
Davíð Arnar Þórsson	daat@ru.is
Erlendur Smári Þorsteinsson	erlendur@ru.is
Gisli Ólafsson	gislio@ru.is
Friðjón Guðjohnsen	fridjon@ru.is
Hilmar Karlsson	hilmark@ejs.is
Sigrún Eva Ármannsdóttir	sea@ejs.is
Þorsteinn Guðbrandsson	thorstg@ru.is

## Forseti viðskiptadeildar

Agnar Hansson	510-6261	agnar@ru.is
---------------	----------	-------------

## Forstöðumaður BS-náms

Þórunna Jónsdóttir	510-6256	thoranna@ru.is
--------------------	----------	----------------

## Forstöðumaður MBA-náms

Þórdís Sigurðardóttir	510-6285	thordis@ru.is
-----------------------	----------	---------------

## Verkefnastjóri BS-náms

Kristín Leopoldína Bjarnadóttir	510-6284	kristinl@ru.is
---------------------------------	----------	----------------

## Verkefnastjóri MBA-náms

Kristrún Auður Viðarsdóttir	510-6262	kristrunv@ru.is
-----------------------------	----------	-----------------

## Fastir kennarar

Ásta Bjarnadóttir	510-6277	asta@ru.is
Bjarni Snæbjörn Jónsson		bjarni@img.is
Finnur Oddsson	510-6276	finnur@ru.is
Halla Tómasdóttir	510-6255	halla@ru.is
Jóhann V. Ívarsson	510-6239	johann@ru.is
Jón Ormur Halldórsson	510-6271	jon@ru.is
Kári Sigurðsson	510-6244	kari@ru.is
Loftur Ólafsson	510-6253	loftur@ru.is
Lúðvík Eliasson	569-9679	ludvik.eliasson@sedlabanki.is
Ólafur Þór Jóhannesson	550-5340	olafurth@ru.is
Rögnvaldur J. Sæmundsson	510-6294	rjs@ru.is
Vivienne Heng Ker-ni	510-6260	vivienne@ru.is
Þórarinn G. Pétursson	569-9692	thorarinn@ru.is

## Sérfræðingar

Anna Þorbjörg Jónsdóttir	510-6245	anna@ru.is
Arndís Thorarensen	510-6238	arndist@ru.is
Auður Arna Arnarsdóttir		auduraa@ru.is
Guðrún Mjöll Sigurðardóttir	510-6278	gudrun@ru.is

## Stundakennarar

Agnar Olsen	580-3000	agnarmo@ru.is
Arnar Jónsson		arnar.jonsson@landsbanki.is
Árni Halldórsson	510-6223	arnih@ru.is
Árni Harðarsson	580-3000	ah@deloitte.is
Ásmundur Helgason		asmundur@abx.is
Baldvin Björn Haraldsson		baldvin.haraldsson@ is.landwellglobal.com
Guðmundur Þ. Guðmundsson		gudmundur.gudmundsson@isb.is
Hálfðan Guðni Gunnarsson	512-1000	halfdan@agr.is
Helgi Jóhannesson		helgij@lex.is
Hrefna Bachmann		hrefnab@siminn.is
Ketill Berg Magnússon		ketill@simi.is
Magnús Arni Skúlason		magnusas@ru.is
Pálmi Pétursson	512-1024	palmi@agr.is
Sigurður Jóhannesson		sjz@hi.is
Styrmir Þór Bragason		styrmir.bragason@landsbanki.is
Tómas Ottó Hansson		toh@isholf.is
Tryggvi Tryggvason		tryggvi.tryggvason@landsbanki.is

## Framkvæmdastjóri Stjórnendaskóla HR

Hanna Katrín Friðriksson	510-6275	hannakatrin@ru.is
--------------------------	----------	-------------------

## Verkefnastjórar

Anna Margrét Marinósdóttir	510-6289	annam@ru.is
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir	510-6259	tobba@ru.is
Þór Clausen	510-6288	thorc@ru.is
Þórður Víkingur Friðgeirsson	510-6251	thordurv@ru.is

## Verkefnafulltrúi

Ásta Guðrún Jóhannsdóttir	510-6296	astagudrun@ru.is
---------------------------	----------	------------------

## Bókasafn og upplýsingaþjónusta

Guðrún Tryggvadóttir, forstöðumaður	510-6236	gudrunt@ru.is
Erna Jóna Gestsdóttir, bókasafnsfræðingur	510-6235	ernaj@ru.is
Gunnðis Gunnarsdóttir, bókaþjófur	510-6249	gunndis@ru.is
Anna Kristín Stefánsdóttir, bókaþjófur	510-6249	annast@ru.is

## Fjarkennslustjóri

Ásrún Matthíasdóttir	510-6272	asrun@ru.is
----------------------	----------	-------------

## Námsráðgjöf

Björg Birgisdóttir	510-6232	bjorg@ru.is
Karen Björnsdóttir	510-6295	karenb@ru.is

## Nemendaskipti

Björg Birgisdóttir	510-6232	bjorg@ru.is
--------------------	----------	-------------

## Fjármálastjórn

Jóhann Hjartarson, fjármálastjóri	510-6233	johannh@ru.is
Anna Kristín Kristinsdóttir, bókarí	510-6270	annak@ru.is



## Viðskiptatengsl

Þórir Hrafnsson, forstöðumaður	510-6222	thorir@ru.is
Sigurþór Gunnlaugsson, verkefnastjóri	510-6280	sigurthor@ru.is
Sólrun Smáradóttir, verkefnastjóri	510-6257	solrun@ru.is

## Rannsóknarmiðstöð

Elisabet M. Andrésdóttir, verkefnisstjóri	510-6269	elisabet@ru.is
Hjördís Hendriksdóttir	510-6269	hjordis@ru.is

## Tölvu- og upplýsingasvið

Ingimar Þór Friðriksson, framkvæmdastjóri	510-6266	ingimar@ru.is
Arnar Egilsson, þjónustustjóri	510-6231	arnar@ru.is
Ellert Ingi Harðarson, tæknistjóri	510-6274	ellert@ru.is
Jóhannes H. Steingrímsson, þróunarstjóri	510-6273	johannes@ru.is
Rúnar V. Jensson, kerfisstjóri	510-6220	runar@ru.is

## Þjónustu- og rekstrarsvið

Kristín Hulda Sverrisdóttir, þjónustu- og rekstarstj.	510-6254	kristinhulda@ru.is
Guðrún Gyða Ólafsdóttir, þjónustufulltrúi	510-6268	gyda@ru.is
Hjörtur Þór Gunnarsson, yfirmaður fasteigna	820-6263	hjortur@ru.is
Halldóra María Hauksdóttir, þjónustufulltrúi	510-6216	dora@ru.is
Inga Dóra Halldórsdóttir, þjónustufulltrúi	510-6258	ingad@ru.is
Ingimunda Maren Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi	510-6221	inda@ru.is
Jóhanna Ólafsdóttir, þjónustufulltrúi/tengill VD	510-6267	johanna@ru.is
Steinn Jóhannsson, yfirmaður nemendabókhalds	510-6291	steinn@ru.is
Þóra Ingibjörg Guðnadóttir, þjónustufulltrúi/tengill TD og LD/prófstjóri	510-6248	thora@ru.is
Erna Heiðrún Jónsdóttir, þjónustufulltrúi (hlutastarf)		ernah@ru.is
Þorbjörg Daphne Hall, þjónustufulltrúi (hlutastarf)		thorbjorg@ru.is
Halldóra Gordon, ræstingastjóri		halldora@ru.is
Borghildur H. Bjarnadóttir, ræstir		
Margrét Víkingsdóttir, ræstir		
Sunneva Kjartansdóttir, ræstir		
Vaka Hjaltalín, ræstir		
Þórunn Víkingsdóttir, ræstir		

## Mötuneyti

Þórarinn Finnbogason	510-6237	baunin@ru.is
Jón Þór Friðgeirsson	510-6237	baunin@ru.is